

**SKOÐUN** Jón Steinsson segir að lágur virðisaukaskattur á matvæli sé úrelt hugmynd. **17**



**MENNING** Ferðasaga leikkonunnar Höllu Vilhjálmsdóttur sem eyddi jólunum á Suðurskautslandinu. **28**



**SPORT** Nýliðinn Bjarki Már Gunnarsson átti mjög flotta innkomu í íslensku vörnina á EM í gær. **30**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**15. janúar 2014**
12. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**




### Íslendingar oft lélegir sölumenn

Andri Heiðar Kristinsson starfar sem þróunarstjóri hjá farsímalausnum SlideShare, fyrirtæki sem LinkedIn keypti í fyrra fyrir 119 milljónir Bandaríkjadala.

**FRÉTTIR**

**Uppfylla þarf kynjakvóta** Stjórnir félaga sem ekki uppfylla ákvæði laga um kynjakvóta fá ekki skráningu hjá hlutafélagaskrá. **2**

**Enn er rifist um klukkuna** Þingmenn hafa komið fram með hugmyndir að breyttum tímareikningi hér á landi. Jafnvitlaust og áður segir sálfræðingur. **4**

**Vilja taka á fölsurum** Formaður VG og þingmaður Sjálfstæðisflokks vilja að ríkið ráðist í sérstakar ráðstafanir gegn fölsun málverka. **6**




**16**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 9 |
| Akureyri | 3° | | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 3° | | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | NA | 5 |
| Reykjavík | 2° | | NA | 8 |

**Áfram fremur hvasst** Í dag má búast við NA 10-18 m/s suðaustantil, á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Heldur hægari vindur annars staðar. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

**Markaðurinn | Fólk**






**SJÁLFSGAGNRÝNINN** „Mér fannst ég fá færi og því tók ég skotið. Kannski var skotið of snemmt og kannski var Kári frír á línunni. Hann var líklega frír. Þetta var lélegt hjá mér," sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson sem tók lokaskotið í 27-27 jafntefli Íslands og Ungverjalands. Skotið var ekki gott og íslenska liðinu mistókst að tryggja sér sigurinn. Umræddur Kári Kristjánsson hugreystir hér Ásgeir Örn í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ein bílaleiga keypti 14% nýrra fólksbíla

Stærsta bílaleiga landsins, Bílaleiga Akureyrar, keypti um þúsund nýja fólksbíla á árinu 2013. Sala á nýjum fólksbílum dróst saman um átta prósent milli ára.

**VIÐSKIPTI** Bílaleiga Akureyrar keypti um eitt þúsund nýja fólksbíla á síðasta ári eða um fjórtán prósent af heildarsölu nýrra fólksbíla. Á sama tíma dróst sala á nýjum fólksbílum saman um átta prósent miðað við árið 2012.

„Við erum stærsta bílaleiga landsins og þurfum að endurnýja flotann um hér um bil þúsund bíla á ári ef við ætlum að halda sjó í samkeppninni," segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar.

Fyrirtækið á um 3.000 bíla yfir háannatímann á sumrin, eða fjórðung allra bílaleigubíla í landinu. Krafan um endurnýjun þýðir að fjöldi bílaleigubíla fer í sölu á almennum markaði á hverju ári.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir þróunina óæskilega því endurnýjun íslenska bílaflotans fer nú að stórum hluta í gegnum bílaleigurnar. Hann segir sölu á nýjum fólksbílum til bílaleiga hafa numið um fjörutíu prósentum af heildarsölu síðasta árs. Hlutfallið var enn hærra árið 2010, eða um sextíu prósent.

> **Uppgangur í ferðaþjónustunni hefur verið stöðugur á síðustu árum og bílaleigurnar hafa blásið út vegna aukinnar eftirspurnar.**
>
> *Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins*

„Uppgangur í ferðaþjónustunni hefur verið stöðugur á síðustu árum og bílaleigurnar hafa blásið út vegna aukinnar eftirspurnar og það er gott mál. Á sama tíma hefur fjölskyldubíllinn setið eftir og flotinn orðið einsleitari því margar bílaleigur nota bíla frá ákveðnum framleiðendum," segir Özur.

Hann segir Bílgreinasambandið spá aukinni sölu á þessu ári og nefnir fimmtán prósenta aukningu í sölu á fólksbílum. - hg / sjá Markaðinn.

Íslenski leikarinn Einar Gunn leikur prest í þakkargjörðarþætti:

## Leikur í Michael J. Fox Show

**SJÓNVARP** **Íslenski leikarinn Einar Gunn leikur prest í sérstökum þakkargjörðarþætti af sjónvarpsseríunni *The Michael J. Fox Show* sem sýndur verður annað kvöld á Stöð 2. Einar hefur búið í Bandaríkjunum síðastliðin 30 ár, þar sem hann vann sem grafískur hönnuður í auglýsingagerð í um það bil 20 ár.**

**Fyrir sex árum ákvað Einar að láta drauminn rætast og hóf feril sem leikari. Hann hefur meðal annars leikið í *A Man For All Seasons* á Broadway og í þáttaröðinni Pioneer One svo eitthvað sé nefnt.** - ósk / sjá síðu 34



EINAR GUNN

Bjórsmekkur Íslendinga þróast mikið á stuttum tíma segir bjóráhugamaður:

## Tvöfalt fleiri tegundir á sjö árum

**VERSLUN** Nær tvöfalt fleiri bjórtegundir eru seldar í vínbúðum ÁTVR nú samanborið við úrvalið árið 2007. Minna selst af bjór nú en fyrir sjö árum.

„Ég held að smekkur Íslendinga hafi þroskast," segir Stefán Pálsson bjóráhugamaður. Hann segir líklegt að vinsældir árstíðabundinna bjóra á borð við jólabjóra, þorrabjóra og páskabjóra skýri þessa þróun að miklu leyti.

Hann segir áhuga Íslendinga á jólabjór hafa verið sérstaklega mikinn, og líkir áhuganum við múgsefjun. Fólk sem almennt drekki frekar einfalda, ljósa lagerbjóra stígi út fyrir þægindarammann og prófi flóknari bjóra þegar þessir árstíðabundnu bjórar séu í sölu.

Stefán bendir einnig á að eftir hrun flytji innflytjendur frekar lítið inn af erlendum gæðabjór. - bj / sjá síðu 6



**MIKIÐ ÚRVAL** Íslendingar geta valið úr 321 vörunúmeri af bjór. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










## SPURNING DAGSINS



Hafsteinn, er þetta kannski emír í Kattholti?

**„Já, enda skipulagt af Svíum.“**

Hafsteinn Pétursson er jarl víkingafélagsins Rimmugýgjar sem er á leið á víkingahátíð í Dúbaí í boði emírs þar.

Formaður Félags grunnskólakennara segir að bæta þurfi stuðning við börn:

# Verkefni kennara orðin of mörg

**MENNTAMÁL** Niðurstöður rannsóknar, sem sýna að börn á gráu svæði fái ekki nægan stuðning í grunnskólum, koma Ólafi Loftssyni, formanni Félags grunnskólakennara, ekki á óvart. Fram kemur gagnrýni á að fjármagn vanti til að hægt sé að framkvæma hugmyndafræðina að baki skóla án aðgreiningar.

„Menn virðast ekki horfast í augu við að það þarf að koma svo miklu meira til ef við eigum að geta sinnt öllum þessum nemendum og veitt þeim nauðsynlegan stuðning,“ segir Ólafur. „Kennarar sinna svo mörgum öðrum verkefnum en kennslu, verkefnum sem ættu að heyra undir félagsmálayfirvöld og jafnvel heilbrigðiskerfið.“



ÓLAFUR LOFTSSON

Ólafur segir tvær leiðir í boði sem gætu bætt þjónustu grunnskólans. „Það þyrfti aukið fjármagn til að kennarinn geti sinnt öllum þessum verkefnum, hann þyrfti að kenna færri stundir og/eða vera með færri nemendur. Hin leiðin er að horfast í augu við að við séum komin of langt með þessa hugmyndafræði, spóla til baka og fækka þessum ætluðu verkefnum kennara.“

Ólafur segir niðurstöður síðustu Pisa-könnunar sýna að nemendum virðist almennt líða vel í grunnskólum landsins og að mörgum verkefnum sé sinnt vel, og þá jafnvel á kostnað námsþáttanna. - ebg

Engin komugjöld sjúklinga:

# 292 læknar með samning

**HEILBRIGÐISMÁL** Ljóst er hvaða læknar eiga aðild að rammasamningum sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). Lista yfir læknana má finna á heimasíðu SÍ en alls eru þeir 292. Læknar höfðu frest til 10. janúar til þess að segja sig inn á samninginn en enn gætu fleiri bæst við.

Nýr samningur leiðir oft til minni kostnaðar sjúklinga. Engin komugjöld verða hjá læknum sem vinna samkvæmt samningnum. - ebg



**UMDEILDUR** Jonathan Goodluck, forseti Nígeríu, hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að samþykkja lögin. Nordicphotos/AFP

Stjórnvöld í Nígeríu banna hjónabönd samkynhneigðra:

# Samkynhneigðir handteknir

**NÍGERÍA, AP Tugir samkynhneigðra voru handteknir í Nígeríu í gær eftir að lögregla hóf að framfylgja nýsamþykktum lögum um bann við giftingum samkynhneigðra og þátttöku í samtökum samkynhneigðra þar í landi. Lögin hafa verið fordæmd víða en forseti Nígeríu, Jonathan Goodluck, skrifaði undir lögin í síðustu viku.**

**Allt að 14 ára fangelsi liggur við hjónabandi samkynhneigðra og allt að tíu ára fangelsi liggur við þátttöku í samtökum sem tengjast réttindabaráttu samkynhneigðra. Talsmaður forsetans segir lögin í takt við menningar- og trúarviðhorf almennings í Nígeríu og að fólk þar í landi sé almennt ánægt með lögin.** - eh

Björgunarþyrla fórst í Noregi:

# Þyrlan rakst á háspennulínu

**NOREGUR** Tveir létu lífið og einn slasaðist alvarlega í þyrluslysi í Noregi í gær þegar björgunarþyrla reyndi að lenda nærri bíl sem hafði oltið í Baskerud-héraði. Verdens Gang greinir frá þessu.

Flugmenn þyrlunnar reyndu að lenda á slysstað en þyrlan flaug á háspennulínu sem lá meðfram veginum. Áður höfðu björgunarmenn á vettvangi reynt að ná sambandi við flugmenn þyrlunnar án árangurs en tildrög slyssins eru nú rannsökuð. Um tíu prósent flugslysa í Noregi má rekja til þess að flogið er á háspennulínu. - eh

Ekkert lát á mannfalli í Írak:

# 233 látnir það sem af er árinu

**ÍRAK, AFP** Að minnsta kosti átta létu lífið í Bagdad í gær í árásum víðs vegar um borgina. Á meðal hinna föllnu var dómari en vígamenn skutu hann og bílstjóra hans til bana. Þá sprakk smárúta í sjíthaverfinu Sadr City með þeim afleiðingum að þrír létu lífið og átta særðust.

Í Abu Ghraib í vesturhluta borgarinnar voru síðan tveir hermenn skotnir til bana og tveir aðrir særðust í bíláräs sem gerð var á hereftirlitsstöð. Að minnsta kosti 233 hafa látið lífið á þessu ári í ölðinni sem geisar í Írak. - eh

# Skrá aðeins stjórnir sem uppfylla kvóta

Stjórnir sem uppfylla ekki kynjakvóta fá ekki skráningu hjá Hlutafélagaskrá. Óskráð stjórn hefur áhrif á starfsemi fyrirtækis og rýrir trúverðugleika þess. Vandkvæði eru við eftirlit með lögum um kynjakvóta þar sem þau þykja ekki skýr.

**VIÐSKIPTI** Hlutafélagaskrá tekur ekki við tilkynningum um breytingar á stjórnum nema þær uppfylli skilyrði laga um kynjakvóta. Fáist stjórn ekki skráð hjá Hlutafélagaskrá hefur það meðal annars áhrif á möguleika fyrirtækja til samningsgerðar.

„Við reynum að tryggja það að þegar nýjar tilkynningar koma þá uppfylli þær þessar skilgreiningar laganna. Stjórn verður ekki skráð nema hún uppfylli skilyrðin,“ segir Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráarsviðs Ríkisskattstjóra.

Skúli segir ekki traustvekjandi fyrir félag ef stjórn þess er ekki löglega skráð. Þá geti það stöðvað gerð samninga, ef stjórnin sem skrifar undir er ekki sú sama og skráð er hjá Hlutafélagaskrá.

Samkvæmt lögum um kynjakvóta, er Hlutafélagaskrá ætlað að halda utan um upplýsingar um hlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja sem eru með fleiri en fimmtíu starfsmenn.

Ekki er haldið utan um kynjahlutföllin hjá þeim fyrirtækjum, sem falla undir lögin. Skúli segir ástæðuna meðal annars vera þá að tölvukerfi Ríkisskattstjóra gerir ekki ráð fyrir skráningu fjölda starfsmanna. Hann segir samantekt upplýsinganna því kosta töluverða vinnu.

Skúli segir stærra vandamál vera að skilgreining laganna á fjölda starfsmanna er óskýr. „Talað er um 50 starfsmenn sem starfa að jafnaði á ársgrundvelli. En hvað er átt við? Þetta er mjög loðin skilgreining,“ segir Skúli.

Skúli segir ekki vitað hvort einhverjum tilkynningum um stjórnarbreytingar hafi þegar verið hafnað á grundvelli laga um kynjakvóta. „Í hverri viku þarf að hafna eða fá leiðréttar fjölda tilkynninga um breytingar á skráningarskyldum atriðum hjá fyrirtækjum en Hlutafélagaskrá heldur ekki utan um ástæður þess að tilkynningunum er hafnað.“ eva@frettabladid.is




**RÍKISSKATTSTJÓRI** Hlutafélagskrá tekur ekki við tilkynningum um stjórnir nema þær standist skilyrði um að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40 prósent.

## Óskýr ákvæði um starfsmannafjölda

Kveðið er á um í lögum um kynjakvóta í stjórnum að þau taki til fyrirtækja „með 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli“. Ekki þykir ljóst hvernig túlka eigi lögin – hvort telja eigi einstaklinga á tilteknum tímapunkti, eða jafnvel ársverk að jafnaði yfir tiltekið árabil.

Forsvarsmenn félaga bera ætíð ábyrgð á þeim tilkynningum sem sendar eru til fyrirtækjaskrár. Í þeim tilvikum sem tilkynnt hefur verið um stjórnir eftir gildistöku kynjakvótaákvæðisins hefur Hlutafélagaskrá aflað upplýsinga frá félögunum sjálfum um starfsmannafjölda þeirra og þá litið meðal annars til síðustu ársreikninga. Flestar tilkynningar berast í kringum aðalfundi á vorin, samkvæmt upplýsingum frá hlutafélagaskrá.




Skipulagsstofnun heimilar færslu á ósi Lagarfljóts án umhverfismats:

# Færa jökulós um þrjá kílómetra

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun ætlar nú í janúar og febrúar að færa ós Lagarfljóts um þrjá kílómetra til suðurs og til þess horfs sem hann var jafnan áður.

Frá því Kárahnjúkavirkjun var tekin í gagnið hefur sameiginlegur ós Lagarfljóts og Jökulsár á Dal fært sig sífellt norðar í Héraðsflóa og er nú talinn ógna bæði fiskgengd í Fögruhlíðará og gróðri.

„Gert er ráð fyrir að grafa um 200 metra langan og tíu metra breiðan skurð í gegnum fjörukambinn. Botn skurðarins nær um einn metra niður fyrir meðalsjávarhæð. Gert er ráð fyrir að árvatnið grafi síðan nýja ósinn út samhliða því að brimið loki núverandi ósi,“ segir Landsvirkjun.

Fyrir jól veitti Orkustofnun leyfi til framkvæmdanna og í kjölfarið kynnti Skipulagsstofnun þá niðurstöðu að þær skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Þá liggur fyrir leyfi Fiskistofu. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs hvetur til að ósinn verði færður áður en vatnsrennsli eykst í Jöklu og Lagarfljóti vegna vorleysinga. - gar



**VIÐ HÉRAÐSFLÓA** Frá því myndin var tekin 2004 hefur ós Lagarfljóts og Jöklu færst hratt í átt að Fögruhlíðará næst okkur á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

E&Co.




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg, opið 10-19. Geysir Akureyri, opið 11-18. www.geysir.com Sími 519 6000.

## SVONA ERUM VIÐ




**87,5%** **af umbúðum utan um drykkjarvörur sem eru með skilagjaldi skiluðu sér á árinu 2012.**

**Hlutfallið var hæst 90% af áldósum, 87% af plastflöskum og 81% af glerflöskum.** *Heimild: Endurvinnslan*

Spurði forsætisráðherra um dreifingu niðurfærslu ríkisstjórnarinnar:

# Segir ekki hægt að meta áhrifin

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir ekki hægt að meta áhrif af lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána á mismunandi hópa.

Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Árna Páls Árnasonar, formanns Samfylkingarinnar, á Alþingi. Árni Páll óskaði eftir skýringum á áhrifunum á fólk eftir því hversu hátt hlutfall það skuldar í húsnæði, hversu margir með yfir 100 prósent skuldahlutfall komist undir þau mörk, og fleira.



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Forsætisráðherra segir engin gögn til sem geti sagt til um áhrifin á mismunandi hópa. Notast hafi verið við framtalsupplýsingar frá Ríkisskattstjóra við mat á umfangi aðgerðanna, en á næstunni verði frekari upplýsingum safnað um dreifingu leiðréttingarinnar.

Sigmundur Davíð ítrekar að aðgerðirnar séu ekki félagsleg úrræði heldur sé þeim ætlað að taka á vanda sem sé til kominn vegna ófyrirsjáanlegrar hækkunar höfuðstóls verðtryggðra lána. Þær eigi að nýtast öllum, óháð tekjum, skuldum og fjárhagsstöðu að öðru leyti. **- bj**

Dreamliner í vandræðum:

# Gas kom frá rafhlöðu í þotu

**BANDARÍKIN, AP** Vandræðagangur vegna rafhlaðna í Boeing 787 Dreamliner-þotum hefur tekið sig upp á ný. Í gær kom í ljós gasleki frá rafhlöðu í þotu þar sem hún stóð á flugvelli í Tókýó í Japan.

Boeing segir atvikið hafa uppgötvast í reglubundnu viðhaldi. Engir farþegar voru um borð.

Fyrir ári kviknaði eldur í lithíum-rafhlöðu í Dreamliner-vél á flugvelli í Bandaríkjunum og níu mánuðum síðar nauðlenti ein vegna reyks frá rafhlöðu. **- óká**



**REYÐARFJÖRÐUR** Gjaldskrár óbreyttar í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stuðla að stöðugu verðlagi:

# Aflýsa hækkun í Fjarðabyggð

**SVEITARSTJÓRNIR** Gjaldskrárhækkanir Fjarðabyggðar sem snúa að barnafólki hafa verið dregnar til baka. Á þetta við um gjaldskrár leikskóla, skóladagheimila og tónskóla. Gjaldskrárnar áttu að hækka um þrjú til tíu prósent. Þá var ekki gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrám í mötuneytum, íþróttamiðstöðvum og skíðamiðstöð fyrir yngri en 18 ára. „Sveitarfélagið Fjarðabyggð vill stuðla eins og nokkur kostur er að stöðugu verðlagi í landinu,“ segir bæjarráðið. **- gar**

Nafn stúlkunnar sem lést:

# Anna Jóna Sigurbjörnsdóttir

**UMFERÐ** Stúlkan sem lést í umferðarslysinu á Vesturlandsvegi við Fornahvamm í Norðurárdal síðastliðinn sunnudag hét Anna Jóna Sigurbjörnsdóttir, búsett á Sauðárkróki. Hún var sextán ára gömul, fædd 18. janúar 1997, og var nemandi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Vinir Önnu Jónu stóðu fyrir minningarathöfn við Fjölbrautaskólann í gær. Nemendur Árskóla og Fjölbrautaskólans tóku þátt í athöfninni, ásamt starfsfólki og fleiri bæjarbúum. **- skó**

# Bitist um klukkuna á Alþingi

**Þingmenn hafa komið fram með hugmyndir að breyttum tímareikningi á Íslandi. Þeir eru þó ekki sammála um í hvora áttina eigi að fara. Rök hníga ýmist að betri nýtingu birtutíma eða að fylgja skuli líkamsklukkunni.**

**STJÓRNMÁL** Reglulega koma fram hugmyndir á Alþingi um að breyta tímareikningi á Íslandi, en ekki eru allir sammála um hvort flýta eigi klukkunni eða seinka henni.

Vilhjálmur Egilsson, rektor á Bifröst og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði í þrígang fram frumvarp til laga á Alþingi um breytingu á tímareikningi, sem gerði ráð fyrir að flýta klukkunni yfir sumartímann til samræmis við reglur um sumartíma í Evrópu.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Vilhjálmur segist enn bera þetta mál fyrir brjósti þrátt fyrir að fjórtán ár séu liðin síðan hann lagði frumvarp sitt síðast fram. Hann hefur bent á fjölmarga kosti þess að flýta klukkunni, meðal annars áhrifin á útiveru landans eftir að vinnudegi lýkur. „Birtan nýtist betur á kvöldin fram á haust, sem gagnast vel golfurum og öðrum sem vilja vera úti við,“ segir hann.

Vilhjálmur hefur jafnframt bent á að ef klukkunni yrði flýtt yrði samskiptatími við Evrópu sá sami allt árið og ekki þyrfti að breyta flugáætlunum á sumrin. Þá segir í frumvarpi Vilhjálms frá árinu 2000 að ef klukkunni yrði flýtt geti „skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu“.

Þingflokkur Bjartrar framtíðar lagði á síðasta ári til að klukkunni verði seinkað um eina klukkustund allt árið, sem þýðir að Íslendingar myndu vakna klukkutíma seinna á daginn heldur en þeir gera núna.

Þeirri tillögu til stuðnings er vísað til rannsókna sem leitt hafi í ljós að líkamsklukka fólks stilli sig eftir birtutíma. Þá hafi skammdegið slæm áhrif á árstíðabundið þunglyndi sem gjarnan komi fram á haustin og veturna. Breytt klukka myndi samkvæmt því bæta líðan, laga svefnvenjur og jafnvel spara útgjöld í heilbrigðiskerfinu vegna svefn- og þunglyndislyfja.

Vilhjálmur er vitaskuld ekki sammála rökum Bjartrar framtíðar. „Þessar rannsóknir á þunglyndi sem vísað er til eru svo þröngar. Það mætti allt eins draga þá ályktun að fólk á Vesturlandi sé almennt þunglyndara heldur en fyrir austan,“ segir Vilhjálmur, sem sendi Alþingi umsögn um tillögu Bjartrar framtíðar þegar hún kom fram.

„Í tillögunni hefur heldur ekki verið metið hvaða áhrif útivist og íþróttir hafa á heilsu fólks og hvað myndi tapast ef takmarka ætti birtutímann í eftirmiðdaginn,“ bendir hann á að lokum.

eva@frettabladid.is

**„Í tillögunni hefur heldur ekki verið metið hvaða áhrif útivist og íþróttir hafa á heilsu fólks og hvað myndi tapast ef takmarka ætti birtutímann í eftirmiðdaginn.**

## → Tillögur að breyttum tímareikningi á Íslandi




**Tillaga Bjartrar framtíðar** 2013

**Seinka klukkunni um eina klukkustund allt árið**

- Morgnarnir bjartir langt fram í nóvember
- Morgnarnir byrja aftur að verða bjartir síðari hluta janúar
- Tíminn verður í meira samræmi við líkamsklukkuna
- Minna um þreytu og skammdegisþunglyndi

**Tímabeltið sem Ísland fylgir nú**

Samkvæmt landfræðilegri legu er liggur Ísland í raun ekki á Greenwich tímabeltinu heldur töluvert vestar, eða þar sem tillaga Bjartrar framtíðar gerir ráð fyrir að tímabeltið verði eftir breytingu.

**Tillaga Vilhjálms Egilssonar** 2000

**Flýta klukkunni um eina klukkustund yfir sumartíma**

- Dagurinn er tekinn fyrr á sumrin og vinnutíma lýkur fyrr
- Skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu
- Betri birtuskilyrði fyrir útivist og íþróttir seinnipartinn

## Jafnvitlaust og áður að flýta klukkunni



**JÚLÍUS K. BJÖRNSSON**

Júlíus K. Björnsson sálfræðingur gagnrýndi harðlega tillögur Vilhjálms Egilssonar um að flýta klukkunni árið 1996. Júlíus starfaði áður við rannsóknir og meðferð svefntruflana á geðdeild Landspítalans um 15 ára skeið og taldi hann það auka enn á svefnvanda Íslendinga ef klukkunni yrði flýtt. Hann er enn á sömu skoðun.

„Þessi hugmynd er jafnvitlaus nú og hún var þá,“ segir Júlíus. Hann segist hins vegar mjög fylgjandi hugmynd Bjartrar framtíðar um að seinka klukkunni um klukkustund. „Það hefur komið fram í öllum könnunum um svefnvenjur Íslendinga að þeir sofna klukkustund seinna og vakna klukkustund seinna heldur en fólk í Skandinavíu, þar sem klukkan er í samræmi við líkamsklukku fólks,“ segir hann en samkvæmt landfræðilegri stöðu landsins ætti alltaf að vera tveggja tíma munur á Íslandi og Evrópu.

Afleiðinguna segir hann fyrst og fremst vera að fólk sé ekki eins hresst á morgnana, en fullhresst á kvöldin. „Líkamsklukkan endurstillist á hverjum sólarhring miðað við birtustig. Við könnumst við þetta þegar við fljúgum til útlanda. Það tekur tíma að jafna sig, sérstaklega þegar flogið er til austurs,“ segir Júlíus og segir hann aðlögunarhæfni fólks minnka með aldrinum.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGIR SMÁM SAMAN** Í dag verður áfram fremur hvasst SA-til, á Snæfellsnesi og Vestfjörðum en fremur hægur vindur norðan- og austanlands. Það lægir til morguns og á föstudaginn verður fremur hægur vindur inn til landsins.




**Á morgun**
15-18 m/s SA-til, annars hægari.




**Föstudagur**
Hægur vindur inn til landsins.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Berlín | 3° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 20° | New York | 8° | París | 10° |
| Aþena | 17° | Billund | 4° | Gautaborg | 4° | London | 12° | Orlando | 20° | San Francisco | 18° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 16° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | -2° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÉG VALDI EKKI
ÞESSA ÁSKORUN
EN ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR
Við byggjum upp fólk til að takast á við lífið eftir áföll
Tryggðu þér vinanúmer núna á
www.sibs.is eða í síma 560 4800
DRÖGUM
Á MORGUN
HAPPDRÆTTI
SÍBS
... fyrir lífið sjálft

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvert munu 15 íslenskir nútímavíkingar halda á víkingahátíð í mars?
**2.** Hvaða evrópska tónlistarhátíð hefst í dag?
**3.** Til heiðurs hvaða umdeilda þjóðarleiðtoga var haldin minningarathöfn í Jerúsalem á mánudag?

**SVÖR:**
**1.** Dúbaí. **2.** Eurosonic-hátíðin. **3.** Ariel Sharon.

Formaður Vinstri grænna og þingmaður Sjálfstæðisflokks vilja vernda íslenska menningararfleifð:

# Ríkið rannsaki og kæri málverkafalsanir

**STJÓRNMÁL** „Stóra málverkafölsunarmálið“ og niðurstaða þess í Hæstarétti árið 2004 leiddu í ljós ýmsa veikleika á íslenskum listmunamarkaði, þar sem helst til auðvelt virðist að koma fölsuðum myndverkum í umferð og varnir við slíku athæfi reyndust næsta litlar,“ segja flutningsmenn þingsályktunartillögu um ráðstafanir gegn málverkafölsun.



Þau Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segja markmið tillögu sinnar að „verja listamenn og listaverkaeigendur fyrir fjárhagstjóni vegna falsana og ekki síður til að vernda íslenska menningararfleifð fyrir þeim spellvirkjum sem falsanir fela í sér“.

Katrín og Vilhjálmur segja talið að á 10. áratug síðustu aldar hafi allt að 900 fölsuð málverk og teikningar gengið kaupum og sölum á Íslandi. Þau vilja að mennta- og menningarmálaráðherra skipi starfshóp með fulltrúum ráðuneytisins, Listasafns Íslands, Myndstefs, Bandalags íslenskra listamanna, Sambands íslenskra myndlistarmanna, embættis sérstaks saksóknara, og mennta- og menningarmálaráðuneytis.



„Hlutverk hópsins verður að gera tillögur að ráðstöfunum gegn málverkafölsunum og skilgreiningu á ábyrgð hins opinbera í lögum gagnvart varðveislu þessa hluta menningararfsins. Þá fái hið opinbera frumkvæðisskyldu til að rannsaka og eftir atvikum kæra málverkafalsanir,“ segja Katrín og Vilhjálmur. - gar



**BÆNASTUND** Múslímar á Íslandi biðjast fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjallað um þjóðfélagsbreytingar í Englandi og Wales:

## Tíunda hvert barn er múslími

**ENGLAND Nær tíunda hvert barn undir fimm ára aldri í Englandi og Wales er múslími og er fjöldi þeirra nær tvöfalt hærri en annarra barna á þessum aldri, að því er kemur fram á fréttavef The Times.**

**Til þess að sýna fram á breytingar í þjóðfélaginu er bent á að færri en fimm prósent íbúanna séu múslímar og færri en hálft prósent yfir 85 ára aldri.**

**Haft er eftir David Voas, prófessor við háskólann í Essex, að fyrirsjáanlegt sé að múslímar verði fleiri en kristnir.** -ibs

Reykvíkingar bjarga sér:

## Sækja salt og sand á hálkuna

**REYKJAVÍK** Borgarbúar hafa verið duglegir að sækja sér sand og salt á hverfastöðvarnar og verkbækistöðvar garðyrkjunnar.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir, stjórnandi reksturs og umhirðu borgarlandsins, segir íbúa moka sjálfa í poka sem eru á staðnum eða ílát sem þeir hafa meðferðis.

Hún segir starfsmenn Reykjavíkurborgar leggja sig fram við að sinna vetrarþjónustunni vel. „Við erum ekki fyrr búin með yfirferð en við þurfum að fara aftur því aðstæður hafa breyst,“ segir Guðjóna og hvetur íbúa til að senda inn ábendingar á vef Reykjavíkurborgar. - ebg

Rafmagnsnotkun Dana:

## Yfir 33% frá vindorkuverum

**DANMÖRK** Nær 60 prósent alls rafmagns sem Danir notuðu í desember voru framleidd í vindorkuverum, að því er greint er frá á fréttavef danska ríkisútvarpsins. Rúmlega 33 prósent rafmagns sem notað var yfir árið voru framleidd í vindorkuverum og er það í fyrsta sinn í heiminum sem svo mikið rafmagn er framleitt á þennan hátt.



Þegar logn er kaupir Danmörk enn straum frá nágrannalöndunum. - ibs

# Fjöldi bjórtegunda tvöfaldast á sjö árum

Bjórsmekkur Íslendinga hefur þroskast mikið á síðustu árum segir bjóráhugamaður. Árstíðabundnir bjórar skýra að hluta aukið úrval af bjór í verslunum ÁTVR. Þrír af hverjum fjórum seldum bjórum tilheyra þrjátíu vinsælustu tegundunum.

**VERSLUN** Íslendingar geta nú valið úr næstum tvöfalt fleiri tegundum af bjór í vínbúðum ÁTVR en fyrir sjö árum. Litlar breytingar hafa orðið á magni bjórs sem seldur er, en söluhæstu tegundirnar tapa markaðshlutdeild.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR voru 321 vörunúmer af bjór til sölu í verslununum í fyrra. Sama bjórtegund getur verið á fleiri en einu vörunúmeri sé hún seld í mismunandi umbúðum. Árið 2007 voru vörunúmer í sölu 165. Aukningin er 95 prósent.

Heldur hefur dregið úr bjórsölu á þessum sjö árum. Árið 2007 seldust 15,8 milljónir lítra, en 14,5 milljónir lítra í fyrra.

„Ég held að smekkur Íslendinga hafi þroskast, og það hafi gerst dálítið hratt,“ segir Stefán Pálsson bjóráhugamaður.

Hann segir líklegt að árstíðabundinn bjór fari langt með að skýra þennan fjölda bjórtegunda sem standa Íslendingum til boða. „Það er til dæmis mjög spennandi að sjá hvað jólabjórinn hefur sprungið út á stuttum tíma. Það hefur myndast einhvers konar múgsefjun í kringum hann.“

Stefán bendir á að jólabjór, þorrabjór og páskabjór komi í sölu á tilteknum dögum, og þó það megi ekki auglýsa þá fái þeir gjarnan umfjöllun í fjölmiðlum sem auki á áhuga almennings. Þá fái smærri framleiðendur auðveldari aðgang að verslunum ÁTVR með slíkan bjór en aðrar nýjar tegundir.

„Fullt af fólki sem kaupir sjaldan bjór, eða kaupir einfaldan ljósan lagerbjór, hleypur til og prófar flóknari hluti þegar þessi bjór kemur í sölu,“ segir Stefán.

Á síðustu sjö árum hefur hlutfall 30 söluhæstu vörunúmera í bjór dregist saman. Árið 2007 var 81 prósent af bjórsölu ÁTVR í þrjátíu söluhæstu vörunúmerunum. Í fyrra var hlutfallið komið niður í 75 prósent.

„Þetta segir okkur að obbinn af sölunni eru fáar tegundir sem eru í sölu allt árið, þó það komi kúfar,“ segir Stefán. brjann@frettabladid.is



**ÚRVAL** Alls var 321 vörunúmer af bjór til sölu hjá vínbúðum ÁTVR á síðasta ári. Sama tegund getur verið á fleiri en einu númeri ef umbúðirnar eru mismunandi svo bjórtegundirnar eru færri, en úrvalið er samt mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Flytja frekar inn erlendan gæðabjór

Aðeins tvær af tíu vinsælustu bjórtegundunum á síðasta ári eru innfluttar. Faxe premium er sjötti vinsælasti bjórinn, og Hollandia vermir tíunda sætið. Íslenskir lagerbjórar raða sér í hin átta sætin á topp tíu listanum.

Stefán Pálsson bjóráhugamaður segir að eftir hrun hafi innflutningur á stórum erlendum bjórtegundum dregist verulega saman. Innflutningurinn hafi breyst, nú sé meira um að flutt sé inn lítið magn af erlendum gæðabjór.

### → Vinsælustu bjórarnir 2013

1. Víking Gylltur
2. Víking Lager
3. Egils Gull
4. Thule
5. Viking Lite
6. Faxe Premium
7. Tuborg Gold
8. Tuborg Green
9. Víking Gylltur (33 cl. dósir)
10. Hollandia


vinnustofan.is // 012014



# HEILSA Í HAGKAUP



NÝTT Í HAGKAUP



**BCAA POWER**
Inniheldur 100% Branched Chain Amino Acids (BCAAs). Flýtir fyrir endurhleðslu vöðvanna á milli æfinga. 50 skammtar.

20% AFSLÁTTUR Á KASSA

**PRO V 60**
60gr gæða prótein. Lágmarks sykur innihald. Tilvalið fyrir lágkolvetnakúrinn

**LEAN PRO 8**
Hampað sem bragðbesta próteininu frá Labrada. Inniheldur nauðsynlegar amínósýrur. Varnar vöðvaniðurbroti. Átta mismunandi próteintegundir sem vinna á mismunandi tímum.

20% AFSLÁTTUR Á KASSA

**EFA LEAN** sameinar ólíkar fitusýrur sem styðja við alhliða fitubrennslu, keyrir upp orkuna yfir daginn, styður við vöðvauppbygginguna.

**BA ENDURANCE**
Seinkar vöðvaþreytu
Eykur afköst á æfingum sem flýtir árangri
BA er 100% hreint Beta Alanine

## NÝTT Í HAGKAUP - LABRADA VÖRUR



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## NOW BÆTIEFNI

NOW framleiðir hágæða bætiefni án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna.



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

TILBOÐ 3.351kr/pk v.á. 4189

## PRÓGASTRÓ DDS

Bumban burt með Prógastró, öflugum acidophilus. 100 hylki.



TILBOÐ 399kr/pk v.á. 529

NÝBAKAÐ

lífrænt

## LÍFRÆNT SÓLKJARNABRAUÐ

Lífrænt brauð með sólkjörnum, einstaklega bragðgott og tilvalið fyrir þá sem kjósa lífrænt.

NÝTT Í HAGKAUP



TILBOÐ 5.039kr/pk v.á. 5599

10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## ATERONON TÓMATTAFLAN

Lækkaðu kólesterólið á náttúrulegan hátt. Inniheldur líffræðilega virka Lycopen-blöndu. Lycopen er andoxunarefni sem er unnið úr tómötum og öðrum rauðum ávöxtum.



TILBOÐ 1.989kr/pk v.á. 2.269

## BIO-KULT CANDÉA

hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.



GOTT VERÐ 899kr/pk

## TVENNA FRÁ LÝSI



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## GULI MIÐINN VÍTAMÍN

Stendur alltaf fyrir sínu og heldur fjölskyldunni heilbrigðri.



## BURGER

Enginn viðbættur sykur. Ekkert ger.



GOTT VERÐ 229kr/stk

## SMOOCH

Ávaxtaskvísur með chiafræjum, andoxunarefnum og omega 3, 100% náttúrulegt.

NÝTT Í HAGKAUP



## NUTRA VÍTAMÍN

15 tegundir af bætiefnum fyrir fjölskylduna. B, D, C, fjölvítamín, kalk, magnesíum ofl.



10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## MS SKYR.IS

Gildir til 19. janúar á meðan birgðir endast.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

24 Hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tveir árgangar eru ófundnir:

## Smásíld fannst í Hvammsfirði

**ÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun fór til rannsókna í Hvammsfirði vegna frétta um síld þar, rétt fyrir jól. Niðurstöður mælinga sýndu umtalsvert magn af smásíld úr árgangi 2012 í firðinum, en hins vegar var ekkert af veiðistofninum eins og vænst hafði verið.

Mælingar við hefðbundin veiðisvæði og í Kolgrafafirði sýndu að enn er töluvert magn af síld ófundið, miðað við mælingar í fyrra. Þá vanti helst árgangana 2007 til 2008. - skó

# Kosið um stjórnarskrá Egypta

Egyptar kjósa um breytingar á stjórnarskrá, sem styrkja stöðu hersins en draga verulega úr áhrifum íslamista. Fréttaskýrendur segja stjórnina nú gera sömu mistök og Mohammed Morsi gerði þegar hann komst til valda.

**EGYPTALAND, AP** Rétt rúmlega ári eftir að Egyptar samþykktu nýja stjórnarskrá er komið að því endurtaka leikinn. Að þessu sinni hefur bráðabirgðastjórn landsins látið gera breytingar á stjórnarskránni, en þær eru meðal annars hannaðar sérstaklega til þess að draga úr áhrifum íslamista.

Fyrir ári voru það íslamistar, með Mohammed Morsi í fararbroddi, sem höfðu gert breytingar á stjórnarskránni sem tryggðu þeim sjálfum aukin áhrif en hunsuðu að mikilvægu leyti kröfur andstæðinga þeirra.

Fréttaskýrendur segja stjórnina nú gera sömu mistök og Morsi gerði: Að búa til framtíðarvanda með því að útiloka andstæðinga sína frá stjórn landsins.

Her landsins steypti Morsi af stóli síðastliðið sumar og kom bráðabirgðastjórn til valda. Morsi var síðan handtekinn og á yfir höfði sér fangelsisdóma fyrir ýmsar sakir. Fjöldi fylgismanna hans situr einnig í fangelsi.

Herinn hefur lengi notið mikils velvilja meðal þjóðarinnar, en íslamistarnir í Bræðralagi múslíma hafa ekki síður átt stuðning stórs hluta landsmanna.

Íslamistar hafa hvatt stuðningsmenn sína til þess að mæta ekki á kjörstað. Mikil spenna er í landinu og yfirvöld hafa sýnt andstæðingum sínum fulla hörku, handtekið fjölda manns og ekki liðið neina gagnrýni á ferlið. Fjölmiðlar eru flestir á bandi stjórnvalda og hleypa gagnrýnisröddum varla að.

Stjórnin sendi í gærmorgun 160 þúsund hermenn og meira en 200 þúsund lögreglumenn út til að gæta öryggis strax við upphaf fyrri kosningadagsins. Stuttu áður en kjörstaðir voru opnaðir sprakk sprengja við dómhús í Kaíró og olli sú sprengja nokkru eignatjóni.

Allt bendir til þess að stjórnarskrárbreytingarnar verði samþykktar og það eitt styrkir stöðu bráðabirgðastjórnarinnar. Síðar á þessu ári er svo stefnt að bæði þing- og forsetakosningum. Kosningunum, sem standa í tvo daga, lýkur í dag.

gudsteinn@frettabladid.is



**KOSNINGASTEMNING** Tvær konur sitja hjá kosningaauglýsingu frá stjórninni, þar sem fólk er hvatt til að samþykkja stjórnarskrána. NORDICPHOTOS/AFP

## Mikilvægustu breytingarnar í nýju stjórnarskránni sem kosið er um í Egyptalandi

**Borgaraleg stjórn**
Í nýju stjórnarskránni er talað um að stjórn landsins verði „borgaraleg“. Þetta hefur farið fyrir brjóstið á sumum strangtrúarmönnum sem skilja orðið sem samheiti fyrir „veraldlega stjórn“, þar sem trúin gegnir engu hlutverki.

**Hervald**
Herinn skipar varnarmálaráðherra næstu tvö kjörtímabil. Þá verða fjárreiður hersins áfram á hans vegum, án eftirlits af hálfu stjórnvalda. Áfram verður hægt að draga almenna borgara fyrir herdómstól.

**Íslömsk lög**
Í stjórnarskránni er engu að síður tekið fram að meginreglur íslamskra laga verði áfram grundvöllur löggjafar í landinu. Sambærilegt ákvæði hefur verið í fyrri stjórnarskrám landsins.

Þá verður í höndum hæstaréttar, en ekki æðstu klerka landsins, að skera úr um hvort landslög standist meginreglur íslamskra laga.

**Stjórnmálaflokkar**
Bannað verður að stofna stjórnmálaflokka, sem starfa á grundvelli trúarbragða. Þetta kemur sér illa fyrir samtök á borð við Bræðralag múslíma, sem starfrækt hefur Frelsis- og réttlætisflokkinn, flokk Mohammeds Morsis, fyrrverandi forseta.

**Trúfrelsi**
Trúfrelsi verður „algert“ í Egyptalandi samkvæmt nýju stjórnarskránni, en í stjórnarskránni frá síðasta kjörtímabili var talað um að trúfrelsi „njóti verndar“, auk þess sem það náði eingöngu til íslams, kristni og gyðingdóms.

**Kvenréttindi**
Í nýju stjórnarskránni er ríkinu gert skylt að vernda konur gegn hvers kyns ofbeldi. Einnig ber ríkinu að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að fulltrúar kvenna verði nægilega margir í helstu valdastofnunum landsins, þar á meðal á löggjafarþingi og hjá dómstólum.

MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
LOKSINS BÍLALÁN SEM GÆTI BORGAÐ SIG AÐ TAKA



VANDAÐUR – FJÓRHJÓLADRIFINN

Hyundai ix35 - Verð: 5.790.000 kr.
Dísil, beinskiptur, fjórhjóladrif / 5,9 l/100 km*
Innborgun 60% / Gamli bíllinn þinn og eða reiðufé: 3.474.000 kr.
NÚLLVEXTIR BL: 2.316.000 kr. til 36 mánaða.
Vaxtalaus afborgun: 64.333 kr. á mán.

Vandaður Staðalbúnaður:
- Bakkmyndavél
- Hiti í stýri
- Ný LED fram- og afturljós

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM60962

B|L Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# NÝÁRSSPRENGJA!




Mikið úrval baðinnréttinga



Sturtustangasett | Sturtuhorn | Sturtubotnar | Handlaugatæki | Baðfylgihlutir



Töfrahorn | Blöndunartæki | Stálvaskar | Þvottahúsinnréttingar | Baðhlífar

# Innréttingar og tæki

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Rússneski rifflasmiðurinn Mikhaíl Kalashnikov:

# Var kvalinn af samviskubiti



**MIKHAÍL KALASHNÍKOV** Hann bjó til mest selda skotvopn sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**RÚSSLAND, AP** Mikhaíl Kalashníkov, rifflaframleiðandinn rússneski, spurði sjálfan sig ítrekað hvort hann bæri ábyrgð á þeim, sem drepnir væru með rifflinum sem nefndur var í höfuðið á honum.

„Sársaukinn í sál minni er óbærilegur. Ég spyr mig stöðugt sömu spurningarinnar, sem engin leið er að fá svör við: Ef árásarriffillinn minn hefur svipt fólk lífi, þýðir það þá að ég, Mikhaíl Kalashníkov, bóndasonur og rétttrúaður kristinn maður, beri ábyrgð á dauða fólks?“ skrifaði hann í bréfi sem hann sendi til Kirills, patríarka rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, í maí á síðasta ári.

Kalashníkov lést í síðasta mánuði, 94 ára gamall. - gb

Dreglar og mottur á frábæru verði!




Margar stærðir og gerðir

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Sjónlag augnlæknastöð var stofnuð árið 2001 og er í fararbroddi hér á landi hvað varðar tæknibúnað og þjónustu við sjúklinga. Sjónlag getur eitt fyrirtækja hér á landi boðið upp á hnífslausar augnlasermeðferðir.

Hjá fyrirtækinu starfa 24 metnaðarfullir starfsmenn með víðtæka menntun og þekkingu. Markmið okkar er að bjóða ávallt upp á þjónustu í hæsta gæðaflokki.



Nýr augnlæknir til starfa hjá Sjónlagi augnlæknastöð

Gunnar Már Zoega augnlæknir hefur hafið störf hjá Sjónlagi augnlæknastöð. Síðast starfaði Gunnar sem augnlæknir við S:t Eriks Ögonsjukhus í Stokkhólmi með áherslu á hornhimnulækningar.

Áhugasvið Gunnars innan augnlækninga eru hornhimnulækningar og hornhimnuskipti, sjónlagsaðgerðir með laser og skurðaðgerðir á augasteini auk almennra augnlækninga. Gunnar er einnig sérfræðilæknir við augndeild Landspítala og doktorsnemi við háskólann í Uppsala.

Hægt er að bóka tíma hjá Gunnari Má Zoega í síma 577 1001.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2013

sjónlag augnlækningar laseraðgerðir

Glæsibær · Álfheimar 74 · 5. hæð · 104 Reykjavík · Sími 577 1001 · www.sjonlag.is

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill Save the Children á Íslandi



**URRIÐAFOSS Í ÞJÓRSÁ** Áhrif stíflugerðar vatnsaflsvirkjana, byggingar varnargarða, hafna og þverana fjarða á eftir að meta. Ísland metur nú vatnsgæði sín í fyrsta skipti með sömu aðferðum og aðrir Evrópubúar. Sjá vatn.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mýtan um heimsins besta vatn ósönnuð

Vatnaskýrsla Umhverfisstofnunar sannar að frekari rannsókna á vatnsgæðum á Íslandi er þörf. Óvissa er um gæði vatns á 36 stöðum á landinu – stórum sem smáum. Í fyrsta sinn eru vatnsgæði á Íslandi mæld á sama hátt og gert er í Evrópu.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

„Við vitum það ekki – sums staðar ekki,“ segir Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur á Umhverfisstofnun, um mýtuna um að vatn hér á landi sé heilt yfir í góðu lagi. „Við teljum að vatn sé almennt í góðu ástandi en samt er mikilvægt að greina álag á vatn og áhrif þess með því að nota ákveðnar aðferðir til að ganga úr skugga um það. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir ímynd Íslands, út á við, að við getum sýnt fram á það með sömu aðferðum og aðrar þjóðir Evrópu nota að vatnið okkar sé gott. Þar er allt undir, líka strandsjórinn til viðbótar við yfirborðsvatn og grunnvatn á landi.“

**Fjársjóður**

Hér vísar Jóhanna Björk til þess að Ísland er, eins og allir vita, afar auðugt að vatni. Miklu máli skiptir fyrir viðskipti, ímynd og umhverfisgæði landsins að geta sýnt fram á að ástand þess sé almennt gott þar sem að hér á landi er ýmis starfsemi sem getur valdið því að vatngæði spillast.

Í síðustu viku birti Umhverfisstofnun Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, en Jóhanna Björk er ritstjóri hennar, og komu margir starfsmenn UST að skýrslunni. Vinnan hófst árið 2011 og fór fram í samvinnu við vatnasvæðanefndir og ráðgjafanefndir starfa í tengslum við stjórn vatnamála, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og fleiri aðila. Skýrslan er aðeins fyrsta skrefið í umfangsmikilli úttekt á vatnsgæðum hér á landi. Næstu ár fer fram nánari greining á annars konar álagi á vatn og á því hver staðan er í raun, meðal annars hvort álag hafi áhrif á vistkerfi. Vinnan stuðlar að sjálfbærri nýtingu og því sem ekki er síður mikilvægt, langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Stöðuskýrslan er þess utan fyrsta skrefið í gerð heildstæðrar vatnaáætlunar fyrir landið; í henni er fjallað um skiptingu vatns í vatnshlot og gerðir, þætti sem geta valdið álagi á vatn og hvort hætta sé á að vatnshlot standist ekki umhverfismarkmið um gott ástand.

**Óvissa**

Það mat á álagi vatnasvæða sem birt er í skýrslunni er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Afmörkuð hafa verið 2.366 yfirborðsvatnshlot og 309 grunnvatnshlot. Af þessum mikla fjölda teljast aðeins tvö í hættu, en óvissa er um ástand 36 þeirra til viðbótar [sjá skýringarmynd].

## Vatnasvæði Íslands




Landfræðileg afmörkun vatnaumdæmisins og vatnasvæðin fjögur skv. lögum um stjórn vatnamála.

### ➜ Óvissuástand – 8 dæmi um álag

1. **Skutulsfjörður innri** Losun óhreinsaðs skólps gæti valdið staðbundnu álagi vegna uppsöfnunar á lífrænu efni.
2. **Eyjafjarðarbotn** Losun óhreinsaðs skólps gæti valdið álagi vegna uppsöfnunar á lífrænu efni. Óheilnæmt vatn, sjónmengun.
3. **Mývatn** Vísbending um fækkun kúluskíts og um langtímabreytingar í vatninu.
4. **Krafla-Bjarnarflag** Hætta á efnamengun í grunnvatni og lindum í sprungum austan við Mývatn vegna losunar affallsvatns frá jarðvarmavirkjunum.
5. **Ytri-Rangá** Óvissa um álag vegna staðbundinnar saurkólígerlamengunar í ánni, óheilnæmt vatn.
6. **Ölfusá** Óvissa um álag vegna saurkólígerlamengunar í ánni, óheilnæmt vatn. Mikil neikvæð sjónræn áhrif óhreinsaðs skólps í vík.
7. **Þingvallavatn** Óvissa um álag vegna efnamengunar úr affallsvatni jarðvarmavirkjunar og vegna hitaáhrifa þess.
8. **Stór-Reykjavíkursvæði** Hugsanlegt að mengun berist í grunnvatn m.a. frá ofanvatni af vegum og athafnasvæðum og vegna lekra skólplagna.

Óvissan getur verið tilkomin af mörgum ástæðum. Fréttablaðið fjallaði í blaði gærdagsins um gamla sorphauga í Gufunesi og Geirsnefi sem taldir eru menga strandsjó í Elliðaárvogi og Grafarvogi. Fréttablaðið fjallaði enn fremur um mengun frá öðru þessara svæða á föstudag – gömlum urðunarstöðum hersins á Miðnesheiði sem menga grunnvatn. Óhreinsað skólp kemur fyrir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, svo dæmi séu tekin um þá álagsþætti sem eru til skoðunar.

Endanleg niðurstaða um það hvort vatnshlot sem flokkuð eru í óvissu uppfylli umhverfismarkmið um gott ástand eða ekki, mun liggja fyrir eftir ítarlega skoðun á gögnum frá sérfræðistofnunum og hagsmunaaðilum. Ef ástand reynist vera lakara en gott eru vatnshlot flokkuð í hættu.

**Ærið verk**

Jóhanna Björk minnir á að verkefnið sem er fram undan sé ærið. Enn á eftir að meta einstök svæði vegna stíflugerðar vatnsaflsvirkjana, byggingar varnargarða, hafna og vegna þverana fjarða. Því getur álagsmat fyrir hluta vatnshlota breyst þegar fram líða stundir og unnið hefur verið úr öllum þeim gögnum sem safnað verður á næstu árum. Gögn um ástand vistkerfanna skipta þar grundvallarmáli – en á grunni þeirrar vinnu verður dregin upp aðgerðaáætlun sem lýtur að því hvort hægt sé að bæta ástand þeirra vatnshlota sem falla á prófinu.

„Við eigum eftir að skoða áhrif mengunarálagsins á lífríkið og vistkerfið í heild, það er næsta skref. Það er ekki fyrr en eftir slíka skoðun sem við getum afgreitt vatnshlot, stöðuvatn til dæmis, og sagt hvort allt sé í góðu lagi eða hvort grípa þurfi til aðgerða til að bæta ástand þess,“ segir Jóhanna Björk.



NORRÆNA HÚSIÐ

# *Utsökta råvaror, glödande kol och passion**

## Við leitum að samstarfsaðila til að reka nýjan bístró-stað í Norræna húsinu

Norræna húsið hefur undanfarin ár leikið lykilhlutverk í kynningu og þróun Nýnorræna eldhússins á Íslandi og matargerð sem byggist á hráefni úr nærumhverfinu. Umhverfi Norræna hússins í Vatnsmýrinni hefur þar skipt sköpum, bæði vegna útsýnisins yfir fuglafriðlandið og villtu kryddjurtanna í náttúrunni sjálfri og í kálgarðinum við húsið.

Veitingastaðurinn Dill hefur starfað í Norræna húsinu undanfarin fimm ár og notið þar mikillar velgengni. Dill flytur fljótlega í eigið húsnæði við Hverfisgötu þar sem staðurinn heldur áfram að vaxa og dafna undir stjórn Gunnars Karls og hans fólks. Frá lokun Dill og fram að opnun nýs staðar mun fólkið á bak við Dill þó áfram bjóða upp á hádegismat og kaffiveitingar í Norræna húsinu kl. 12–17. Við þökkum Dill frábært samstarf og óskum staðnum alls hins besta á nýjum stað.

Nú leitum við að nýjum samstarfsaðila. Við höfum velt málunum fyrir okkur og orðið fyrir áhrifum frá því nýjasta sem gengur og gerist í bístró-veitingamenningu, t.d. í Brooklyn, Amsterdam, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, og viljum búa til stað sem byggir á þeim hugmyndum.

Við bjóðum fram veitingarými með einstöku útsýni og nánast fullbúnu eldhúsi þar sem allt er til staðar. Við viljum að staðurinn bjóði upp á ferskar og góðar veitingar, sinni vel gestum Norræna hússins, t.d. með umsjón móttaka í tengslum við mannamót í húsinu, og sé virkur í því að laða til sín fólk úr nágrenninu yfir daginn. Staðurinn gæti einnig haft opið á kvöldin og þá jafnvel með sérstökum kvöldmatseðli.

Hafið endilega samband við okkur og deilið með okkur frjóum og skemmtilegum hugmyndum sem þið kunnið að hafa um hvernig við getum búið til besta bístró-staðinn í bænum í Norræna húsinu!

Góðar hugmyndir og fyrirspurnir sendist til Max Dagers, forstjóra Norræna hússins, **max@nordice.is, s. 551 7030**. Frestur er til 21. janúar 2014.

*Einstakt hráefni, glóandi kol og ástríða.







ASÍ varar sveitarfélög við:

# Beita þrýstingi

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við munum beita öllum þeim þrýstingi sem við getum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Hann hefur sent forsvarsmönnum sveitarfélaga bréf þar sem hann hvetur þá til að falla frá gjaldskrárhækkunum.

Niðurlag bréfsins vekur óneitanlega athygli, en þar segir að ASÍ muni upplýsa almenning með áberandi hætti um þá aðila sem ekki sýni samstöðu og hækki gjaldskrár.

- kjk

Spurði Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja:

# Kallar ráðherrann ekki súkkulaðikleinu

**ALÞINGI** „Mér dettur ekki í hug að segja að hæstvirtur ráðherra sé súkkulaðikleina,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær.

Þar hafði hún spurt Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um áform hennar um að funda um ákvæði laga um að hvort kyn skuli ekki vera undir 40 prósentum stjórnarmanna í stærri fyrirtækjum.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Hún vísaði í orð Ragnheiðar á Alþingi þegar lögin voru samþykkt. Þá sagði hún: „Þrátt fyrir að vera mikill jafnréttissinni vil ég ekki sjá það að ég fái sæti í stjórn eða þingsæti eða hvað það sem ég er að sækjast eftir eingöngu á grundvelli þess að ég er kona. Mér finnst það vera það sem við í Keflavík kölluðum að vera súkkulaðikleina.“

Katrín benti á að formaður Sjálfstæðisflokksins hefði sagt við myndun ríkisstjórnarinnar að hann myndi tryggja að konur yrðu helmingur ráðherra flokksins. Þrátt fyrir það detti henni ekki í hug að kalla Ragnheiði Elínu súkkulaðikleinu. Ragnheiður ítrekaði að ekki stæði til að endurskoða lögin, aðeins eigi að ræða kosti og galla laganna á fundi í næstu viku.

Ragnheiður sagði að henni hefði sjálfri verið í lófa lagið að koma í veg fyrir að lögin tækju gildi síðasta haust, en hún hafi ekki gert það. Þess í stað hafi hún rætt við fólk í viðskiptalífinu sem hafi viljað gefa lögunum tíma, og það hafi hún gert. Nú sé spurning hvort eitthvað þurfi að laga.

- bj


ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

**Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 22. janúar 2014, kl. 16:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.**

**Dagskrá.**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Ullarnýting.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

*Mosfellsbæ 13. janúar 2014.*
*Stjórn ÍSTEX hf.*




**GULLFOSS** Ferðamenn standa naumlega í fæturnar við Gullfoss nái þeir þangað klakklaust í hálkunni á annað borð. MYND/JÓNKBS

# Átta flugu á hausinn á korteri við Gullfoss

Mannslíf og heilsa eru í húfi, segir ferðamálafulltrúi Bláskógabyggðar í ákalli til sveitarstjórnarmanna um að bæta öryggi ferðamanna á fjölsóttum stöðum. Mjög hafi fjölgað ferðafólki að vetrarlagi og það fljúgi á höfuðið á flughálum stígum.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Ég er að biðla til allra aðila að setjast niður og finna lausnir,“ segir Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi í uppsveitum Árnessýslu, sem kveður ferðafólki stafa mikil hætta af hálku og ófærð á svæðinu.

Ásborg bendir á að ferðafólki hérlendis hafa fjölgað um 40 prósent í desember miðað við í desember 2012. Flestir skoði þeir Þingvelli og Gullfoss og Geysi. Sumir séu í rútum en margir á bílaleigubílum, jafnvel alls óvanir að aka í snjó og hálku.

„Við höfum verulegar áhyggjur af bæði hálku á vegum og fyrir gangandi fólk og ekki síður snjómokstri. Hér er aðeins mokað fimm daga vikunnar en laugardagar og þriðjudagar eru ekki mokstursdagar,“ segir Ásborg sem sent hefur sveitarstjórnarfólki í Bláskógabyggð ákall. „Mannslíf og heilsa eru í húfi,“ skrifar hún í bréfinu sem tekið var fyrir í sveitarstjórn fyrir helgi.

„Nauðsynlegt er að bregðast við þeim aðstæðum sem nú hafa skapast þar sem mikil hálka er viðvarandi sem skapar mikla hættu fyrir ferðamenn,“ segir sveitarstjórnin sem kveður Drífu Kristjánsdóttur oddvita hafa fundað með Umhverfisstofnun um ástand göngustíga við Gullfoss og að Vegagerðin hafi fundað með oddvitanum, sveitarstjóranum og ferðamálafulltrúanum um öryggi ferðamanna.

„Aðalatriðið er að menn ræði málin af alvöru og finni lausnir og framkvæmi í framhaldi af því,“ segir Ásborg við Fréttablaðið. Allir sýni málinu skilning en enginn segist hafa fjármagn. „Við megum ekki kveina og benda hver á annan heldur verðum við að finna saman lausnir og framkvæma,“ undirstrikar hún.

Í bréfi sínu til Bláskógabyggðar vitnar Ásborg til ummæla af netinu. Þótt þau séu ekki alltaf málefnaleg þurfi að taka á þeim mark. „Taldi átta manns sem runnu á hausinn og einn sem datt í tröppunum. Ég var þarna í sirka 15 mínútur,“ segir í einum slíkum ummælum.

## Hvað segja gestirnir við Gullfoss?

„Ég fór gullhring 30. og 31.12.2013 og var frekar hissa á því að engar hálkuvarnir voru á ís sem þakti alla gangstíga og bílastæðin við Gullfoss. Taldi átta manns sem runnu á hausinn ásamt einum sem datt í tröppunum. Ég var þarna í sirka 15 mínútur.“

„Ég veit til að mynda um einn mann sem lærbrotnaði í dag eftir að hafa runnið til á svellinu. Það er gjörsamlega fáránlegt að verið sé hvetja fólk til að koma á þessa staði en á sama tíma lítið sem ekkert gert fyrir það. Það hefur ekki verið saltað né komið fyrir sandi á svellinu við Gullfoss og hefur fólk verið í miklum vandræðum með að fóta sig.“

*Ummæli af netinu.*



**„Við megum ekki kveina og benda hver á annan heldur verðum við að finna saman lausnir og framkvæma.**

*Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi.*

Í Fréttablaðinu fyrir viku var haft eftir Gunnari Inga Valdimarssyni, framkvæmdastjóri Sterna Travel, að fimm erlendir ferðamenn hefðu beinbrotnað í hálku frá því í byrjun desember. Einhver þyrfti að bera ábyrgð á að þessi mál væru í lagi.

gar@frettabladid.is


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 16. janúar gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir til að minnast stórafmæla. Eimskipafélag Íslands 100 ára, Hagstofa Íslands 100 ára og 100 ára friðun hafarnarins. Fjórða frímerkjaröðin, Ferðamannafrímerki III, sýnir íslenskt landslag.




Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

HEILDARLAUSNIR
• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf

**Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.**

**Bjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.**

**Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.**
**Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818**


Flóttamenn streyma yfir Nílarfljót frá átakasvæðum í Suður-Súdan:

# Hundruð drukknuðu í fljótinu

**SUÐUR-SÚDAN, AP** Tvö til þrjú hundruð manna hópur flóttamanna frá Suður-Súdan drukknaði í Nílarfljóti í nótt. Fólkið var á bát sem sökk í fljótið. Flestir um borð voru konur og börn.

Átökin í Suður-Súdan eru hörðust í kringum borgina Bor, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu. Tugir þúsunda hafa flúið þaðan á síðustu dögum með því að sigla yfir Nílarfljót á mistraustum bátum.

Stjórnarherinn í Suður-Súdan hefur gert harða hríð að uppreisnarmönnum í Bor þrátt fyrir að friðarviðræður standi nú yfir í nágrannaríkinu Eþíópíu. Bardagar geisa einnig í fleiri borgum í landinu, meðal annars í Malakal.

Átökin hófust um miðjan desember, en þarna takast liðsmenn stjórnarhersins á við uppreisnarmenn og liðhlaupa undir forystu fyrrverandi varaforseta landsins, Riek Machar, en hann á að baki langa reynslu af skæruhernaði.

Átökin hafa líklega kostað meira en tíu þúsund manns lífið og hrakið að minnsta kosti fjögur hundruð þúsund manns af heimilum sínum.



**SIGLT YFIR NÍL** Fjöldi fólks hefur siglt yfir ána síðustu daga á mistraustum fleytum. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarhernum hefur gengið brösuglega að berja niður uppreisn Machars.

- gb

# Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2014

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2014 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2014

### Launamiðar og verktakamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

### Bifreiðahlunnindamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

### Hlutafjármiðar

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.

### Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

### Bankainnstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

### Lánaupplýsingar

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

### Stofnsjóðsmiðar

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

### Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

### Greiðslumiðar – leiga eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

### Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

### Fjármagnstekjumiði

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun á móttakendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtuaðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.

---

Vakin er athygli á launamiðareit nr. 405, þar sem færa skal **íþrótta- og líkamsræktarstyrki**.

Einnig er vakin athygli á launamiðareit nr. 410, þar sem færa skal **samgöngustyrki**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launamiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2012, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmati ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2013.

**Athugið að sameignarfélög og samlagsfélög eiga að skila stofnsjóðsmiða með upplýsingum um eignarhluti eigenda og úttekt af höfuðstól.**

---

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

Nánari upplýsingar á ***rsk.is***




heilsurúm fyrir þá allra kröfuhörðustu

FYLDS'






FYLDS' hefur unnið Balthazar titilinn
**BEST OF BELGIUM** - Besta belgíska framleiðsluvaran.



**Einstök blanda af hör, Merino- og Texull**



**Ný margsvæðaskipt gormafjöðrun**



**Handgerð framleiðsla tryggir hámarks gæði**



**Afar vandaður frágangur**

Aðalmarkmið FYLDS' er að framleiða bestu handunnu heilsurúm í heimi. Aðeins sérvalin náttúruleg efni eru notuð í allar dýnur FYLDS' og framleiðslan er handgerð til að mæta mismunandi þörfum viðskiptavina. Einstök blanda af ull og hör ásamt fullkomnum stuðningi við líkamann með nýjustu gerð af margsvæðaskiptri gormafjöðrun gerir FYLDS' að einu besta fáanlega rúmi sem völ er á.

**Komdu, sjáðu og finndu muninn...**







www.hetbelgischbed.be

# Rýmum

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

**til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!**

**Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!**

**Takmarkað magn**
**Allt á að seljast**

## Saga / Freyja/ *Memory

Millistíf dýna — Stíf dýna



**15% afsláttur**

**Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur**

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbakstuðningur.
Mýkra og betra axlasvæði.
Þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti.
Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| *80 x 200 | kr. 94.900 | kr. 80.665 |
| *90 x 200 | kr. 99.900 | kr. 84.915 |
| 100 x 200 | kr. 109.900 | kr. 93.415 |
| *120 x 200 | kr. 119.900 | kr. 101.915 |
| *140 x 200 | kr. 139.900 | kr. 118.915 |
| 153 x 203 | kr. 144.900 | kr. 123.165 |
| *160 × 200 | kr. 149.900 | kr. 127.415 |
| *180 × 200 | kr. 169.900 | kr. 144.415 |
| 180 × 210 | kr. 179.900 | kr. 152.915 |
| 193 × 203 | kr. 189.900 | kr. 161.415 |

## Óðinn

**Hágæða svæðisskipt heilsudýna**

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbakstuðningur.
Mýkra og betra axlasvæði.
Þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti.
Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| 160×200 | kr. 229.900 | kr. 172.425 |
| 180×200 | kr. 249.900 | kr. 187.425 |
| 180×210 | kr. 269.900 | kr. 202.425 |
| 193×203 | kr. 289.900 | kr. 217.425 |



**25% afsláttur**

## Þór

**Hágæða svæðisskipt heilsudýna**

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Mýkra og betra axlasvæði.
Góður lágbakstuðningur. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti. Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum



**15% afsláttur**

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| 100 x 200 | kr. 119.900 | kr. 101.915 |
| 120 x 200 | kr. 129.900 | kr. 110.415 |
| 140 x 200 | kr. 149.900 | kr. 127.415 |
| 153 x 203 | kr. 169.900 | kr. 144.415 |
| 160×200 | kr. 174.900 | kr. 148.665 |
| 180×200 | kr. 194.900 | kr. 165.665 |
| 180×210 | kr. 209.900 | kr. 178.415 |
| 193×203 | kr. 219.900 | kr. 186.915 |

**20-60% afsláttur**

**Handklæðum**
**Sloppum**
**Völdum**
**sængurverum**
**o.fl.**

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

**20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.**

**Svefn & heilsa** ★★★★★



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS

Vonandi verður ekkert úr áramótaheiti borgarstjóra:

# Herlausa borgin

Jón Gnarr strengdi þess heit í upphafi árs að koma því í gegn áður en borgarstjóratíð hans lyki að Reykjavík yrði lýst herlaus borg. Af ummælum sem borgarstjórinn hefur látið falla má ætla að í því felist að hermenn séu almennt ekki velkomnir í Reykjavík, herflugvélar megi ekki lenda á Reykjavíkurflugvelli og herskip ekki leggjast að í Reykjavíkurhöfn. Bono í U2 finnst þetta víst frábær hugmynd.

Rök borgarstjórans eru að Reykjavík verði friðarborg og þekkt sem slík á alþjóðavettvangi. Þá sagðist hann í samtali við Stöð 2 hafa áhyggjur af hryðjuverkum. „Það er raunhæfur möguleiki að einhverjum dytti í hug að fremja hryðjuverk í Reykjavík. Mér finnst við ekki eiga að taka þá áhættu."



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Jón Gnarr deilir líklega þeirri skoðun með mörgum að herleysi Íslands sé til marks um að við séum svo friðsöm þjóð í eðli okkar og betri en aðrar. Það er hæpin skoðun. Herleysi Íslands er tilkomið af sögulegum, landfræðilegum og praktískum ástæðum. Ísland var lengi undir erlendum yfirráðum, í fjarlægð okkar frá öðrum ríkjum fólst nokkur vörn og loks þegar Ísland varð sjálfstætt ríki var nokkuð ljóst að fámenn þjóð í stóru landi ætti enga möguleika á að verja það sjálf.

Enda varð niðurstaðan sú að fá vinaríki okkar til að sjá um varnirnar fyrir okkur, annars vegar með þátttöku Íslands í NATO og hins vegar með varnarsamningi við Bandaríkin, sem enn er í gildi. Jóni Gnarr finnst að Ísland ætti að ganga úr NATO, en hann ræður því sem betur fer ekki. Og á meðan Ísland er í varnarbandalagi er fráleitt að ætla að banna herskipum þess eða flugvélum að hafa viðdvöl í höfuðborg Íslands.

Það er reyndar til marks um tvískinnunginn og feimnina, sem einkennir umræður um þessi mál, að fulltrúar flokka sem styðja aðild Íslands að hernaðarbandalaginu NATO, Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins, samþykktu fyrir þremur árum tillögu Jóns í borgarráði um að beina herflugvélum frá Reykjavíkurflugvelli. Og það þótt þær séu nærri allar í björgunar- og eftirlitsflugi eða flytji til dæmis erlenda þjóðhöfðingja í opinberri heimsókn.

Ef herbannið gengi í gildi í Reykjavíkurborg yrði líka þátttaka Íslands í samstarfi um öryggismál, leit og björgun á Norður-Atlantshafi mun erfiðari. Landhelgisgæzlan er í nánu samstarfi við sjóheri nágrannaríkjanna, sem varð- og eftirlitsskip sem leggjast hér að bryggju tilheyra. Það er annar misskilningur, sem gæti hafa slæðzt inn hjá borgarstjóranum, að herir nágrannaríkja séu bara til að heyja stríð. Þeir sinna sama hlutverki og Landhelgisgæzlan, björgunarsveitirnar og að hluta til lögreglan gera hér.

Herbannið þýddi þar af leiðandi líka að ef kæmi til stórslyss eða náttúruhamfara í Reykjavík eða nágrenni borgarinnar gætum við afþakkað aðstoð vina- og bandalagsríkja okkar, enda væru það alveg áreiðanlega herir þeirra sem yrðu fyrstir á vettvang.

Svo er það spurning hvernig sé hægt að afstýra hættu á hryðjuverkum í Reykjavík með herbanninu. Hryðjuverk á Vesturlöndum hafa oftar beinzt að óvörðum almenningi en herskipum eða -flugvélum. Það er raunar líklegra til árangurs, vilji menn fyrirbyggja hryðjuverk, að efla samstarfið við önnur NATO-ríki en að senda þeim þau skilaboð að þau séu óvelkomin.

Það á yfirleitt ekki að óska þess að ekkert verði úr áramótaheitunum hjá fólki, en í þessu tilviki á það tvímælalaust við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

**Heilsulausnir**

Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 20. jan.
- Mán, mið og fös kl. 06:20, 10:00, 14:00 eða 19:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík

Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tilviljun

Alþingi samþykkti rétt fyrir jól að setja 50 milljarða króna skattleysismörk á sérstakan skatt sem lagður er á fjármálafyrirtæki. Með skattleysismörkunum lækkuðu greiðslur MP banka vegna skattsins um 78 prósent, úr 241 milljón króna í 53 milljónir. Á vefsíðunni Andríki var velt vöngum yfir því hvort breytingin hefði verið tilviljun í ljósi þess að einn af framkvæmdastjórum bankans er Sigurður Hannesson, ráðgjafi og vinur forsætisráðherra. Hann er auk þess formaður nefndar um höfuðstólslækkun verðtryggðra lána en bankaskatturinn á einmitt að fjármagna tillögur nefndarinnar um skuldaleiðréttingu.



### Meiri tilviljun

Sigurður er þó ekki eina tenging MP banka við ríkisstjórnina því Sigurður Atli Jónsson, forstjóri bankans, er mágur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar – maður Nönnu Margrétar Gunnlaugsdóttur, litlu systur forsætisráðherra. Nanna Margrét starfar hjá Eimskipafélagi Íslands.

### Enn þá meiri tilviljun

Sagan er hins vegar ekki þar með öll. Þannig háttar til að Benedikt nokkur Gíslason starfaði sem framkvæmdastjóri bankasviðs MP banka. Hann lét hins vegar af störfum hjá MP banka í lok nóvember til að taka við starfi sem ráðgjafi Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra. Störf Benedikts fyrir ráðherra snúa meðal annars að ráðgjöf um framkvæmd áætlunar um afnám gjaldeyrishafta og tengd mál.

- kh

## HALLDÓR





# Opið bréf til innanríkisráðherra, ítrekun

NÁTTÚRUVERND



Björn Guðmundsson

framhaldsskólakennari

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Í lok október birtist þér opið bréf á síðum þessa blaðs þar sem undirritaður spurði þig nokkurra spurninga. Svör hafa ekki borist.

Skömmu síðar talaðir þú um kristilegt siðgæði og kærleika á Kirkjuþingi. Á leið þinni upp metorðastigann varð þér tíðrætt um mikilvægi samræðu. Um nýliðin áramót strengdir þú þess heit að leggja þig fram og minna þig reglulega á þau forréttindi að fá að vinna fyrir fólkið í landinu. Það að þú skulir ekki svara bréfi mínu er í mótsögn við þetta.

Spurningar mínar snerust um náttúruverndarmál og sumar þeirra voru þess eðlis að ég fæ ekki betur séð en að þér beri lagaleg skylda til að svara þeim. Sem ráðherra dómsmála á Íslandi gætir þú verið komin á hálan ís gerir þú það ekki. Ég bendi þér á að kynna þér upplýsingalög í þágu almennings. Lög um upplýsingarétt um umhverfismál byggja á tilskipun Evrópusambandsins og eru hluti af EES-samningnum hvort sem þér líkar betur eða verr. Þeim er ætlað að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings þegar verið er að móta ákvarðanir um umhverfismál.

### Hvet þig til að svara

Ég hvet þig til að svara spurningum mínum. Þær snerust m.a. um olíumengun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar og fyrirhugaðar framkvæmdir við Þríhnúkagíg sem OR og fleiri ábyrgir aðilar hafa lýst sig andvíga vegna mengunarhættu og óaftúrkræfra náttúruspjalla. Þarna eru í húfi hagsmunir stórs hluta almennings á Íslandi gagnvart gróðahyggju nokkurra manna á hinn bóginn. Stendur þú með almenningi í samræmi við áramótaheit þitt eða gengur þú erinda auðvalds sem engu eirir þegar náttúra landsins er annars vegar? Skilur þú ekki mikilvægi þess að halda drykkjarvatni stórs hluta þjóðarinnar óspilltu?

Sýndu fram á að tal þitt um kristilegt siðgæði, kærleika og samræðu sé ekki orðin tóm. Við skulum ekki flækja málin með tali um góða siði. Og ráðherra dómsmála má ekki dreifa fræjum efasemda um eigin löghlýðni. Gangi þér vel, Hanna Birna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Rjóma-ránið mikla

LANDBÚNAÐUR



**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor

Það þarf tvo til 2,5 lítra af rjóma til að búa til eitt kíló af smjöri. Aukaafurð í þeirri framleiðslu er áfir sem eru verðlitlar. Heildsöluverð rjóma í lausu máli er 798 krónur hver lítri. Verðmæti rjómans sem þarf til að framleiða eitt kíló af smjöri er því 1.600 til 2.000 krónur. Framleiðsla smjörs úr rjóma krefst bæði vinnu, orku (rafmagns), tækja, húsnæðis o.s.frv. Rekstur Auðhumlu kostaði 25% af rekstrartekjum árið 2012. Með hliðsjón af heildsöluverði rjóma kostar því um 2.000 til 2.500 krónur að framleiða eitt kíló af smjöri.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum er svokallaðri verðlagsnefnd búvara ætlað að „ákvarða heildsöluverð búvara að teknu tilliti til… rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara“. Þessi nefnd ákvarðar bæði heildsöluverð á rjóma (798 krónur á lítra) og á smjöri. Heildsöluverð ópakkaðs smjörs er 624 krónur á kíló! Af þessu má álykta að ópakkað smjör sé selt með 1.400-1.900 króna tapi á hvert kíló! Augljóslega hefur verðlagsnefnd búvara ekki gætt þess að eðlilegt samræmi sé milli verðs á rjóma annars vegar og smjörs hins vegar. Verð rjóma virðist ofurverð!

**Vinningur MS**

Heildsöluverð smjörs á Íslandi er svipað og svokallað ESB-verð og heldur hærra en heimsmarkaðsverð. Það virðist því mega áætla að verð á rjóma sé 2falt til 3falt hærra en eðlilegt getur talist. Verð rjóma er sannarlega ofurverð enda ætti heildsöluverð rjóma að vera um 250 til 300 krónur á lítra en ekki 624 krónur á lítra sé miðað við verðlagningu smjörs. Erfitt er að finna talnalegar upplýsingar um framleiðslu mjólkurafurða, en leiða má líkur að því að rjómaneysla á Íslandi sé um 2.500 tonn á ári. Ofurverð á rjóma hefur því aukið tekjur MS um 800 til 900 milljónir króna á ári.

Upplýsingar um ofurverð á rjóma setja innflutning á írsku smjöri í nýtt og nokkuð óvænt ljós. Hefði MS þurft að nota 175 til 220 þúsund lítra af rjóma til að framleiða smörið sem vantaði á markaðinn fyrir jólin hefði það kostað fyrirtækið 140 til 175 milljónir króna. Var að furða þó forstjóri MS teldi létt verk að hliðra til fyrir 50 milljóna króna tollareikningi fyrir írska smjörið þegar fréttastofa RÚV spurði hann út í málið? Vinningur MS af að flytja inn írska smjörið virðist hafa verið á bilinu 90 til 125 milljónir króna þegar tollagreiðslur hafa verið dregnar frá!

Íslenskir neytendur hljóta nú að krefjast þess að: a) innflutningstollar af smjöri verði felldir niður, b) að verðlagsnefnd búvara lækki verð á rjóma um 66%, c) að innlend vinnsla mjólkur verði gefin frjáls og d) að Mjólkursamsalan skili til baka þeim tekjum sem hún hefur haft af ofurverðlagningu á rjóma á undangengnum 5–10 árum.

**→ Vinningur MS af að flytja inn írska smjörið virðist hafa verið á bilinu 90 til 125 milljónir króna þegar tollagreiðslur hafa verið dregnar frá!**

# Flatari virðisaukaskatt

SKATTAR



**Jón Steinsson**
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur boðað breytingar á virðisaukaskattskerfinu sem miða að því að hækka virðisaukaskatt á matvæli og aðrar vörur sem eru í lægsta skattþrepinu og lækka á móti hæsta skattþrepið. Bjarni talar einnig um að breikka skattstofninn – væntanlega með því að draga úr undanþágum – og einfalda kerfið.

Ýmsir hafa mótmælt þessum fyrirætlunum. Mótmælin byggjast að mestu á því að hækkun matarskatts komi verr niður á lágtekjufólki þar sem matur vegur þyngra í heildarútgjöldum lágtekjufólks en þeirra sem hafa meira milli handanna.

Vandinn við þessa röksemd er að lágur matarskattur er óhagkvæm leið til þess að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Hækkun persónuafsláttarins eða lækkun lægri þrepa tekjuskattskerfisins eru hagkvæmari leiðir til þess að ná sama markmiði. Þeir sem bera hag lágtekjufólks fyrir brjósti eiga því ekki að mótmæla áformum Bjarna um að gera virðisaukaskattskerfið flatara. Þeir eiga þess í stað að þrýsta á hann að hækka persónuafsláttinn nægilega mikið til þess að tryggt sé að hagur lágtekjufólks versni ekki við breytingarnar.

**Sáralítill munur**

Neyslukönnun Hagstofunnar sýnir reyndar að sáralítill munur er á vægi þess varnings sem er í lægsta virðisaukaskattsþrepinu í neyslu mismunandi tekjuhópa. Vægi slíks varnings er 22,3% hjá þeim fjórðungi fólks sem hefur lægstar tekjur á meðan það er 21,4% að meðaltali. Tekjutilfærsluáhrif lágs matarskatts eru því hverfandi og hækkunin á persónuafslætti sem þyrfti til þess að vega upp þessi áhrif óveruleg.

En af hverju er lágur matarskattur óhagkvæm leið til þess að bæta hag þeirra sem verst eru settir? Það er vegna þess að það er hagkvæmara að gera hluti beint en óbeint þegar kemur að sköttum. Ef tilgangurinn er að nota skattkerfið til þess að jafna tekjur er hagkvæmasta leiðin til þess að veita fólki beinan skattaafslátt (þ.e. hærri persónuafslátt) en ekki að reyna að gera það með því að lækka verðið á mat í samanburði við aðra vöru.

Hátekjufólk eyðir mun fleiri krónum í mat en lágtekjufólk og fær því fleiri krónur í „skattafslátt“ en lágtekjufólk ef lágur matarskattur er notaður til þess að reyna að jafna tekjur fólks. Hátekjufólk fær vitaskuld líka persónuafslátt. En það fær þó einungis jafn margar krónur í persónuafslátt eins og lágtekjufólk. Persónuafsláttur er því hagkvæmari leið til þess að nota skattkerfið til tekjujöfnunar. Þessi rök eru ekki heimatilbúin af mér. Það var enginn annar en Joseph Stiglitz sem fyrstur sýndi fram á þessa niðurstöðu ásamt Anthony Atkinson í frægri grein árið 1976.

Já, en hvað með þá sem eru með allra lægstu tekjurnar og greiða því nú þegar engan skatt? Hærri persónuafsláttur gagnast því fólki ekki en hærri matarskattur myndi skerða kjör þess. Mikið rétt. Gera þyrfti sérstakar ráðstafanir til þess að bæta upp þessa breytingu þegar kemur að þeim allra verst settu. Það mætti gera með því að hækka bætur eða með því að greiða fólki út ónýttan persónuafslátt (hugmynd sem Milton Friedman talaði fyrir á sínum tíma).

**→ Hátekjufólk eyðir mun fleiri krónum í mat en lágtekjufólk og fær því fleiri krónur í „skattafslátt“ en lágtekjufólk ef lágur matarskattur er notaður til þess að reyna að jafna tekjur fólks.**

**Skattar á mat hækkaðir**

En myndi hækkun matarskattsins ekki hækka vísitölu neysluverðs og þannig hækka verðtryggð húsnæðislán? Nei! Minn skilningur á hugmyndum Bjarna er að þær muni ekki hafa nein nettó áhrif á skatttekjur. Skattar á mat verða hækkaðir. En skattar á aðrar vörur lækkaðir. Heildaráhrifin á vísitölu neysluverðs ættu því að vera engin.

Á Íslandi er nokkuð almenn pólitísk samstaða um að ríkið eigi að reka viðamikið velferðarkerfi. Slíkt velferðarkerfi er dýrt og það er aðalástæða þess að skattar eru háir á Íslandi. En einmitt vegna þess hvað skattar eru háir á Íslandi er sérstaklega mikilvægt að þeir skattar sem lagðir eru á valdi ekki meiri óhagkvæmni en þörf krefur. Með öðrum orðum, það er sérstaklega mikilvægt að skattkerfið sé þó eins hagkvæmt og unnt er.

Lágur virðisaukaskattur á matvæli er ein útfærsla hugmynd sem veldur óþarfa óhagkvæmni í skattkerfinu. Í hagkvæmu skattkerfi er virðisaukaskattur flatur og markmiðum um tekjutilfærslu er náð með persónuafslætti og þrepaskiptu tekjuskattskerfi. Ég óska Bjarna Benediktssyni góðs gengis við að hrinda í framkvæmd þeim breytingum á virðisaukaskattskerfinu sem hann boðar.

# „Málheft“ málþing í og um tónlistarhúsið Hörpu?

MENNING



**Örnólfur Hall**
arkitekt

Á morgun, fimmtudag, á að halda málþing í Hörpu um Hörpu þar sem aðeins sérvaldir fá að taka þátt í hringborðsumræðu.

Við fjölmargir gagnrýnir arkitektar sem höfum fylgst með Hörpu-„smíði“ frá upphafi og þekkjum öll ófögru „grösin“ þar í hönnun, smíði og framkvæmd, fáum ekki að vera með og sagt að við mættum heldur ekki gera fyrirspurnir utan úr sal. Hvers vegna skyldi það nú vera?

NB: Fer umræðan hér á landi að verða eins og í alvaldsríkjum í austrinu þar sem harðbannað er að tjá sig um opinberar framkvæmdir með ofurkostnaði og smíðafúski sem lendir á saklausum almenningi?

**→ Fer umræðan hér á landi að verða eins og í alvaldsríkjum í austrinu þar sem harðbannað er að tjá sig um opinberar framkvæmdir með ofurkostnaði og smíðafúski …**


FRÁBÆR TILBOÐ!
Gerðu mögnuð kaup!
Fjöldi bíla á staðnum!
WWW.BÍLALAND.IS




TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 07/12, ekinn 22 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.190.000
TILBOÐSVERÐ!
2.690 þús.




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 08/08, ekinn 125 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.480.000
TILBOÐ kr. 3.580 þús.




OPEL ASTRA ENJOY
Nýskr. 06/08, ekinn 136 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.530.000
TILBOÐ kr. 1.190 þús.




SUZUKi SWFT 4WD
Nýskr. 05/11, ekinn 53 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.190.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.




SSANGYONG KYRON
Nýskr. 05/10, ekinn 52 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.890.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.




NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr. 10/06, ekinn 196 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.590.000
TILBOÐ kr. 1.190 þús.




KIA CEED
Nýskr. 12/07, ekinn 73 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.490 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

✝



Móðir okkar,

**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Sólheimum,**
**Flyðrugranda 6, Reykjavík,**

lést á dvalarheimilinu Grund sunnudaginn 12. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Valgerður J. Gunnarsdóttir**
**Ragnar Gunnarsson**
**Sigríður H. Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Á. Gunnarsdóttir**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**HRAFNHILDUR HILMARSDÓTTIR**
**Víghólastíg 11A, Kópavogi,**

lést 31. desember 2013 á LSH. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fá Runólfur Pálsson læknir og annað starfsfólk á 13-E fyrir einstaka umönnun og alúð í veikindum hennar.

**Gísli R. Guðmundsson**
**Guðmundur K. Gíslason** **Halla S. Steinólfsdóttir**
**Kolbrún Gísladóttir** **Reynir H. Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkin.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn,

**KONRÁÐ S. KONRÁÐSSON**
**læknir,**

andaðist 13. desember síðastliðinn í Lundi, Svíþjóð.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðbjörg Ófeigsdóttir.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN ARNÓRSDÓTTIR**
**kennari,**
**Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 9. janúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 16. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sólvang eða öldrunardeild Landspítalans.

**Höskuldur Björnsson** **Auður Þóra Árnadóttir**
**Arnór Björnsson** **Bára Jóhannsdóttir**
**Baldvin Björnsson** **Helga Rúna Þorleifsdóttir**
**Þórdís Ragnhildur Björnsdóttir** **Michael Teichmann**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR ÓLAFSDÓTTIR,**
**Dalalandi 6, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 6. janúar. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 16. janúar kl. 15.00.

**Alfreð Eymundsson**
**Axel Þórir Alfreðsson** **Sigríður Jensdóttir**
**Hermann Alfreðsson** **Þórunn Jónsdóttir**
**Þórunn Jóhanna Alfreðsdóttir** **Ellert Valur Einarsson**
**og ömmubörnin.**

✝



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**KRISTINN EÐVARÐ GUÐJÓNSSON**
**Hrafnistu í Hafnarfirði,**
**áður Tjarnarbraut 17, Hafnarfirði,**

lést sunnudaginn 5. janúar sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 17. janúar klukkan 13.00.

**Tryggvi Anton Kristinsson**
**Snorri Lorentz Kristinsson** **Anna Gréta Arngrímsdóttir**
**Reynir Kristinsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ingvi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Mikið er um að vera í Gerðubergi í janúar

**Menningarmiðstöðin í Gerðubergi stendur fyrir ýmsum viðburðum í vetur, allt frá handverkskvöldum yfir í spilakvöld sem haldið er í samvinnu við Spilavini.**



**KOMDU AÐ SPILA** Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri í Gerðubergi segir mikið vera um að vera í Gerðubergi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Nú getur fólk komið til okkar einu sinni í mánuði og spilað valin spil, ásamt leiðbeinanda frá Spilavinum,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri í Gerðubergi. Í janúar hefur göngu sína nýr viðburður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sem kallast Spilakaffi og unninn er í samstarfi við Spilavini. Spilakaffið er opið spilakvöld þar sem fólk getur komið saman og fengið leiðsögn eða fylgst með skemmtilegum spilum.

Fyrsta Spilakaffiskvöldið fer fram í kvöld og munu Spilavinir kynna fyrir gestum tveggja manna spil eins og Sequence, Qwirkle, 10 days spilin, Dominion, 11 nimmt, Carcassonne og fleiri spennandi spil. „Ég er ekki mikill spilasérfræðingur en þær hjá Spilavinum vita allt um spilin,“ segir Hólmfríður létt í lundu. Spilavinir er verslun sem sérhæfir sig í spilum fyrir alla fjölskylduna. Verslunin Spilavinir var stofnuð árið 2007 af þeim vinkonum Svanhildi Evu Stefánsdóttir og Lindu Rós Ragnarsdóttir.

Spilakaffi er ný viðburðaröð á miðvikudagskvöldum en á þeim kvöldum er alltaf eitthvað um að vera í Gerðubergi. „Dagskráin á miðvikudagskvöldum skiptist í Handverkskaffi fyrsta miðvikudagskvöldið í mánuði, Spilakaffi annað miðvikudagskvöldið, Heimspekikaffi það þriðja og Bókakaffi fjórða miðvikudagskvöldið í mánuðinum.“ Markmiðið með þessum kvöldum er að gefa gestum kost á að kynnast áhugaverðum umfjöllunarefnum í notalegu umhverfi. „Á handverkskvöldunum okkar höfum við til dæmis farið yfir allt frá fluguhnýtingum til uppstoppunar, ásamt tréskurði og ýmsu hekli,“ segir Hólmfríður. Á komandi misseri segir Hólmfríður ýmislegt vera á döfinni í Gerðubergi. „Við förum yfir það hvernig maður heggur í grjót, yfir íslenska eldsmíði og hvernig íslensk blóm eru hekluð.“ Aðgangur er ókeypis og spil á staðnum og allir velkomnir sem mega vera úti til klukkan tíu á kvöldin.

gunnarleo@frettabladid.is

✝



Ástkæra eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**SUNNEVA GUÐJÓNSDÓTTIR SNÆHÓLM**

lést þann 19. desember á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Guðmundur Halldór Snæhólm**
**Hrefna Gróa Snæhólm** **Ómar Ólafsson**
**Sunneva Jónsdóttir Snæhólm** **Stefán Halldór Fannbergsson**
**Guðmundur Ómarsson**
**Óttar Þór Ómarsson Snæhólm**
**Tryggvi Ómarsson**
**og langömmubörn,**
**Arnar Freyr Stefánsson**
**Kristófer Jón Stefánsson**
**Hrefna Karen Stefánsdóttir**

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Skólabraut 5,**
**Seltjarnarnesi**

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 4. janúar sl. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Kristinn B. Sigurðsson**
**Gylfi Kristinsson** **Jónína Vala Kristinsdóttir**
**Hilmar Kristinsson** **Margrét Hauksdóttir**
**Snorri Kristinsson** **Kristjana Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**Ásgarði 133, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík sunnudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. janúar kl. 13.00.

**Ingibjörg Þorgilsdóttir** **Ragnar Þorgilsson**
**Björg Þorgilsdóttir** **Jón Þorgilsson**
**Anna Þorgilsdóttir** **Árni Þorgilsson**
**Guðrún Þorgilsdóttir** **Eyvindur Þorgilsson**
**tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, sonur, afi og bróðir,

**FANNBERG EINAR STEFÁNSSON**

sem lést þann 6. janúar, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Stefán Halldór Fannbergsson** **Sunneva Snæhólm Jónsdóttir**
**Sverrir Fannbergsson** **Jónína Lilja Þórarinsdóttir**
**Erna Fannbergsdóttir** **Þórarinn Björn Steinsson**
**Erna Fannberg Fannbergsdóttir**
**Lilja Brynjólfsdóttir**
**barnabörn og systkini.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Drápuhlíð í Helgafellssveit,**
**Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,**
**áður til heimilis að Hvassaleiti 56,**

lést þann 5. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. janúar kl. 13.00.

**Sigurþór Jóhannesson** **Árný Ásgeirsdóttir**
**Kristrún Jóhannesdóttir**
**Unnur Sigurþórsdóttir** **Fróði H. Isaksen**
**Erla Sigurþórsdóttir** **Örn Viðar Grétarsson**
**Eva Finnbogadóttir** **Hannes Bjarki Vigfússon**
**Albert Finnbogason** **Bergrún Snæbjörnsdóttir**
**og barnabarnabörn**

✝



Ástkær faðir okkar,

**EINAR BÁRÐARSON**
**húsasmiður,**
**Skerjavöllum 8, Kirkjubæjarklaustri,**

sem lést þann 4. janúar, verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju laugardaginn 18. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri, reikningsnúmer 317-13-300561, kt. 561112-1260.

**Bárður Einarsson**
**Eiríkur Einarsson**
**Kristín Einarsdóttir**
**Gunnar Einarsson**
**Bjarni Einarsson**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur15. janúar 2013 | 1. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## MIKIL ÞOLINMÆÐI FYRIR MISTÖKUM

➔ Viðtal við Andra Heiðar Kristinsson, þróunarstjóra hjá LinkedIn.

➔ Vinnur að farsímalausnum fyrir SlideShare sem LinkedIn keypti fyrir 119 milljónir Bandaríkjadala.

➔ SlideShare er stærsti vefur í heimi fyrir kynningarglærur, skjöl hvers konar og upplýsingar

SÍÐA 4

## Lánsfjármögnun lokið

Gengið var frá sölu eignatryggðra skuldabréfa í gær til fjármögnunar á Regin atvinnuhúsnæði ehf., dótturfélagi Regins hf. Fjármögnunin verður nýtt til uppgreiðslu óhagstæðri lána og lána sem falla á gjalddaga seinna á árinu. Heildarstærð skuldabréfaflokksins er 9,5 milljarðar og verða skuldabréf tengd fjármögnuninni skráð í Kauphöll Íslands en Íslandsbanki verður umsjónaraðili skráningar. Lánveitandi og útgefandi eignatryggðu skuldabréfanna er REG3A fjármögnun, fagfjárfestasjóður en rekstraraðili sjóðsins er ALDA sjóðir hf. Áætlaður ávinningur félagsins vegna lægri vaxtakjara er um 50 milljónir króna á ársgrundvelli. - fbj

## Keppnin um Gulleggið 2013

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið er í fullum gangi en hún er haldin árlega að fyrirmynd MIT-háskólans í Bandaríkjunum. Meginmarkmið keppninnar er að skapa vettvang fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda og rekstri fyrirtækja. „Gulleggið er keppni sem höfðar til breiðs hóps fólks, allt frá þeim sem eru með óljósa hugmynd um hvað þeir ætla að gera til þeirra sem eru komnir svolítið af stað," segir Stefán Þór Helgason, verkefnastjóri hjá Klaki Innovit sem stendur fyrir keppninni. Frestur til að skila inn hugmyndum rennur út mánudaginn 20. janúar. - fbj

## Dregið úr daglegu flökti í gengi

Seðlabankinn mun framvegis, í upphafi hvers árs, gera grein fyrir þróun á gjaldeyrismarkaði og breytingum á þróun á gjaldeyrisforða á nýliðnu ári. Í tilkynningu frá bankanum segir að stefna bankans frá maí 2013 um virkari inngrip á gjaldeyrismarkaði hafi dregið úr daglegu flökti og sveiflum í gengi íslensku krónunnar, sem styrktist um nær 11% á árinu miðað við vísitölu meðalgengis. Á árinu námu hrein gjaldeyriskaup bankans níu milljónum evra eða jafnvirði rúmlega eins milljarðs króna. Framvirkir gjaldeyrissamningar frá 2010 voru gerðir upp að hluta sem styrkti erlenda gjaldeyrisstöðu bankans um rúma 29 milljarða króna og þá voru gerðir gjaldeyrissamningar á árinu sem fólu í sér útflæði að fjárhæð sex milljarða króna. - fbj



# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**7** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**4** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
VODAFONE
6,4% frá áramótum
VODAFONE
2,1% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
ATLANTIC AIRWAVES
-9,5% frá áramótum
ATLANTIC AIRWAVES
-9,5% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 138,50 | -9,5% | -9,5% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 255,50 | -2,5% | -3,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 29,00 | 6,4% | 2,1% |
| Hagar | 40,60 | 5,7% | 1,5% |
| Icelandair Group | 19,15 | 5,2% | -0,3% |
| Marel | 133,50 | 0,4% | -1,8% |
| N1 | 18,35 | -2,9% | -1,6% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,75 | 1,3% | 0,0% |
| Tryggingamiðstöðin | 32,00 | -0,2% | 0,3% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,71 | -0,7% | -0,8% |
| Össur | 230,00 | 0,4% | -0,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.286,67 | 2,1% | -0,8% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 0,0% | 0,0% |
| HB Grandi | 22,00 | 0,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

# Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 15. janúar**
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs – stöðutölur í nóvember 2013

**Fimmtudagur 16. janúar**
- Fiskafli í desember 2013
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Föstudagur 17. janúar**
- Samræmd vísitala neysluverðs í desember 2013
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum janúar til október 2013

**Mánudagur 20. janúar**
- Vísitala byggingarkostnaður fyrir febrúar 2014**Þriðjudagur 21.**

**Janúar**
- Greiðslujöfnunarvísitala í febrúar 2014
- Mánaðarleg launavísitala í desember 2013
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga desember 2013
- Mannfjöldinn á 4. ársfjórðungi 2013
- Verðmæti sjávarafla janúar-október 2013
- Vísitala kaupmáttar launa í desember 2013

**Miðvikudagur 22. janúar**
- Vinnumarkaðsrannsókn desember 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*



**HÁTT HLUTFALL** Sala á nýjum fólksbílum til bílaleiga nam um fjörutíu prósentum af heildarsölu síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

# Keypti þúsund nýja fólksbíla árið 2013

*Stærsta bílaleiga landsins, Bílaleiga Akureyrar, keypti um fjórtán prósent af heildarsölu nýrra fólksbíla á síðasta ári. Endurnýjun íslenska bílaflotans fer að stórum hluta í gegnum bílaleigurnar.*

**VIÐSKIPTI**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Við erum stærsta bílaleiga landsins og þurfum að endurnýja flotann um hér um bil þúsund bíla á ári ef við ætlum að halda sjó í samkeppninni,“ segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar. Fyrirtækið keypti um eitt þúsund nýja fólksbíla á síðasta ári eða um fjórtán prósent af heildarsölu nýrra fólksbíla. Á sama tíma dróst sala á nýjum fólksbílum saman um átta prósent miðað við árið 2012.

„Hins vegar drógum við úr bílakaupum á síðasta ári miðað við árið á undan því rekstrarumhverfi bílaleiga var óhagstæðara en árið áður þar sem gjöld, sem við greiðum til hins opinbera, hækkuðu,“ segir Bergþór.

Bílaleigan á um þrjú þúsund bíla yfir háannatímann á sumrin, eða um fjórðung allra bílaleigubíla í landinu. Krafan um endurnýjun þýðir að fjöldi bílaleigubíla fer í sölu á almennum markaði á hverju ári.



BERGÞÓR KARLSSON



ÖZUR LÁRUSSON

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir þessa þróun óæskilega því endurnýjun íslenska bílaflotans fer nú að stórum hluta í gegnum bílaleigurnar. Hann segir sölu á nýjum fólksbílum til bílaleiga hafa numið um fjörutíu prósentum af heildarsölu síðasta árs. Hlutfallið var enn hærra árið 2010, um sextíu prósent.

„Það hefur verið stöðugur uppgangur í ferðaþjónustunni á síðustu árum og bílaleigurnar hafa blásið út vegna aukinnar eftirspurnar og það er gott mál. Á sama tíma hefur fjölskyldubíllinn setið eftir og flotinn orðið einsleitari því margar bílaleigur nota bíla frá ákveðnum framleiðendum,“ segir Özur.

„Við myndum eðlilega vilja sjá hraðari endurnýjun á bílaflotanum í gegnum hinn almenna neytanda en ekki að stórum hluta í gegnum bílaleigurnar eins og þetta hefur verið síðan 2010.“

Özur segir Bílgreinasambandið spá aukinni bílasölu á þessu ári og nefnir fimmtán prósenta aukningu í sölu á fólksbílum.

„Við teljum að þörfin sé brýn því meðalaldur fólksbílaflotans hér á landi er tólf ár á meðan hann er 8,3 ár innan Evrópusambandsins. Á meðan sitjum við eftir með óöruggari bíla sem menga meira þar sem bílar sem voru framleiddir fyrir aldamót eyða um fjörutíu prósent meira eldsneyti en bílar sömu gerðar gera í dag.“





**Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður áhugasömum að vera viðstaddir kynningu Guðrúnar Johnsen á efni nýútkominnar bókar hennar *Bringing Down the Banking System; Lessons from Iceland.***

Bókin er gefin út af hinum virta útgefanda **Palgrave Macmillan** og í henni rekur Guðrún Johnsen söguna af risi og falli íslenska bankakerfisins. Hún segir frá niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis um skaðleg áhrif af krosseignatengslum eignarhaldsfélaga og ræðir hvaða lærdóm við getum dregið af bankahruninu.

Guðrún Johnsen er lektor í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hún var starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis á árunum 2009-2010 og er varaformaður stjórnar Arion banka.

**Fyrirlesturinn verður í Hátíðarsal Háskóla Íslands fimmtudaginn 16. janúar frá kl. 12 til 14.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

www.hi.is




**FJÖRKIPPUR** Mikil velta í jólamánuðinum er árviss. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kortavelta innanlands óx um 6,7% í desember:

# Neyslugleði um jólin

Vöxtur á kortaveltu hefur ekki verið jafn hraður og á nýliðnum ársfjórðungi síðan á sama tíma árið 2011, en raunvöxtur veltunnar í desember nam 7,5% milli ára.

Kortavelta innanlands óx um 6,7% í desember en erlendis óx hún hins vegar um 16,6%. Á 4. ársfjórðungi í heild óx kortavelta að raungildi um 4,2% frá fyrra ári. Þar af var vöxtur erlendu kortaveltunnar 13,4% en innlend kortavelta óx um 3,2%.

Í morgunkorni Íslandsbanka segir að engin einhlít skýring sé á þessum fjörkipp í kortaveltunni í desember miðað við sama mánuð árið 2012, en mikil velta í jólamánuðinum er vitaskuld árviss. Hugsanlegt sé að skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi hleypt auknu lífi í innkaup landsmanna fyrir þessi jól.

Líkt og fyrri ár óx kortavelta útlendinga verulega í desember frá sama tíma og árið á undan, en hún nam alls um fimm milljörðum króna í desember sem er aukning upp á rúm 31% milli ára.

Kortavelta Íslendinga í útlöndum nam alls 6,7 mö.kr. í desember sl. Var halli á kortaveltujöfnuði, þ.e. mismunur á kortaveltu Íslendinga erlendis og veltu útlendinga hér á landi tæpir 1,7 ma.kr. sem er talsvert minna en sá rúmi 2,2 ma.kr. halli sem var í desember árið 2012.

- fbj

Make it matter

# Hraðvirkari, nettari og léttari en áður

**Stuðningi Windows XP verður hætt 18. apríl 2014. Nú er rétti tíminn til að skipta í nýja HP EliteBook 840 G1 fartölvu með Intel® Core™ i7 örgjörvanum.**




**Framúrskarandi hönnun, notendavæn og snjöll smáatriði**

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi þar sem kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

- 28% léttari og 40% þynnri.
- 15 klst. ending rafhlöðu og allt að 33 klst. með stærri rafhlöðu.*
- UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*
- Nýr valkostur, snertiskjár.*

*aukabúnaður



Auðvelt er að tengja EliteBook fartölvurnar við búnaðinn á skrifstofunni með UltraSlim tengikví.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

**Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner




**KÍSILDALUR** Andri Heiðar hefur starfað hjá LinkedIn frá nóvember 2012, síðan hefur fyrirtækið ráðið til sín 1.500 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/SHALVA KASHMADZE

# Íslendingar eru oft slappir sölumenn

***Andri Heiðar Kristinsson starfar sem þróunarstjóri hjá farsímalausnum SlideShare, fyrirtæki sem LinkedIn keypti í fyrra fyrir 119 milljónir dollara. LinkedIn er með yfir 260 milljónir notenda og tveir nýir notendur bætast við á hverri sekúndu. Markmið SlideShare er að ná inn 10 milljónum notenda á fyrsta árinu.***

**VIÐTAL**
**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

LinkedIn er eitt fyrirtækja í Kísildalnum sem vaxa hvað hraðast en þar starfa núna rúmlega 5.000 manns og í hverjum mánuði eru ráðnir um eða yfir 100 nýir starfsmenn. Einn þeirra er Andri Heiðar Kristinsson sem er „product manager“ eða þróunarstjóri hjá SlideShare, fyrirtæki sem LinkedIn keypti í fyrra fyrir 119 milljónir Bandaríkjadala.

„SlideShare er stærsti vefur í heimi fyrir kynningarglærur, skjöl hvers konar og upplýsingar og er hluti af LinkedIn. LinkedIn er sem stendur með yfir 260 milljónir notenda, tveir notendur bætast við á hverri sekúndu allan sólarhringinn. SlideShare er með um 70 milljónir notenda. Ég stýri farsímalausnum fyrir fyrirtækið sem við komum til með að kynna í mars á þessu ári,“ segir Andri Heiðar.

Andri stofnaði og starfaði sem framkvæmdastjóri Innovit frumkvöðlaseturs hérlendis áður en hann flutti til Kaliforníu til að leggja stund á MBA-nám við Stanford-háskóla.

**SPROTAFYRIRTÆKI INNAN STÓRFYRIRTÆKIS**

„Ég hafði verið mikið viðloðandi nýsköpun og lítil sprotafyrirtæki heima þannig að eftir námið við Stanford langaði mig til að fá svolítið nýja sýn á þessi mál og prófa að starfa hjá stærra fyrirtæki við nýsköpun. LinkedIn byrjaði í sjálfu sér ekki fyrir mörgum árum og var sprotafyrirtæki sjálft og tók þátt í svona hröðum vexti á þessari stærðargráðu. LinkedIn er á góðri leið með að verða eitt af þessum stóru fyrirtækjum á skala á við Facebook, Google og Amazon og bara frá því ég var ráðinn hér í nóvember 2012 er búið að ráða inn 1.500 manns. Mig langaði til að sjá hvernig maður býr til vörur og vinnur með teymum sem eru að vaxa á svona hraða og starfa á þessari stærðargráðu,“ segir Andri Heiðar.

Hann segist hafa fengið þau skilaboð um leið og hann byrjaði að ráða inn, eins hratt og hann gat, eins margt gott fólk og hann gat og stækka eins hratt og mögulegt væri þar sem markmiðið var að ná inn tíu milljónum notenda með farsímalausnir SlideShare á einu ári.

„Þetta er auðvitað magnað, hvað hraðinn er mikill og reynslan er ómetanleg,“ segir Andri.

Andri segir teymið sem hann stjórnar enn vera frekar lítið innan LinkedIn en í grunninn eru þau sex sem starfa aðeins við farsímalausnir SlideShare.

„Við erum að reyna að ráða inn fólk eins og við getum en fyrir utan kjarnateymið erum við með töluvert af fólki í kringum okkur sem starfar með okkur og öðrum teymum við gervigreind, markaðsmál, gagnagreiningu og fleira. Ætli þetta sé ekki alls um fimmtán manns sem koma að því að þróa þessar lausnir en við erum að stækka frekar hratt,“ segir Andri.

Hann segist líta á verkefni sitt sem nokkurs konar sprotafyrirtæki innan stórfyrirtækis.

„Þetta er auðvitað alger lúxus í því ljósi þar sem ég hef aðgang að auðlindum LinkedIn til að framkvæma hluti hratt og vel ásamt auðvitað ógrynni af fólki til að gefa mér ráð og læra af og það er mjög dýrmætt,“ segir hann.

**UMHVERFIÐ ÖÐRUVÍSI**

Andri Heiðar stýrði frumkvöðlasetrinu Innovit í tæplega fimm ár áður en hann ákvað að leggja sprotann á hilluna og sækja sér frekari menntun, en hann er rafmagnstölvuverkfræðingur í grunninn.

„Stanford er í hjarta Kísildalsins og það er mjög sniðugt hvað hann er nálægt því helsta sem er að gerast í heiminum í þessum geira en Google-þorpið er til dæmis þarna rétt hjá. Mér finnst fólkið sem þarna stundar nám ekkert endilega vera neitt klárara en það sem maður kynnist heima, en það er bara umhverfið sem er allt öðruvísi,“ segir Andri.

Hann segir að í skólanum sé umhverfið og andrúmsloftið þannig að það séu engin takmörk fyrir því sem hægt er að gera og hverju er hægt að áorka.

„Það er náttúrulega magnað að stunda nám með fólki sem hefur ýmist verið að ná ótrúlegum árangri á svo mörgum sviðum eins og Wall Street, stofnað skóla í Afríku til að kenna þarlendum stúlkum að lesa eða tekið þátt í stofnun sprotafyrirtækja sem hafa náð undraverðum árangri á skömmum tíma. Síðan verður að viðurkennast að kennararnir eru líka á allt öðru plani en maður á að venjast, Condoleezza Rice til dæmis kenndi mér einn áfanga, stjórnarformaður Google annan og þetta eru dæmi um þau atvik sem standa upp úr; að hafa fengið tækifæri til að heyra sögur beint frá þessu fólki, læra af því sem það hefur gert vel sem og því sem hefur mistekist,“ segir Andri.

**ÍSLENSKT SPROTAUMHVERFI**

Andri segir mikinn mun á íslensku og bandarísku umhverfi fyrir frumkvöðla, þó hann telji að það sé nokkuð margt vel gert hér heima.

„Það er auðvitað alltaf sama gamla tuggan, en miðað við höfðatölu og stærð þá er augljóst að við erum að gera ansi margt mjög vel og það er gaman að sjá þessi sprotafyrirtæki sem eru að koma upp og gera góða hluti eins og Clara, Plain Vanilla, Mobilitius og fleiri. Eitt af því sem mér finnst skera sig úr hér í Kísildalnum miðað við Ísland er að hér ríkir meiri skilningur á því hvernig slík fyrirtæki virka, hvað það er sem skiptir máli, eins og að ná notendum snemma og vaxa hratt. Ef við nefnum Plain Vanilla og Quizup sem dæmi, þá eru margir heima sem sjá ofsjónum yfir því hversu háar fjárhæðir það eru sem verið er að fjárfesta fyrir, það er hvað þessi fyrirtæki þurfa mikið til að halda áfram að vaxa, en þetta eru einfaldlega þær upphæðir sem almennt er verið að fjárfesta fyrir hérna og það sem virkilega þarf til að byggja upp svona fyrirtæki svo vel sé,“ segir Andri.

**ÍSLAND Á RÉTTRI LEIÐ**

Hann telur að Ísland sé á réttri leið í þessum málaflokki.

„En ég held að það vanti þennan skilning á eðli sprotafyrirtækja og mögulega helgast það af því að við eigum enn sem komið er fáa annarrar kynslóðar frumkvöðla hérna. Það er að segja fólk sem hefur náð langt við að stofna fyrirtæki og vegnað vel og getur lagt yngri mönnum og konum lið og þannig fært þekkinguna áfram. Við erum svolítið eftir á heima hvað það varðar, en þó er allt á réttri leið,“ segir Andri.

Hann telur að íslensk fyrirtæki séu almennt mjög sterk tæknilega séð og að það sé okkar styrkleiki en hins vegar séu Íslendingar oft slappir sölumenn.

„Maður sér það hérna úti hvað þessi fyrirtæki leggja gríðarlega mikla áherslu á báða þessa þætti samtímis. Góð vara nefnilega selur sig ekki sjálf, nema í undantekningartilvikum, og það er magnað að sjá hvernig söluteymin markaðssetja og selja vörurnar sínar hér úti á mun afkastameiri og betri hátt en ég hef séð heima svona allajafna,“ segir Andri.

> Mér finnst einnig mjög áberandi munur hérna í Dalnum hversu mikil þolinmæði er fyrir því að mönnum mistakist.

Hann telur einnig að skilningur á mistökum sé lítill á Íslandi.

„Mér finnst einnig mjög áberandi munur hérna í Dalnum hversu mikil þolinmæði er fyrir því að mönnum mistakist. Það er gífurlega algengt hér að menn stofni fyrirtæki sem síðan ganga ekki upp, kannski tapa einhverjir fjárfestar en þeir gera ráð fyrir því ef þeir eru að fjárfesta í þessum bransa á annað borð að svo geti farið. Ef menn hætta „heiðarlega“ og fara „heiðarlega“ á hausinn eða leggja niður fyrirtækið þá er mjög mikill skilningur fyrir slíku. Það er litið á það sem góða reynslu að byrja síðan upp á nýtt. En bæði heima sem og almennt í Evrópu og Asíu, sérstaklega Japan, þá virðist sem því fylgi mikil skömm að mistakast sem bæði heftir það að menn þori að taka áhættu og ekki síður að menn þora ekki að hætta, sjá ef til vill að hlutirnir eru ekki að ganga upp og oft væri bara betra að hætta fyrr og takmarka tapið. Hér er mikil jákvæðni fyrir því að menn læri af reynslunni,“ segir Andri að lokum.



## AUKNING Á KANARÍ

**Aldrei hafa fleiri Norðmenn farið til Kanaríeyja en á síðasta ári, alls 529.974 og er það fjölgun um meira en 15%. Svíar voru þó enn fleiri eða 539.210. Danir voru hins vegar 331.987. Þetta kemur fram á canarijournalen.no en ekki er getið um Íslendinga.**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**DLUX1000**
DLux 1000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum í munnúðaformi. Úði undir tungu tryggir hámarksupptöku og -nýtingu.

# FLENSUNA BURT!

**GENGUR VEL KYNNIR** *DLúx 1000 er byltingarkennd nýjung í baráttunni gegn flensu og kvefi. Í munnúðaformi sem tryggir hámarks nýtingu.*

Nú þegar myrkrið er við völd, og D-vítamínbirgðir okkar sem búum hér á norðurslóðum er í lágmarki, er alveg nauðsynlegt að fá D-vítamín með öðrum leiðum en frá sólinni. D-vítamín er oft talið eitt nauðsynlegasta vítamínið sem mannslíkaminn þarfnast. Það leikur lykilhlutverk í bein- og tannheilsu, hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið og getur því leikið stórt hlutverk í að fyrirbyggja og losa okkur við flensu, kvef og aðra fylgifiska vetrarins. Dlux 1000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum í munnúðaformi sem úðað er undir tungurót til að tryggja fljóta og örugga upptöku. Vítamínið er blandað olíu og fer því beint inn í blóðrásina í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn þar sem það oftar en ekki tapar stórum hluta af virkni sinni.

**AF HVERJU DLUX 1000?**

- Er í munnúðaformi og tryggir hámarksupptöku og -nýtingu
- Vítamínið fer beint út í blóðrásina
- Skammtar 1000IU í hverjum úða
- Í hverju glasi eru 100 úðar eða 3ja mánaða skammtur
- Með góðu piparmyntubragði
- Fyrir alla fjölskyldumeðlimi, 6 ára og eldri
- Hentar grænmetisætum

## HVAÐ ERU BÆTIEFNI UNDIR TUNGU OG HVERNIG NÝTAST ÞAU ÞÉR?

Bætiefni undir tungu (sublingual supplements) eru tekin inn við tungurót. Þegar efnin komast í snertingu við slímhúðina undir tungunni seytla þau í gegnum hana. Þar sem vefurinn undir tungunni er ríkur af háræðum berast þau þaðan hratt inn í blóðrás líkamans. Efni sem fara fyrst í gegnum meltingarveginn rýrna mikið í virkni í snertingu við magasýrur, gall og ensím áður en þau komast út í blóðrásina. Þá leið þurfa öll þau lyf og fæðubótarefni sem við gleypum, og frásogast í meltingarveginum, að fara. Þau fara úr meltingarveginum til lifrarinnar og tapa á þeirri ferð sinni stórum hluta virkni sinnar vegna hreinsunar- og efnaskiptavirkni lifrarinnar.

Inntaka undir tungu hefur þ.a.l. fjölmarga kosti fram yfir hefðbundna inntöku. Þar sem efnin komast fljótt í snertingu við blóðrásina verður virkni þeirra hraðari og rýrnun þeirra minni, því aðeins munnvatnsensím komast í snertingu við þau á leið sinni inn í blóðrásina.

**Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Kjarvali. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is**




Lionssalurinn Lundur
• Afmælisveislur
• Árshátíðir
• Þorrablót
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

Garcinia Cambogia Iceland
KOMIÐ Í VERSLANIR!
Garcinia Cambogia
DREGUR ÚR SVENGD
HJÁLPAR AÐ BRENNA FITU
DREGUR ÚR SÆTUÞÖRF
EYKUR VELLÍÐAN
100% NÁTTÚRULEGT
REYNSLA UM ALLAN HEIM
BALSAM
FRÍ HEIMSENDING hjá Heimkaupum
Hagkaup – Heilsuver – Fjarðarkaup – Heimkaup - Lyfsalinn
Glæsibæ – Akureyrarapótek og Apótek Vesturlands



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 17. janúar
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414





HÆTTU Í MEGRUN VERTU FIT
FIT kjúklinga-salat
1.790 KR
FIT kjúklinga-spjót
1.790 KR
Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4 533 1033 www.culiacan.is

# HAMBORGARAPITSA Á TEXASBORGURUM

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Á Texasborgurum við Grandagarð er alltaf verið að bjóða upp á eitthvað nýtt og nú er það hamborgarapitsa að amerískum hætti. Tveir vinsælustu skyndibitarnir sameinaðir í einn.*

Hamborgarar og pitsur eru vinsælustu skyndibitarnir og hvað er þá betra en að sameina þá í einn – hamborgarapitsu? „Ég fór í pílagrímsferð til Bandaríkjanna í nóvember, meðal annars til Texas og Arizona, og smakkaði ýmsar útgáfur af hamborgarapitsu,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þetta er þrælgóð samsetning og mig langaði endilega að bjóða upp á þetta hér á Texasborgurum.“

Á hamborgarapitsunni er Tucson-pitsusósa, mozzarella- og cheddarostur, tómatar, nautakjöt, karamelliseraður laukur, basil og óreganó. Svo er hún borin fram með frönskum og heimalagaðri bernaise-sósu! Verðið er ótrúlega lágt, aðeins 1.490 kr. „Pitsan er bökuð og grilluð yfir viðarkolum í Big green egg-grillofninum okkar,“ segir Magnús Ingi. „Við lögum deigið sjálf og sömuleiðis Tucson-pitsusósuna, sem er kryddaðri og skarpari en sú hefðbundna. Þetta þurfa allir að prófa.“

Skömmu fyrir jól vakti tveggja kílóa borgarinn á Texasborgurum mikla athygli, en með brauði, grænmeti og frönskum eru kílóin nærri þrjú. Yfir 30 hafa tekið áskoruninni og reynt að klára hann og nokkrir hafa verið grátlega nálægt því. Þeim sem tekst það fá máltíðina endurgreidda, eru útnefndir heiðursborgarar Texasborgara og fá glæsilegt viðurkenningarskjal. Það ætti að styttast í þann fyrsta, enda var talsvert sóst eftir gjafabréfum á risaborgarann til jólagjafa og Facebook-síðu Texasborgara hafa fjölmargir verið að skora á vini og vandamenn.



**GÓÐUR BITI** Hamborgarapizzan sameinar pítsu og hamborgara í einum rétti. MYND/GVA

Magnús Ingi segir að ef enginn nái að klára á næstunni þurfi hann sennilega sjálfur að taka áskoruninni. „Ég reyndi við rúmlega tveggja kílóa steik í Texas og ætla að sýna frá því í þættinum mínum, Eldhús meistaranna, á ÍNN síðar í mánuðinum. Þá kemur í ljós hvort ég er maður í þetta.“

Panta þarf risaborgarann með sólarhringsfyrirvara en nánari upplýsingar eru á Facebook og texasborgarar.is. Þar er líka matseðillinn og tilboð sem alltaf eru í gangi á þessum vinsæla hamborgarastað við gömlu höfnina.

Þess má geta að allir krakkar, 12 ára og yngri, fá frían ís eftir matinn á ítalska ísbarnum sem komið var fyrir á Texasborgurum í haust.



**ALVÖRU STEIK!** Magnús reyndi við 2 kg risasteik í Texas í sumar. Það kemur í ljós á mánudaginn 20. janúar á ÍNN hvort honum tókst að klára hana. MYND/ÚR EINKASAFNI



**RISABORGARI** Yfir 30 manns hafa reynt við tveggja-kílóa-borgarann hjá Texasborgurum. MYND/GVA

**2 FYRIR 1**

af Hamborgarapítsu með frönskum og bernaise gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo. Gildir til 28.2. 2013.

*texasborgarar.is*
*s: 517-3130*

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447





GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# FJALLGÖNGUR ALLT ÁRIÐ

**FJALLAFÉLAGIÐ KYNNIR** *Fjallafélagið leggur af stað með nýja fjallgönguáætlun í lok janúar. Í kvöld verður haldinn kynningarfundur þar sem farið verður yfir árið, en á dagskrá eru tvær göngur í mánuði.*

Bræðurnir Haraldur Örn og Örvar Þór Ólafssynir standa á bak við Fjallafélagið sem hefur það markmið að skipuleggja vandaðar og umfram allt skemmtilegar fjallaferðir. Harald Örn þekkja flestir, enda hefur hann gengið á báða pólana og Mt. Everest. Þá hefur hann viðamikla reynslu sem leiðsögumaður, enda hefur hann í fjölda ára farið með stærri hópa á Hvannadalshnúk og aðra tinda bæði innan lands og utan. „Haraldur stofnaði Fjallafélagið árið 2009 en ég gekk til liðs við það árið 2012,“ segir Örvar, sem sjálfur hefur sinnt fjallamennsku innanlands ásamt því að stunda utanvegahlaup.

„Við höfum undanfarin ár lagt áherslu á að gera fólki kleift að sigrast á hæstu tindum landsins. Þannig hefur Hvannadalshnúkur og Hrútsfjallstindar yfirleitt verið lokatakmark í fjallgönguáætlunum okkar,“ segir Haraldur, sem telur allt heilbrigt fólk geta þjálfað sig upp í að takast á við stærri fjallaverkefni með markvissri þjálfun og reynslu af fatnaði, búnaði og næringu.

„Í ár langaði okkur að taka annan vinkil á göngurnar og ákváðum því að setja á fót áætlun sem hefur ekkert eiginlegt lokatakmark, heldur einbeita okkur frekar að því að stunda fjallgöngur jafnt og þétt yfir allt árið,“ lýsir Örvar en þá bræður langar til að setja saman þéttan hóp sem gengur á flott fjöll tvisvar í mánuði. „Þannig verða útivist og fjallgöngur að lífsstíl sem heldur manni gangandi allt árið.“

Í kvöld, miðvikudaginn 15. janúar, verður Fjallafélagið með kynningarfund í verslun Intersport að Bíldshöfða. Þar verður farið ítarlega yfir áætlun Fjallafélagsins fyrir árið. „Við ætlum á fundinum að fjalla um hálkuaðstæður á fjöllum og gefa góð ráð um búnað ásamt því að fara yfir gönguáætlunina. Hún hefst í lok janúar og endar á Úlfarsfelli á gamlársdag þar sem við munum kveðja árið í góðum félagsskap. Þarna inn á milli eru nokkur af glæsilegri fjöllum okkar, til dæmis Hekla, Herðubreið, Skessuhorn í Skarðsheiði og Hlöðufell. Svo erum við með tvær jöklagöngur, Snæfellsjökul og Eyjafjallajökul,“ telur Haraldur upp, en byrjað er á léttari göngum í upphafi árs. „Svo færum við okkur upp á skaftið með vorinu og þá taka við þó nokkrar göngur í krefjandi kantinum,“ segir Örvar, sem finnst afar gefandi að sjá fólk vinna persónulega sigra með því að ljúka verkefnum sem einhvern tíma voru bara fjarlægur draumur.



**BRÆÐUR** Haraldur Örn og Örvar Þór Ólafssynir standa á bak við Fjallafélagið. MYND/VILHELM

**HEIMASÍÐA**

Nánari upplýsingar má nálgast á www.fjallafelagid.is

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16

# Stór útsala 20-70% afsláttur

**Útsalan okkar er líka á netinu** — **Vaxtalaus kortalán til 6mán**

Allar vaxtalausar greiðslur bera 3.5% lántökugjald og 340 kr. færslu gjald á mánuði.



**Vision Cult Tvíhenda Ásamt Tank Hjóli og Ace Multi Tip Skothaus**

Útsöluverð: 125.905
Verð áður: 193.700

22.059 á mánuði í 6 mánuði



**Vision Nite Catapult Tvíhenda Ásamt HDC Hjóli og Ace Multi Tip Skothaus**

Útsöluverð: 153.205
Verð áður: 235.700

26.768 á mánuði í 6 mánuði



**Vision Extreme Tvíhenda Ásamt CDC Hjóli og Vibe 85 Línu**

Útsöluverð: 118.164
Verð áður: 181.790

20.723 á mánuði í 6 mánuði



**Norfin Expert Camo Galli**

Útsöluverð: 35.940
Verð áður: 59.900



**Norfin Camo Regn Galli**

Útsöluverð: 5.940
Verð áður: 9.900



**Norfin Innanundirfatnaður**

Útsöluverð: 5.940
Verð áður: 9.900



**Vision Innanundirgalli**

Útsöluverð: 18.785
Verð áður: 28.900



**Norfin Innanundirgalli**

Útsöluverð: 8.994
Verð áður: 14.990

Til í kvenna-stærðum



**Vision Kura Vöðlur**

Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900

## Allt í dorgveiðina á 40% afslætti



**Vision Innanundirpeysa**

Útsöluverð: 17.485
Verð áður: 26.900



**Salmo Dorgveiðitjald**

Útsöluverð: 14.940
Verð áður: 24.900



**Salmo Dorgveiðihjól**

Útsöluverð: 2.394
Verð áður: 3.990



**Hollyday Bakpoki Með Stól**

Útsöluverð: 3.594
Verð áður: 5.990



**Salmo Dorgveiðistöng**

Útsöluverð: 1.914
Verð áður: 3.190



**Salmo Dorgveiðistangir**

Verð frá: 1.194



**Salmo Dorgveiði Ausa**

Útsöluverð: 894
Verð áður: 1.490



**Dorgveiðispúnar**

| William Joseph | Norfin | Vision | A.Jensen | Salmo | Zebco |
|---|---|---|---|---|---|
| 35% afsláttur | 40% afsláttur | 35% afsláttur | 35% afsláttur | 40% afsláttur | 35% afsláttur |

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílalíf**



RENAULT TRAFIC.Árg.2008,ekinn 96.þ km,dísel,5 gírar.Verð 1.980.000. með VSK,er á staðnum. Rnr.104152.S:562-1717.



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 5,7 HEMI.Árg.2005, ekinn aðeins 103.þ km,bensín,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð 1.980.000. Rnr.390071.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

---

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

---

**bílaplan.is**



**KLÁR Í ALLT**

F150 XLT 4WD árg. 1997 ek. 201 Þkm, nýleg 41" dekk, breyttur af SS Gíslasyni, 39'5 Iroc hálfslitin nelgd fylgja. 4:56 hlutföll. Loftlæstur aftan og framan. 4,6 lítra vél og 5 gíra kassi, skráður 6 manna. 2 sett af kösturum. Loftdæla og allt klárt fyrir camper , nýlega upptekin hedd og pakkningar, ekki til ryð í bílnum og lítu mjög vel út, nýskoðaður. Tilboðsverð 899 þús, Rnr 147212 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

---

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA Previa 7 manna. Árgerð 03/2006, ekinn 104 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,Flott eintak.Er á staðnum. Verð 2.590.000. Rnr.133816.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

---

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

---

**bíll.is** bestir í bílum...



**EINN MEÐ ÖLLU**

LAND ROVER Discovery 4 HSE Árg 2011, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Besta verð 10.780.000. Rnr.146757. gsm 6952015



**DÍSEL LÍTIÐ EKINN**

VW Tiguan sport style 2.0 diesel. Árg 2013, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Dráttarbeisli bakkmyndavél besta verðið 5.490.000. Rnr.136584.



**NÝR YARIS**

TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.490.000.skoðar skipti Rnr.136719

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

---

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



M.Benz GLK 220 CDI 4 Matic 5/2013 ek.39þús. Sjálfskiptur. Leður. Ásett verð 7.590.000.- Rnr.286374.



Toyota Hilux Double Cab 4/2007 ek.112þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Nýbúið að laga spíssa. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104228.



Toyota Land Cruiser 120 LX Diesel 5/2004 ek.167þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. NÝ Vetrardekk. Ásett verð 3.290.000.- Rnr.286368

---

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



VW Polo Comfortline 3/2012 ek.20þús.Sjálfskiptur. Vetrardekk og Sumardekk. Ásett verð 2.590.000.- Rnr.104180.



Suzuki Swift Gl 4wd 5/2010 ek.70þús. Beinskiptur. Ásett verð 1.780.000.- Rnr.310647

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

---

**Bílar til sölu**



**TIL SÖLU**

Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús

---

# MYGLUSVEPPUR?

**Eru gluggarnir rakir? Loftraki of hár?**

**Andarðu að þér heilbrigðu lofti?**

# Þurrktæki

# Viftur



**Örfá tæki eftir á tilboði**
**39.990**

**Tilboð í janúar frá**
**7.990**



**Stjórnaðu loftrakanum**
**Kemur í veg fyrir myglu**
**Bætir andrúmsloftið**

**Ertu með næga loftun?**
**Dregur úr raka í híbýlum**
**Eykur loftgæði heimilisins**

# íshúsið

**Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata**

# viftur.is

# Veiða ferðamenn á heimaslóðum

***Pipar\Travel býður ferðaþjónustufyrirtækjum aðstoð við að ná til erlendra ferðamanna áður en þeir halda að heiman. Ferðamenn bóka gjarnan bæði þjónustu og margvíslega afþreyingu áður en haldið er af stað.***

**FERÐAÞJÓNUSTA**

**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Pipar\Travel nefnist ný deild innan auglýsingastofunnar Pipar\TBWA sem nýverið hóf starfsemi eftir nokkurn undirbúningstíma. „Við höfum verið að kortleggja Pipar\Travel í nokkra mánuði og undirbúa okkur vel,“ segir Unnar Bergþórsson, verkefnastjóri Pipar\Travel.

„Pipar\TBWA hefur í gegnum tíðina unnið mikið fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og fundið fyrir aukinni eftirspurn frá þessum geira. Við vildum bæta þjónustuna við fyrirtækin sem við störfum fyrir ásamt öðrum nýjum og fundum fyrir mikilli þörf á sérstakri ferðaþjónustudeild hjá okkur.“

**RÁÐINN VEGNA SÉRÞEKKINGAR**

Unnar var ráðinn til Pipars til þess að sinna \Travel-hlutanum sérstaklega. Hann er með BSc-menntun í viðskiptafræði og býr yfir mikilli þekkingu á ferðaþjónustugeiranum. „Ég er uppalinn á ferðaþjónustustaðnum Húsafelli og starfaði þar seinast sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs,“ segir hann.

Unnar segir að merkja hafi mátt mikla eftirspurn eftir sérhæfðri markaðsþjónustu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki. „Fram að þessu hefur hefðbundin þjónusta auglýsingastofa ekki hentað ferðaþjónustugeiranum sérlega vel, þar sem vörur ferðaþjónustunnar eru ólíkar vörum annarra viðskiptavina,“ segir hann og bendir á að þarfir og aðstæður ferðaþjónustufyrirtækja séu aðrar og þau hafi yfirleitt úr minna markaðsfé að spila en fyrirtækin sem auglýsingastofur vinni mest fyrir.

> Fram að þessu hefur hefðbundin þjónusta auglýsingastofa ekki hentað ferðaþjónustugeiranum sérlega vel, þar sem vörur ferðaþjónustunnar eru ólíkar vörum annarra viðskiptavina.

„Þess vegna er mikilvægt að straumlínulaga þjónustuna með stuttum boðleiðum og einfaldri, áhrifaríkri markaðssetningu. Með því er hægt að bjóða upp á arðbærar lausnir í markaðsþjónustu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.“

Eins bendir Unnar á að önnur lögmál gildi þegar ná eigi til ferðamanna. Þeir séu enda gjarnir á að bóka gistingu, afþreyingu og borð á veitingastöðum áður en þeir koma til landsins. „Við viljum veita fyrirtækjum þær lausnir og þjónustu sem þarf til þess að ferðamaðurinn kaupi þjónustu þeirra áður en hann kemur til landsins. Það er svo gríðarlega mikil endurnýjun á viðskiptavinum ferðaþjónustufyrirtækja frá öllum heimshornum.“

Pipar\Travel nýtir að sögn Unnars allar stoðdeildir Pipars\TBWA til að sækja þá sérfræðiþekkingu sem hentar hverju sinni. Deildin njóti því liðsinnis 45 sérfræðinga. Þá séu samfélagsmiðlarnir nú eitt áhrifamesta markaðstól ferðaþjónustunnar. „Við nýtum öfluga og sérhæfða deild Pipars\TBWA í markaðssetningu á samfélagsmiðlum,“ segir hann.



**UNNAR BERGÞÓRSSON** Ný deild innan auglýsingastofunnar Pipars/TBWA hjálpar ferðaþjónustufyrirtækjum að ná til ferðamanna og kynna þjónustu sína áður en ferðamennirnir koma hingað til lands. Þekkt sé að ferðafólk bóki margvíslega þjónustu hér áður en haldið er að heiman. MYND/PIPAR/TWBA





Ný vaxtalaus lán
í samvinnu við Ergo.
Aðrir góðir fjármögnunarkostir einnig í boði
ergo

Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.
*Ergo býður 40% af verði bílsins að láni án vaxta í allt að þrjú ár. Þetta lánafyrirkomulag er í boði fyrir nýja bíla á lager.

# Vill prófa sjávarhverflana í sumar

***Sprotafyrirtækið Valorka á Ásbrú í Reykjanesbæ þróar tækni sem á að virkja sjávarföll. Valdimar Össurarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, vill prófa tæknina á Hornafirði en þá þarf hann styrk úr Tækniþróunarsjóði.***

**LANDSBYGGÐIN**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Ef ég fæ framhaldsstyrk úr Tækniþróunarsjóði til að halda áfram með verkefnið þá er næsta skref að prófa hverflana í Hornafirði í sumar," segir Valdimar Össurarson, framkvæmdastjóri Valorku og stofnandi fyrirtækisins.

Valdimar hefur undanfarin fimm ár unnið að þróun lághraðahverfla sem eiga að beisla sjávarfallaorku við annes. Hann er með vinnustofu á Ásbrú í Reykjanesbæ og er eini fastráðni starfsmaður fyrirtækisins. Valorka er að hans sögn eina íslenska fyrirtækið sem sinnir tækniþróun á sviði sjávarorku.

„Þetta verkefni hefur undið hratt upp á sig. Valorka hefur þróað fimm gerðir af hverflum og nokkuð mörg atriði hafa farið í gegnum einkaleyfi og þar á meðal fyrsti íslenski hverfillinn til að fá slíkt leyfi," segir Valdimar.

Fyrstu sjóprófanir á hverflum Valorku áttu að fara fram síðasta sumar á Höfn í Hornafirði. Tíminn fyrir austan fór hins vegar nánast allur í hönnun og prófanir á sérútbúnum fleka sem Valdimar ætlar að nota til að prófa hverflana næsta sumar.

„Í fyrra náði ég einungis rétt svo að dýfa hverflunum í sjó en þær prófanir voru ekki marktækar. Ég fékk einhverjar mælingar en það voru ýmis atriði sem gerðu þær jafn ómögulegar og þegar Wright-bræður voru að hlaupa með flugvélina sína fyrst



**VALDIMAR ÖSSURARSON**

og komust ekki á loft. Þetta er tækni sem hefur svipaða möguleika og flugið en fyrst þarf að koma henni af jörðinni," segir Valdimar. Hann segir aðstæður í Hornafirði kjörnar. Þar sé oft lítil bára en mikill straumur. Eini gallinn er sá að þar er jökulvatn og Valdimar sér því ekki nógu vel hvað gerist undir flekanum.

„Svo er reyndar forvitnilegur staður hérna í næsta nágrenni við mig. Ég var að mæla straumhraðann hérna úti í Ósum sem er lítill fjörður norðan við Hafnir. Þar er maður með tæran sjó og svipaðan straumhraða í logni og það er staður sem mig langar að skoða betur."

Valdimar vinnur nú einnig að öðru verkefni sem byggir á hugmynd sem er enn eldri en fyrsti hverfillinn. Þar er um að ræða ölduvirkjun sem hann vill tengja við hverflana og þróa fyrstu virkjun sinnar tegundar í heiminum.

„Ef það tekst til og sú aðferð fer í prófanir í sjó, þá er það, eftir því sem ég best veit, eina blendistegundin sem færi í prófanir í heiminum."

Framtíð þessara verkefna er hins vegar háð áframhaldandi stuðningi frá Tækniþróunarsjóði og öðrum sjóðum sem Valdimar hefur hingað til getað nýtt sér. Óvíst er hvort Valorka fái áframhaldandi styrk úr Tækniþróunarsjóði.



**Í HORNAFIRÐI** Valdimar prófaði sérútbúna flekann sem hann hannaði sumarið 2013 og hann ætlar einnig að nota flekann næsta sumar. MYND/AGNES INGVARSDÓTTIR.

„Sjóðurinn var í slæmri stöðu fyrir áramótin og það var verið að sveifla fjármagni hans fram og til baka. En ég leyfi mér að vona að þetta sé ekki endanleg synjun frá honum," segir Valdimar og bætir því við að stefnumótun stjórnvalda á sviði sjávarorku hafi einnig áhrif.

„Það er ekki enn búið að koma þingsályktunartillögu um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við Ísland í gegnum þingið. En ég er vongóður enda er búið að lofa því að hún verði lögð fram á vorþingi. Það væri tvískinnungur ef eina tækniþróunarverkefninu á þessu sviði sem er þokkalega lífvænlegt yrði stefnt í voða á sama tíma og stjórnvöld eru skoða nýtingu á sjávarorku," segir Valdimar.

„Sjávarfallaorka er áreiðanlegasta orkuauðlind heims og sú eina sem er að fullu nýtanleg án nokkurra umhverfisáhrifa. Þetta svið nýsköpunar er okkur Íslendingum opið því það er enginn að keppa við okkur og þvælast fyrir. Samt er þetta vaxandi markaður enda mikil eftirspurn eftir umhverfisvænum orkugjöfum."

# Apple-aðdáandi sem gengur á fjöll

***Lögmaðurinn Kristín Edwald er formaður nefndar sem vinnur að frumvarpi um millidómsstig. Hún er einn af eigendum Lex lögmannsstofu þar sem hún hefur starfað frá 2002. Kristín er tækjanörd og bakar og prjónar.***

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Kristín Edwald, lögmaður og formaður nefndar sem á að útfæra fyrirkomulag nýs millidómstigs, segir að frumvarp um dómstigið verði að óbreyttu lagt fyrir Alþingi í vor.

„Vinna nefndarinnar hefur gengið mjög vel en þetta er vandasamt verk og það er að mörgu að hyggja," segir Kristín.

Hún starfar sem lögmaður á Lex lögmannsstofu og er einn af eigendum stofunnar. Kristín hefur mikla reynslu á sviðum félagaréttar, skaðabótaréttar og af málflutningi og gerð áreiðanleikakannana.

„Mér finnst gaman að vinna við áreiðanleikakannanir því þá kynnist maður fyrirtækjum í alls konar atvinnugreinum og skoðar þau ofan í kjölinn og alla lögfræðilega áhættuþætti, allar skuldbindingar, eignir og slíkt," segir Kristín.

Hún hefur starfað á Lex frá 2002 en var áður hjá málflutningsskrifstofu sem varð síðar að Logos lögmannsþjónustu, og þar á eftir hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. Hún lærði lögfræði í Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 1997.

Kristín á tvö börn, Snædísi, sem er tólf ára, og Helga, sem er níu ára. Maður hennar er Þorsteinn Már Baldvinsson.

Kristínu finnst gaman að ganga á fjöll og hún segist vilja gera meira af því. „Svo finnst mér gaman að prjóna og baka. Ég tapa mér þegar ég baka afmæliskökur fyrir börnin. Ég er einnig tækjanörd og mikill Apple-aðdáandi," segir hún.

„Ég ferðast einnig mikið og ef það er eitthvert eitt land sem stendur upp úr þá er það Japan. Það hafði ótrúleg áhrif á mig og þá menningin, maturinn, umhverfið og fólkið. Ég hef farið einu sinni þangað og stefni á að fara aftur," segir Kristín.



**NÓG AÐ GERA** Kristín er einnig stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

> Ég ferðast einnig mikið og ef það er eitthvert eitt land sem stendur upp úr þá er það Japan. Það hafði ótrúleg áhrif á mig og þá menningin, maturinn, umhverfið og fólkið

## RÁÐAGÓÐ OG SKORAST ALDREI UNDAN VERKI



**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR,** lögmaður

„Ég kann ýmsar skemmtilegar sögur af Kristínu en þær eru þannig að svona virðulegt blað eins og Markaðurinn gæti ekki birt þær. Að öðru leyti er hún frábær vinnufélagi, mjög ráðagóð, greiðvikin og heiðarleg. Við höfum unnið saman að málum fyrir dómi og ég verð að segja að ég myndi ekki vilja vera vitni í sakamáli og þurfa að svara spurningum hennar. Ég horfði einu sinni á hana þegar það var ljóst að vitni sem hún var að taka skýrslu af fyrir dómi var að ljúga. Þá minnti hún mig á myndir sem ég hef séð á Animal Planet þegar blettatígurinn er búinn að finna lykt af bráð sinni og skýtur fram hökunni. Þá sá ég að hún var komin á blóðslóðina."



**BIRGIR EDWALD,** skólastjóri

„Hún er yndisleg litla systir og við höfum alltaf náð vel saman. Þegar ég var fimmtán til sextán ára skellinöðrutöffari þá var hún þriggja til fjögurra ára og fékk að sitja á bensíntanknum hjá mér. Kristín er alltaf áræðin og skorast aldrei undan neinu verki. Það er sama hvað á gengur, hún heldur alltaf ró sinni og hugsar skýrt og tekur hlutina alla leið. Þá skiptir ekki máli hvort hún er að halda barnaafmæli eða sinna einhverju tengdu vinnunni. Þess vegna rifjast þetta upp fyrir mér þetta með skellinöðruna, því seinna keypti hún sér mótorhjól."



**SIGRÚN BRYNJA EINARSDÓTTIR,** forstöðumaður nefndasviðs Alþingis

„Kristín er afskaplega traust og góð og gjafmild vinkona. Við kynntumst fyrst í Pennanum þegar við unnum við afgreiðslustörf þar. Síðan tókst með okkur góð vinátta þegar við fórum í lagadeildina. Kristín getur eiginlega allt, hvort sem það er á sviði lögfræði, kökuskreytinga og baksturs eða hannyrða. Hún er eldhugi sem finnur sér sífellt nýjar áskoranir. Síðan er hún ótrúlega árrisul og ofurskipulögð og skrifborðið hennar er það snyrtilegasta sem maður finnur."

Cooler Master · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

**MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI !**

**SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI**

**BÆTUM STÖÐUGT VIÐ NÝJUM ÚTSÖLUVÖRUM !**

**EINA ÚTSALA ÁRSINS !**

**ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI**

NÁNAR UM ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
**WWW.TL.IS**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**




OPIÐ
**10-18**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

› klinkið
Guðrún Johnsen, hagfræðingur og lektor í fjármálum.

vísir

## Hin hliðin



ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR
Aðstoðarmaður innanríkisráðherra

# Stelpan

„Ég varð að hitta á stelpuna," sagði ágætur miðaldra samstarfsmaður við mig í vikunni á fundi. Stelpan í þessu tilfelli var ég, 41 árs gamall aðstoðarmaður ráðherra sem daglega sinnir ýmsum óhefðbundnum stelpumálum, þ.e. samgöngumálum, dómsmálum, löggæslumálum, innflytjendamálum, kirkjumálum o.fl.

Stelpan er með 20 ára reynslu úr atvinnulífi, fyrirtækjarekstri og stjórnmálum, tvær háskólagráður og á tvö börn. Nú er ekki endilega slæmt að vera stelpan, myndu sumir segja, komin þetta á miðjan aldur. Ætti ég kannski að vera upp með mér?

### Stillum radarinn rétt

Nei, það er ekki gott að vera kölluð stelpan í starfsumhverfi sínu. Í orðinu felast skilaboð um reynsluleysi og áminning um að stelpur séu ekki valdar til áhrifa. Tími þeirra er ekki kominn, þær eru jú bara stelpur, þær þurfa að öðlast meiri reynslu og jafnvel mennta sig betur.

Í orðinu felst áminning um að haga sér vel og halda sig til hlés. Þar sem ég vil láta að mér kveða, hafa áhrif og gera samfélagið betra, afþakka ég pent að láta kalla mig stelpu hér eftir.

### Velji orð sín vel

Ég ætla þessum samstarfsmanni mínum ekkert illt, viðkomandi ætlaði líklega ekki að gera lítið úr mér, þvert á móti. Hins vegar óska ég að hann og aðrir velji orðin sín vel.

Merking þeirra og skírskotun er því miður svo rótgróin í menningu okkar og hugsun að við tökum ekki sjálf eftir því þegar við segjum eitthvað hjákátlegt sem setur konur niður.

Ég stend sjálfa mig oft að slíkum rótgrónum kynjamisréttishugsunum. Lykilatriðið er að taka eftir að maður geri þessi mistök og breyti í rétta átt, stilli radarinn rétt.

### Veljum konur í forystusæti

Nú eru fjölmargar mætar konur að bjóða sig fram á framboðlista stjórnmálaflokkanna fyrir sveitarstjórnarkosningar. Veljum þær í forystusæti, stillum radarinn rétt og minnum okkur og aðra á að konur eru 50% þjóðarinnar.

Það er gríðarlega mikilvægt að þær komi að ákvarðanatöku og stefnumótun í sveitarstjórnum í efstu sætum listanna.

### Stelpan biður að heilsa

Öll hljótum við að vera sammála um það að sá hópur sem valinn er til forystu þarf að endurspegla það samfélag sem við búum í til þess að þjóna því sem allra best.

Munum að ungar konur og já, konur á miðjum aldri eru meira en stelpur – þær búa yfir gríðarlegri reynslu, þekkingu og menntun sem samfélagið hefur ekki efni á að nýta ekki. Og kæri samstarfsmaður – stelpan biður að heilsa!







## atvinna

**Core ehf leitar að kraftmiklum sölumanni í fullt starf við útkeyrslu og sölu á matvælum**

Viðkomandi þarf að vera kraftmikill og vel á sig kominn, með áhuga á hollustu.
Core Ehf er heildsala sem sérhæfir sig í hollari kosti í matvælum og drykkjum.
**Vinsamlegast sendið umsóknir á alli@core.is**

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

## til sölu

# Þorrablót

**Þorrablót Húnvetningafélagsins og Húnakórsins verður haldið laugardaginn 18. janúar 2014 í Húnabúð, Skeifunni 11.**

Húsið opnað kl. 19.00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Veislustjóri er Hildur Lilja Jónsdóttir. Heiðursgestir Bjarni Aðalsteinsson og Guðrún Kristjánsdóttir. Kórdrengirnir sjá um dansfjörið.

Miðar verða seldir í Húnabúð í dag, miðvikudaginn 15.janúar kl. 18.00-20.00. Verð kr. 6.500. Tekið er við greiðslukortum. Hægt er að greiða inn á reikning 0338-26-300937. Kt. 640169-6569. Vinsamlegast sendið kvittun á **thoravals@simnet.is.**
Nánari upplýsingar gefa Gréta 898 4328 og Þóra 865 7202.

## fundir / mannfagnaður

HS ORKA HF

**RANNSÓKNARBORANIR VIÐ ELDVÖRP, GRINDAVÍKURBÆ**
**Kynningarfundur frummatsskýrslu**

HS Orka hf. boðar til kynningarfundar vegna frummatsskýrslu rannsóknarborana í Eldvörpum. Um er að ræða borun allt að fimm jarðhitaholna í þeim tilgangi að afla upplýsinga um umfang auðlindarinnar. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 16. janúar 2014, frá kl. 17:30-18:45 í Kvikunni, Hafnargötu 12a í Grindavík.

Á fundinum verður farið yfir helstu þætti framkvæmdarinnar ásamt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og mun gestum gefast tækifæri til að leggja fram fyrirspurnir.

Formlegur kynningartími frummatsskýrslu stendur yfir til 24. febrúar 2014 en fram að þeim tíma gefst almenningi kostur á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef HS Orku www.hsorka.is og á vef VSÓ Ráðgjafar www.vso.is.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

þrjár íbúðir á svæði 105, 70fm , 35 fm & 15fm. Leigðar út með öllu fyrir fólk á ferðalagi. S. 6934848/8982866. facebook.com/apartmentreykjavik

**100FM ÍBÚÐ TIL LEIGU**
4 herb. íbúið til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Er laus frá 15.jan'14 um langtímaleigu er að ræða. Snyrtimennska og reglusemi áskilin (gæludýr ekki leyfð) Uppl. e. kl 18. S.8998195.

79fm 3ja herbergja íbúð, + geymsla og stæði í bílageymslu, á Skeljagranda í Vesturbænum til leigu. Laus strax, verð 185.000. Uppl. í síma 8242290

2ja herb. íbúð til leigu á sv. 105. Verð 130þús. Uppl. í s. 778 2828

## Húsnæði óskast

Óska eftir 5 herbergja íbúð eða húsi á sv. 112 til leigu. Skilvísum greiðslum heitið Uppl. Í síma 772-6658

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR.**
Til leigu 22 m2 - 43 m2 - 65 m2 einingar á annarri hæð í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentugt fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Nánar á www.leiga.webs.com og í síma 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Langalína 13 - Sjálandi Garðabæ**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**





Glæsileg 4ra herbergja 128,4 fm. íbúð á 2. hæð í nýlegu álklæddu fjölbýlishúsi á góðum stað í Sjálandshverfi auk sér stæðis í bílageymslu. Lyfta er í húsinu. Verulega aukin lofthæð er í stofum, eldhúsi og einu herbergi íbúðarinnar. Allar innréttingar í íbúðinni frá Brúnási. Setustofa með miklum gluggum. Þrjú herbergi. Stórar svalir til norðvesturs með útsýni yfir Arnarnesvoginn og að Seltjarnarnesi. Örstutt er í ylströnd sunnan megin hússins. **Verð 44,9 millj.**
**Íbúð merkt 0204. Elísabet og Pétur á bjöllu. Verið velkomin.**

**Brávallagata 14 - Tvær íbúðir**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðrar íbúðar í risi hússins. Skjólgóðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Auðvelt að breyta annarri stofu í herbergi. Nýlegir þakgluggar eru á risíbúð. Barnvænn bakgarður á milli Ljósvallagötu og Ásvallagötu. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

**Njálsgata 62 - 2ja - 3ja herbergja**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mikið endurnýjuð 58,5 fm. 2ja til 3ja herbergja íbúð á 5. hæð. Suðursvalir með fallegu útsýni. Íbúðin er í dag 2ja herbergja, en auðvelt er að bæta við herbergi í hluta af stofunni. Húsið er allt nýlega sprunguviðgert að utan og verður málað á kostnað seljanda í vor. **Laus til afhendingar strax. Verð 21,9 millj.**
**Íbúð merkt 0501. Verið velkomin.**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ENERGIA VEITINGAST. SMÁRALIND**

**FULLT STARF.**
Starfsmaður óskast á kaffibar og í sal. Einhver reynsla æskileg. 20 ára aldurstakmark.
**Umsóknir sendist á: energia@energia.is**

Byggingarvinna á góðu verði. Góð gæði, vinn um helgar og kvöldin. Uppl. í s:7718013

## Atvinna óskast

Húsasmiður óskast.(launþegi) þarf að vera vanur bæði inni og útivinnu.Framtíðarstarf.AH verktakar sími:8965767

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**STEFNUMÓT? SKYNDIKYNNI**
Auglýstu frítt í síma 535-9923. Símastefnumót Rauða Torgsins Símastefnumót.is

Djarft íssenskt samfélag á netinu, ókeypis eða í áskrift. Frítt vídeóspjall. EroticAria.eu

## fasteignir

*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*
EIGNAMIÐLUN
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Akraland 3 Fossvogi- íbúð 0202**




Falleg og einstaklega vel skipulögð 2ja herb. íbúð á efri hæð í vönduðu litlu 2ja hæða fjölbýli á einstaklega góðum stað í Fossvoginum. Sérinngangur. Fallegar innréttingar, þvottahús innan íbúðarinnar. Rúmgóð stofa og herbergi, parket.
Mjög gott útsýni yfir Fossvoginn. Getur losnað fljótlega.
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 15.jan. frá kl. 17:00 - 17:30**
**V. 25,9 m.** 3476

**Hraunbær 44 - 1.hæð laus strax.**




Rúmgóð og vel skipulögð 114,5 fm fjögurra herbergja íbúð á 1.hæð í vel staðsettu húsi. Endurnýjað eldhús. Tvennar svalir. Stutt er í alla þjónustu, skóla leikskóla og verslun.
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 15.jan. frá kl. 17:00 til 17:30**
**V. 22,9 m.** 1445.

**Melhagi 7 - 0101 hæð ásamt bílskúr**




Falleg 109 fm neðri sérhæð rétt við Melaskóla ásamt 26,7 fm bílskúr. Samtals 136,6 fm. Eignin skiptist í þrjú herbergi, stofu, hol, baðherbergi og eldhús. Í kjallara eru sérgeymsla og sér útigeymsla ásamt sameignar þvottahúsi.
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 15.jan milli kl. 17:00 og 18:00**
**V. 44,9 m.** 4559

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

# VIÐ PRENTUM bækur




**Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklinga • Fjölpóst**
**Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 823 Prentgripur

Suðurhraun 1 | Garðabær | Sími: 59 50 300 | **www.isafold.is**



2 | KL. 20:30 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegum nótum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:05

2 BROKE GIRLS

Gamanþáttur um Max og Caroline sem taka höndum saman og láta sameiginlegan draum rætast.



2 | KL. 21:00

THE FACE

Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



2 | KL. 21:50

LÆRKEVEJ

Dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem að flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni..



3 | KL. 19:50

BABY DADDY

Nýir gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



3 | KL. 21:35

SLEPPY HOLLOW

Æsispennandi þættir um mann sem vaknar upp frá dauðum eftir 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | | | 9 | 6 | | 8 |
| 6 | 2 | | | 5 | | 1 | | |
| | | | | 8 | 6 | 2 | | |
| 5 | 9 | | | | 3 | | 1 | 4 |
| | | | 4 | | | | 9 | 5 |
| 7 | | | | | | | | 2 |
| | | | 5 | 6 | 2 | | | |
| 9 | | 5 | 8 | | | | | |
| | 1 | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 6 | | 5 | | |
| 8 | 6 | | | | | | 1 | |
| 3 | 4 | | 8 | | | | | 7 |
| 2 | 7 | 8 | | | 6 | | | 9 |
| | | | | | | | | |
| | | 6 | 4 | 8 | | | | 2 |
| | 5 | | 6 | 2 | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 7 | 5 | | 3 | | |
| | | | 1 | | 4 | | 2 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 5 | 2 | | |
| 9 | 5 | | 6 | | | | | 3 |
| 3 | | | 7 | | 9 | | | |
| | | 5 | | | 4 | | | |
| 1 | 4 | 9 | | | 3 | | | 7 |
| | | | | | | 1 | 9 | 4 |
| 6 | | | | | | 5 | | |
| | | | 5 | 8 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 | 5 | 3 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 3 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 8 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 4 | 1 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 8 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 2 | 7 | 1 | 8 | 5 | 3 | 4 | 9 |
| 7 | 3 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Stundum er erfitt að forðast hamingju annarra.“

*David Assael*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** sál, **6.** í röð, **8.** spil, **9.** tækifæri, **11.** númer, **12.** hrekja, **14.** hroki, **16.** í röð, **17.** stilla, **18.** ennþá, **20.** tveir eins, **21.** síkjur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** ónefndur, **4.** rafall, **5.** for, **7.** ódæll, **10.** síðasti dagur, **13.** sjór, **15.** krakki, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** anda, **6.** áb, **8.** níu, **9.** lag, **11.** nr, **12.** flæma, **14.** dramb, **16.** hí, **17.** róa, **18.** enn, **20.** rr, **21.** snap.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** nn, **4.** dínamór, **5.** aur, **7.** baldinn, **10.** gær, **13.** mar, **15.** barn, **16.** hes, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Staðan kom upp í skák Ólafs G. Jónssonar (1.878) og Davíðs Kjartanssonar (2.336) í 2. umferð Skákþings Reykjavíkur.**

**Hvítur á leik:**



Hvítur lék 15. Df3? g6 16. d5? cxd5 17. exd5 gxh5 18. dxe6 Dxe6 og svartur fékk unnið tafl. Hvítur á hins vegar 15. Bxf7+! Bxf7 16. Df3 og svartur er gjörsamlega varnarlaus. Til dæmis er 16.…Hxd4 svarað með 17. Dxf7+ Kd8 18. Rg6!
**www.skak.is** 50 ára afmælisbók Reykjavíkurskákmótanna.


LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
★★★★★
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
★★★★★
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
★★★★★
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
★★★★★
The Guardian
„Snilldarmynd! DiCaprio hefur aldrei verið betri og Scorsese sjálfur upp á sitt besta."
★★★★★
T.V. - Bíóvefurinn/Séð & Heyrt
GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
LEONARDO DICAPRIO
KOMIN Í BÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN

# MENNING

## Edda Heiðrún sýnir fyrir norðan

Sýning á myndum eftir Eddu Heiðrúnu Backman verður opnuð á Læknastofum Akureyrar, Hafnarstræti 97, á morgun, 16. janúar klukkan 16.

Galleríið á Læknastofum Akureyrar verður prýtt myndum Eddu Heiðrúnar Backman, listmálara, leikara og leikstjóra, næstu vikurnar, reyndar frá og með síðdeginu á morgun því formlega verður sýningin á myndum hennar opnuð klukkan 16 þann 16. janúar. Allir eru velkomnir.

Það er óvenjulegt að listasalir séu á læknastofum en Svanlaug Inga Skúladóttir, framkvæmdastjóri Læknastofu Akureyrar, segir það hafa viðgengist þar frá árinu 2005. „Við höfum verið með gallerívegg á biðstofunni og göngunum hjá okkur alveg frá því við opnuðum og erum alltaf með sýningar – ekki alltaf eftir þekkta málara en stundum rekur þá á fjörur okkar eins og núna. Það er mjög gaman að vera alltaf með list á veggjunum,“ segir hún.


EDDA HEIÐRÚN

Læknastofur Akureyrar eru á 6. hæð við Hafnarstræti 97 og að sögn Svanlaugar Ingu koma þangað alls um 2.300 manns á mánuði að heimsækja læknana og sér þá sýningarnar í leiðinni. „Fólk sem þarf að koma aftur og aftur hefur gaman af að sjá alltaf nýja og nýja list,“ segir hún.

Edda Heiðrún hefur fengist við myndlist síðan haustið 2008 og málar með munninum. Áður hafði hún starfað sem leikkona, söngkona og leikstjóri. Hún segir sköpunina halda sér lifandi, ekki aðeins sem tilfinningaveru, heldur hafi hún áhrif á lífsviljann og líkamann.

- gun


**KRÍA** Fuglar eru eftirlæti Eddu Heiðrúnar.

## Framkalla léttleika í sálinni í Salnum

Flautukórinn fagnar nýja árinu með fjörugri dagskrá í Salnum sem hefst klukkan 12.15 í dag. Hún er liður í tónleikaröðinni Líttu inn í hádeginu.

„Þetta eru fyrstu hádegistónleikar ársins í Salnum og það sem einkennir þá er gleði,“ segir Guðrún Birgisdóttir, ein þeirra flautuleikara sem spila í Salnum í hádeginu í dag. Hún grínast með að ekki veiti af að framkalla léttleika í sálinni í sykurfallinu eftir hátíðarnar. „Það er víða mikið spilað af Vínarmúsík í tilefni nýja ársins, við erum bara með eina syrpu af henni á okkar tónleikum, eftir Johann Strauss yngri en svo erum við með eitt franskt, Ketti eftir Marc Berthomieu og annað ítalskt eftir Vivaldi sem heitir Gullfuglinn. Svo það snýst allt um dýr hjá okkur, leðurblöku, gullfugl og ketti!“

Í Flautukórnum eru tólf flautuleikarar sem taka virkan þátt í íslensku tónlistarlífi bæði með kennslu og tónleikum. Hann skipa að þessu sinni auk Guðrúnar þau Hafdís Vigfúsdóttir sem flytur einleik í Gullfuglinum, Jón Guðmundsson, Karen Erla Karólínudóttir, Kristrún H. Björnsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Petrea Óskarsdóttir.


**KISUDEILDIN** Þær Guðrún, Petrea, Kristrún og Karen Erla voru að æfa Kettina þegar ljósmyndarann bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þeir koma fram sem eru lausir á hverjum tíma og þetta er hópurinn sem var tilkippilegur núna. Hafdís er nýkomin úr löngu framhaldsnámi og það er gaman að hún skuli vilja spila fyrir okkur Gullfuglinn,“ segir Guðrún og er ánægð með að hópurinn skyldi komast í þessa tónleikaröð, enda segir hún mikið flautað í Kópavogi. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 og gestum er boðið upp á te og kaffi áður en þeir byrja.

gun@frettabladid.is

## Sýning Steinunnar minnistæðust

Sýning Steinunnar Þórarinsdóttur var valin ein af tíu minnisstæðustu myndlistarviðburðum Chicago árið 2013 samkvæmt Chicago Magazine.

„Það er auðvitað mikill heiður fyrir mig að sýningin sé nefnd í þessu samhengi enda úr ótrúlega mörgum myndlistarviðburðum að velja á heilu ári í Chicago,“ segir Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður, en sýning Steinunnar, Borders, hefur vakið mikla athygli og var meðal annars valin ein af tíu minnisstæðustu myndlistarviðburðum í Chicago árið 2013 af Chicago Magazine.

„Þetta er ein af stærstu borgum Bandaríkjanna og þekkt fyrir menningu og listir. Nú er unnið að því að ég fari til Chicago á árinu og haldi fyrirlestur í tengslum við Chicago Art Institute en sýningin er staðsett við hlið safnsins í Solti Garden,“ segir Steinunn jafnframt.

Auk þessa hefur verið fjallað um sýninguna í Chicago Tribune, Chicago Sun Times, sýningin var á forsíðu tímaritsins Where Magazine í október og allar sjónvarpsstöðvar í Chicago hafa fjallað um hana, svo eitthvað sé nefnt.


**ÞAKKLÁT FYRIR STUÐNINGINN** Nú er unnið að því að Steinunn haldi fyrirlestur í tengslum við Chicago Art Institute. MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON

„Ég er þakklát fyrir þann stuðning sem sýningin fékk hérna heima en menntamálaráðuneytið veitti ríflegan styrk. Sýningin er að öðru leyti kostuð af Bloomberg og unnin í samvinnu við Chicago Park District og Grant Park Conservancy,“ útskýrir Steinunn.

Steinunn hélt síðast einkasýningu á Íslandi seint á síðasta ári, í Gallerí Tveimur hröfnum á Baldursgötu. Þá var verkið Hliðstæður eftir Steinunni sett upp við flugvöllinn í San Diego í Kaliforníu fyrir skemmstu.

olof@frettabladid.is





Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Startup Energy Reykjavik

# FJÁRFEST Í ORKUSPROTUM

## Kynningarfundur 16. janúar kl.12:00

Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavik fjármagnar og styður við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Verkefnið gefur fyrirtækjum, einstaklingum og hópum einstakt tækifæri á að koma nýsköpunarverkefnum á framfæri. Á tíu vikum vinna teymin að því að fullmóta viðskiptahugmyndir sínar með aðstoð sérfræðinga og loks kynna afraksturinn fyrir mögulegum fjárfestum.

Fimmtudaginn 16. janúar fer fram kynningarfundur um Startup Energy Reykjavik þar sem verkefnið verður kynnt.

Staðsetning:
Höfuðstöðvar Arion banka, Borgartún 19
Klukkan 12:00 - 13:00

## Óskað er eftir orkutengdum umsóknum á sviði:

- Hugbúnaðar
- Viðhaldsþjónustu
- Véla og búnaðar
- Efnaiðnaðar
- Sérfræðiþjónustu
- Tengdum greinum

GEORG Geothermal Research Group | Arion banki | Landsvirkjun | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | klak innovit | Iceland geothermal



www.startupenergyreykjavik.com

# Tóneyrað angrar ekki lengur

**Jónas Örn Helgason er með svokallað fullkomið tóneyra og getur þekkt tóna án þess að hafa annan tón til viðmiðunar. Honum fannst óþægilegt þegar kórstjórinn skipti um tóntegund þegar hann var í kór.**

Jónas Örn Helgason tilheyrir þeim fámenna hópi fólks sem hefur svokallað fullkomið tóneyra.

„Þegar ég heyri einhvern tón þá veit ég hvað tónninn heitir. Ég heyri sérstakan blæ í hverjum tóni fyrir sig. C hefur bjartari blæ en Dís. Það eru tólf tónar í áttund svo það eru tólf mismunandi blæir. Ég heyri samt ekki muninn á einstrikuðu C og tvístrikuðu, það er sami blærinn.“

Jónas Örn var keppandi í Gettu betur á menntaskólaárunum.

„Ég man að ég heyrði Gettu betur spurningu, ég var reyndar ekki þátttakandi í það skiptið, en spurningin var: „Í hvaða tónhæð er sónninn á símanum.“ Þá vissi ég alveg svarið, án þess að nokkur hefði sagt mér það.“

Fullkomið tóneyra er frábrugðið afstæðu tóneyra. Markmið tónheyrnarkennslu í tónlistarskólum er að þjálfa afstætt tóneyra, það er að segja getuna til að þekkja tónbil, en ekki fullkomið tóneyra, sem gerir fólki kleift að þekkja tóna án þess að hafa annan tón til viðmiðunar.

„Ég les nótur aðeins öðruvísi en ég myndi gera án þessa,“ segir Jónas Örn. „Ég heyri það sem ég les inni í mér í réttri tónhæð. Þegar ég heyri lag sungið í annarri tóntegund þá er það „vitlaust“ í mínum eyrum þegar ég er að lesa það í réttu tóntegundinni. Maður heyrir alveg ef fólk er búið að breyta tóntegund í einhverju lagi. Ég var einu sinni í kór, og þá angraði þetta mig stundum.“

Jónas segir að fullkomið tóneyra sé ekki einungis til hægðarauka. „Þetta gerir mann ekkert að tónskáldi og hefur kannski minni áhrif á sköpunargáfuna en maður myndi halda. Þetta gerir mér erfiðara fyrir að spinna við laglínur, og líka að tónflytja lög.“

Jónas Örn lærði á fiðlu þegar hann var lítill og uppgötvaði að hann var óvenjulega fljótur að ná laglínum. „Sumir virðast geta þjálfað þetta með sér. Það lýsir sér oft aðeins öðruvísi en hjá mér. Mér skilst að þeir heyri annan tón inni í sér sem þeir hafa til viðmiðunar. Mér finnst aftur á móti eins þetta hafi alltaf hafa verið hluti af minni heyrn.“

Ólíkt mörgum öðrum sem eru með fullkomið tóneyra er Jónas Örn ekki tónlistarmaður. „Ég er bara áhugamaður. Margir aðrir eru að vinna við tónlist. Ég var mikið að læra á hljóðfæri en nennti aldrei að læra tónfræði af því að mér fannst hún ekki skemmtileg.“

Tónar eru ekki bara í tónlist, heldur líka í umhverfinu. Sumir með fullkomið tóneyra geta greint tónhæð í suði ísskápa og fleira. „Oft eru ótónar í umhverfinu, eins og í bílaumferð,“ segir Jónas Örn. „Maður heyrir ekki tónlist alls staðar. Stundum bara eitthvert ógreinilegt hljóð. Í gamla daga var ég oft að hlusta eftir tónum í umhverfi mínu en maður myndi örugglega missa vitið ef maður væri alltaf að pæla í þessu. Maður lærir að leiða þetta hjá sér. Þetta böggar mig ekki lengur.“

ugla@frettabladid.is



**MANNVITSBREKKA** Jónas Örn Helgason vann spurningakeppnina Meistarann og keppti í Gettu betur. MYND/GVA

## Fullkomið tóneyra og afstætt tóneyra

- Þeir sem hafa fullkomið tóneyra geta þekkt tónhæð án þess að fá annan tón til viðmiðunar.
- Margir tónlistarmenn hafa gott afstætt tóneyra. Þeir geta greint tónbil, og fundið út tónhæð ef annar tónn er gefinn til viðmiðunar.
- Fullkomið tóneyra er sambærilegt hæfileikanum til að þekkja liti, því að litasjón gengur út á að þekkja tíðni ljóss, og fullkomið tóneyra gengur út á að muna tíðni hljóðs. Flestir hafa litasjón, en fullkomið tóneyra er nokkuð sjaldgæft.
- Fullkomið tóneyra er algengast hjá fólki sem hefur tónamál, eins og mandarín og víetnömsku, að móðurmáli.
- Sumir með fullkomið tóneyra þekkja ekki aðeins tóna í tónlist, heldur líka í hljóði sem hlutir gefa frá sér. Þeir geta til dæmis greint tónhæð ísskápasuðs.
- Wolfgang Amadeus Mozart var með fullkomið tóneyra, og einnig tónskáldin Camille Saint-Saëns og John Philip Sousa.



**VINSÆLL** Högni Egilsson á sviði. Mynd/ Christian Demare.

### → Æfði sig þangað til hann lærði að þekkja tóninn a

Högni Egilsson tónlistarmaður er frændi Jónasar Arnar og er með sum einkenni fullkomins tóneyra.

„Mér finnst hálfasnalegt að vera að segja frá þessu. Ég er ekki beinlínis með það sem heitir fullkomið tóneyra, en ég þekki nokkra tóna og nokkra hljómliti og ég get fundið aðra tóna með því að miða út frá þeim. Ég veit alltaf hvaða tónn a er, og þegar ég heyri d-dúr þá þekki ég hann.

Högni þjálfaði þetta upp hjá sér.

„Ég æfði mig í því að þekkja tóninn a. Ég myndi tengja þetta við minni. Ég heyri fyrir mér hvernig lög eiga að hljóma og man hvernig hljómurinn heyrist. En þetta er ekki alltaf 100% rétt hjá mér. Þetta er ekki alveg absolút dæmi hjá mér.

Ég þekki hins vegar krakka sem þekktu alla hljómliti bara frá byrjun. En það gæti líka verið að þau hafi bara æft sig svona mikið, æft þetta ómeðvitað þegar þau voru lítil. Joaquín Páll Palomares fiðluleikari er til að mynda með þetta.“




Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

40%
afsláttur
af umgjörðum
miðvikudag
til
laugardags

facebook.com/linsan.is
LINSAN
Skólavörðustíg 41 • 551 5055

# • ÚTSALA • ÚTSALA •

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM



## 30-50% AFSLÁTTUR

*Svæðaskipt heilsurúm*
*90 x 200 cm*
***Verð frá 69.900.-***

*Svæðaskipt heilsurúm*
*160x200 cm*
***Verð frá 139.200.-***

*Sérsmíðum heilsurúm*
*í öllum stærðum.*
*Dýnur og botna.*

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!





## 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ETHANOL ÖRNUM

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BELIEVE | KL. 3.30 - 5.40 - 7 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 9.10 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 3.30 - 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.30 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 - 8 - 10:15 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| HOBBIT 2 | 5:30, 9 | 12 |
| JUSTIN BIEBER'S BELIEVE | 6 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5, 8, 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:20 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 10:30 | |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8:20 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 5:30 - 8:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 | 10 |
| FROZEN ENSTAL 2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL | KL. 2D: 5:40 3D: 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 7 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 4:40 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL 3D | KL. 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 7:30 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

# Þeir sem blindir borða málleysingja

**BAKÞANKAR**
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Stuðmenn náðu að mínu mati að lýsa manngæskunni ansi vel í laginu *Haustið '75*, þar sem þeir sungu: „Hann er vænn við menn og málleysingja, létt er æ hans pyngja, því margvíslegt hann styrkir málefnið.“ Þennan gæðamann þekki ég reyndar persónulega.

**HANN** er ekki blaðurgjarn. Hafi hann ekkert að segja þá þegir hann. Hann lastar ekki annað fólk né lofar, að óígrunduðu máli. Og aldrei hef ég heyrt hann trana sjálfum sér fram, ekki í eitt einasta skipti. Samt grípur hann athygli mína aftur og aftur.

**ÞAÐ** sem vekur eftirtekt mína er framkoma þessa manns í garð barna og dýra. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að menn sýni þessum hópum áhuga og hlýtt viðmót. Í samfélagi sem snýst um peninga er nefnilega ekkert á því að græða að vera góður við dýr og börn. Ekki í kapítalísku samhengi, í það minnsta. Þú myndar engin sambönd. Þetta er ekki stéttin sem kemur þér á framfæri.

**HINS** vegar er hægt að græða á því að vera vondur við dýr (og börn líka, en það er ekki til umræðu hér). Og þarna komum við að kjarna málsins. Kjúklingar eru framleiddir eins og leikföng í verksmiðju og litlu skeytt um velferð þeirra. Vitund fólks um dýraníð fer þó vaxandi og umræðan var á tímabili svo lifandi að maður gat ekki brugðið sér á netið án þess að sjá að minnsta kosti tvö myndbönd sem sýndu illa meðferð á dýrum við ýmiss konar framleiðslustörf. Að mínu mati kristallast hrein mannvonska í því að koma illa fram við þá sem ekki eiga sér málsvara.

**ÞAÐ** er auðvelt að loka bara augunum og fálma eftir frosnum kjúklingi úr kæliborðinu, kalla þetta „nagga“ eða „lundir“ eða eitthvað sem við sjáum ekki fyrir okkur hlaupa um á engi… En það er líka auðvelt að vera meðvitaður neytandi. Ég styð heilshugar fjölbreytt mataræði, en ekki dýraníð.

**ÞAÐ** er pirrandi þegar fólk treður skoðunum sínum upp í aðra. Við skulum þess vegna taka þetta í litlum bitum. Byrjum nú bara öll á að hætta að borða kjúkling. Ókei?



**HALLA Á HJÓLI** Leikkonan fann sér ýmislegt til dundurs í frítímanum á suðurskautinu. Hér er hún á snjóhjóli á Union-jökli.



**Á TOPPNUM** Halla var vel dúðuð á toppi Vinson Massif.

# Borðaði hálfeldað pasta á suðurskautinu á aðfangadag

Leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir komst á topp Vinson Massif á Suðurskautslandinu um jólin. Hún segir magnað að heimsækja þessa óbyggðu heimsálfu. Þetta er þriðji tindurinn sem Halla klífur á einu ári.

„Það er aldrei gefið að maður nái toppnum en maður getur verið heppinn og heppnin felst í því að veðrið sé eins og best verður á kosið,“ segir leikkonan og fyrirsætan Halla Vilhjálmsdóttir. Hún komst á topp Vinson Massif, hæsta tind Suðurskautslandsins, ásamt kærasta sínum, Harry Koppel, og pólfaranum Vilborgu Örnu Gissurardóttur um jólin, en þau þrjú voru saman í teymi í leiðangrinum.

„Þegar við vorum að ná toppnum var veðrið orðið svolítið slæmt og leiðsögumaðurinn sagði að það væri tvísýnt hvort við kæmumst alla leið. Það var náttúrulega frábært að komast á toppinn.“

Halla eyddi jólunum á Suðurskautslandinu og upplifði öðru vísi aðfangadagskvöld en hún er vön.

„Á jólunum borðaði ég hálfeldað pasta upp úr stálskál sem var ekki búið að þvo í viku. Þetta borðaði ég með tæki sem er kallað „spork“ og er bæði skeið og gaffall úr plasti. Með þessu drakk ég bráðinn snjó úr plastflösku sem var ekki heldur búið að þvo í viku. Sá sem aðstoðaði mig við matargerðina var ekki búinn að fara í sturtu síðan 4. nóvember. Um nóttina svaf ég í frosnum svefnpoka í frosnu tjaldi. Þetta voru kannski ekki þægilegustu jólin en ef þetta hefði komið mér á óvart væri ég óttalegur kjáni,“ segir Halla með bros á vör. Henni fannst magnað að koma í þessa óbyggðu heimsálfu.

„Það var skrítið. Óbyggð heimsálfa sem pabbi sagði mér frá þegar ég var lítil en ég ætlaði aldrei að fara þangað. Fegurðin þarna er óviðjafnanleg. Það er allt mjög hvítt, fínt og hreint og það snjóar minna en maður heldur.“

Vinson Massif er þriðji tindurinn sem Halla gengur á á einu ári og fyrir ferðina á suðurskautið var hún búin að ná toppnum á Aconcagua í Suður-Ameríku og Kilimanjaro í Afríku. Hún flaug heim til Íslands eftir að hafa náð tindinum á Vinson Massif og eyddi restinni af jólafríinu hér. Í síðustu viku flaug hún síðan til London þar sem hún er búsett en er ekki byrjuð að skipuleggja næstu ferð.

„Á Suðurskautslandinu kynntist ég mörgu frábæru og mögnuðu fólki sem var búið að gera ýmislegt. Þá auðvitað vaknaði áhugi en það er erfitt að ákveða hvað kemur næst. Ég tek bara einn tind í einu. Ég er ekki með neitt markmið, þetta er bara skemmtilegt áhugamál.“



**HAMINGJUSÖM** Halla og Harry skemmtu sér konunglega í ferðinni.

MYNDIR/EINKASAFN



**LÖNG GANGA** Hér dregur leikkonan sleða með birgðum og búnaði.

Í London tekur svo hversdagsleikinn við.

„Ég er með nokkur bókuð verkefni, til dæmis auglýsingu fyrir amerískan linsuframleiðanda og tvö snyrtivörufyrirtæki. Ég er að vinna að kvikmynd sem er ekki víst hvenær fer í tökur. Það er mjög spennandi verkefni sem ég má ekki segja meira frá að svo stöddu.“

**liljakatrin@frettabladid.is**

> **Sá sem aðstoðaði mig við matargerðina var ekki búinn að fara í sturtu síðan 4. nóvember. Um nóttina svaf ég í frosnum svefnpoka í frosnu tjaldi.**
>
> *Halla Vilhjálmsdóttir*

BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# Fékk hugmyndina upp úr ælupest sonar

Gleðigjafinn Þorsteinn Guðmundsson gefur út nýja tímaritið Glott. Tímaritið er skemmtirit fyrir fullorðna og inniheldur meðal annars pistla þekktra einstaklinga.

„Strákurinn minn fékk ælupest og konan mín kom heim með barnablað sem átti að gleðja strákinn og þá fékk ég hugmyndina um að búa til hresst skemmtirit fyrir fullorðna,“ segir gleðigjafinn Þorsteinn Guðmundsson, sem gaf um liðna helgi út nýtt tímarit sem kallast Glott.
Um er að ræða tímarit sem stefnt er á að gefa út einu sinni í mánuði.
„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar þannig að ég er bjartsýnn á framhaldið.“
Spurður út í titil tímaritsins, segir Þorsteinn hann vera niðurstöðu ákveðins hugarflugs. „Ég vildi láta titilinn tengjast hlátri og brosi. Bros er bara of væmið en glott er betra og lifir af.“
Nokkrir höfundar sem skrifa í blaðið og á meðal pistlahöfunda eru Ari Eldjárn, Doktor Gunni, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og svo er viðtal við Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkmann í knattspyrnu. Þó skrifa ekki alltaf sömu höfundarnir í öll blöðin.
„Við viljum að efni blaðsins sé létt og það sé húmor í því þannig að við sleppum allri pólitík og dægurmálum, viljum að þetta sé tímalaust blað. Þetta er samt ekki brandarablað,“ bætir Þorsteinn við.

Það verða þó ekki alltaf sömu pistlahöfundarnir sem skrifa í blaðið nema Halldór Baldursson.

„Halldór verður alltaf með framhaldssögu, hann á marga aðdáendur og set ég hans opnu í miðjuna svo það sé hægt að taka hana úr eins og menn gerðu við plakötin í gamla daga. Það er ákveðinn gamaldagsfílingur yfir þessu.“

Þorsteinn segir það ekki vera á döfinni að gera Glott að veftímariti en útilokar þó ekki að Glott fari á netið í framtíðinni.

Ásamt skrifum og tímaritssmíði kemur Þorsteinn fram með Mið-Íslandi á uppistandi í Þjóðleikhúsinu á næstunni. „Mér er líkt við Eið Smára í Mið-Íslandi því mér er alltaf skipt inn á þegar mikið liggur við.“

gunnarleo@frettabladid.is




**GAMAN AÐ GLOTTA** Þorsteinn Guðmundsson sendir frá sér tímaritið Glott. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**„Ég vildi láta titilinn tengjast hlátri og brosi. Bros er bara of væmið en glott er betra og lifir af.**





FJALLAFÉLAGIÐ HELDUR KYNNINGARFUND Í KVÖLD 15. JANÚAR
KL. 20:00 Í VERSLUN INTERSPORT Á BÍLDSHÖFÐA.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- Kynning á Fjallafélaginu
- Hálkuaðstæður á fjöllum – hvernig má forðast óhöpp
- Nokkur ráð varðandi fatnað og búnað
- Fjallgönguáætlun 2014
- Haglöfs útivistarfatnaður – stutt kynning

ALLIR VELKOMNIR!

24 FJALLGÖNGUR
Gengið á miðvikudögum og laugardögum
HEFST 29. JANÚAR Á ÚLFARSFELLI
Tvær jöklagöngur: Eyjafjallajökull og Snæfellsjökull

Nánari upplýsingar á www.fjallafelagid.is

FJALLAFÉLAGIÐ THE ICELANDIC MOUNTAIN COMPANY HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON
HAGLÖFS
INTERSPORT SPORT TO THE PEOPLE






Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í baki!




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

VOL130101

Voltaren Dolo 25 mg húðaðar töflur. Inniheldur 25 mg kalíumdíklófenak. Er notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Skammtar fyrir fullorðna og börn 14 ára og eldri: Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring og lengst í 3 sólarhringa. Meðhöndla á í eins skamman tíma og í eins litlum skömmtum og mögulegt er. Töfluna á að gleypa í heilu lagi með glasi af vatni, helst fyrir máltíð. Ekki má taka Voltaren Dolo ef þú ert: yngri en 14 ára, með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, acetýlsalicýlsýru eða öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum, með sár eða blæðingu í meltingarvegi, hjartabilun, skerta lifrar eða nýrnastarfsemi, mikla blóðflagnafæð, á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitaðu ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en þú tekur lyfið ef þú: ert með astma, hjartasjúkdóm, sjúkdóm í meltingarvegi, notar önnur lyf, notar verkjastillandi lyf við höfuðverk í langan tíma, ert næmur fyrir vökvaskorti, ert með sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðstorku, ert að fara í aðgerð, ert eða ætlar að verða þunguð eða ert með barn á brjósti. Gæta skal þess að lyfið getur dulið einkenni sýkingar. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## Þetta var lélegt hjá mér



„Lokasóknin var sett upp þannig að við áttum að skora. Mér fannst ég fá færi og því tók ég skotið. Kannski var skotið of snemmt og kannski var Kári frír á línunni. Hann var líklega frír. Þetta var lélegt hjá mér,“ sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson sjálfsgagnrýninn, en hann tók lokaskotið í leiknum í gær en það fór í vörnina. Ísland tók ákveðna áhættu í lokasókninni með því að taka markvörðinn af velli og setja aukamann í sóknina. Sem betur fer fór skot Ásgeirs út af því annars hefðu Ungverjar getað skorað blóðugt mark. „Við nýttum ekki vel að vera manni yfir í leiknum. Spiluðum ekki nógu vel í sókninni. Við gátum gert betur en þetta og fengum fullt af tækifærum til þess að klára leikinn þannig að þetta er frekar svekkjandi.“ Liðið er komið áfram í milliriðil þannig að það mátti gleðjast yfir einhverju. „Við lítum samt á þetta sem tapað stig en eitt er betra en ekkert. Við munum bæta fyrir þetta síðar.“

## Fékk svakalega gæsahúð í þjóðsöngnum

**HANDBOLTI** „Ég er gífurlega svekktur. Það hefði verið svakalega gott að fá tvö núna,“ sagði einn besti leikmaður Íslands í gær, Bjarki Már Gunnarsson. Hann átti hreint út sagt stórkostlega innkomu í vörnina eftir um tíu mínútna leik. Hún var þá í miklu basli en datt heldur betur í gírinn með innkomu Bjarka. Mögnuð frammistaða hjá honum í sínum öðrum leik á stórmóti.

„Ég gerði bara mitt besta. Það var samt ekki alveg nóg. Við hefðum þurft að vinna einn bolta í viðbót. Það vantaði svo lítið upp á. Við verðum að læra af því,“ sagði varnartröllið eftir að blaðamaður hafði hrósað honum í hástert fyrir sinn leik. „Það var hrikalega leiðinlegt að fá á sig þetta lokamark. Við vorum að loka ágætlega og sækja menn út. Ég veit ekki alveg hvað gerðist. Ég var bara á fullu.“ Bjarki fékk að spila síðustu þrettán mínúturnar gegn Noregi og gerði það vel. Hann fékk mun meiri tíma núna og sýndi og sannaði að honum er meira en treystandi fyrir verkefninu. „Það hefði verið skemmtilegra að vinna en þetta fer í reynslubankann hjá mér. Það er gott að vera komnir áfram en við vildum allir meira. Það var líka þvílík stemning í húsinu og ég fékk svakalega gæsahúð þegar áhorfendur sungu þjóðsönginn fyrir leikinn.“ - hbg



**STÓÐ SIG VEL** Bjarki Már Gunnarsson átti mjög góða innkomu í íslensku vörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KAFLASKIPT** Aron Rafn varði ágætlega en vildi gera betur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Ég var ekkert sérstakur

**HANDBOLTI** Aron Rafn Eðvarðsson kom af bekknum í gær eftir að Björgvin hafði ekki náð að verja skot. Aroni gekk líka illa en þegar átti að taka hann af velli þá komst hann loks í gang.

„Bjöggi spurði hvort ég vildi eina sókn í viðbót og ég sagði að sjálfsögðu já. Þá varði ég tvö skot og fékk að hanga inn á,“ sagði Aron Rafn og glotti við tönn. Hann átti ágætis leik í síðari hálfleik en var engu að síður ekki nógu sáttur við eigið framlag.

„Þetta var frekar kaflaskipt hjá mér. Mér fannst þetta ekkert sérstakt. Vörnin var samt góð og ég verð að hrósa henni. Það var frekar pirrandi að fá á sig þessi mörk frá Ancsin því hann skaut alltaf í sama hornið.“ - hbg



**ÁTTA MÖRK OG ÁTTA STOÐSENDINGAR** Aron Pálmarsson kom aftur inn í íslenska liðið og var allt í öllu í sóknarleik liðsins. Hér skorar hann eitt af átta mörkum sínum en Aron kom alls að sextán mörkum íslenska liðsins í leiknum. Aron fékk því miður tveggja mínútna brottrekstur fyrir lokasókn íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Haltrandi inn í milliriðilinn

Strákarnir okkar eru búnir að tryggja sig áfram inn í milliriðil á EM í handbolta eftir dramatískt jafntefli gegn Ungverjum í gær. Meiðslum hrjáð lið Íslands sýndi mikinn karakter og var ekki fjarri sigri í lokin.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is
Daníel Rúnarsson
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** Lokatölurnar í gær voru ansi kunnuglegar. 27-27 voru lokatölurnar gegn Ungverjum á ÓL rétt eins og í gær. Nú var aftur á móti engin framlenging og liðin skiptu því með sér stigunum.

Það var langt frá því að vera sami kraftur í íslenska liðinu í upphafi þessa leiks og gegn Noregi. Ekki sama vinnsla né brjálæði í gangi. Markvarslan var fyrir vikið nákvæmlega engin. Gabor Ancsin, sem leysti Laszlo Nagy, af hólmi fór mikinn í sóknarleiknum og Ungverjar voru með fjögurra marka forskot, 4-8, eftir tíu mínútur.

Þá kom Bjarki Már Gunnarsson í vörnina í stað Vignis Svavarssonar og það breytti miklu. Vörnin hrökk í gírinn. Hún vann marga bolta og það fleiri en markverðirnir vörðu. Aron Rafn lét aðeins til sín taka eftir að það átti að skipta honum af velli. Björgvin byrjaði og náði ekki að verja skot.

### Ótrúlega vel sloppið í hálfleik

Sóknarleikurinn var oft á tíðum fullhægur og strákarnir létu Mikler í marki Ungverja verja ellefu skot frá sér.

Þrátt fyrir nánast enga markvörslu, lélega nýtingu manni fleiri og mistækan sóknarleik var Ísland aðeins einu marki undir í hálfleik, 15-16. Það var ótrúlega vel sloppið og gaf ágætis fyrirheit fyrir seinni hálfleikinn. Strákarnir áttu mikið inni.

Seinni hálfleikur byrjaði mikið betur. Vörnin sterk sem fyrr og Aron komst í gang í markinu. Liðið fékk aðeins á sig eitt mark á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks, skoraði fimm mörk í röð og komst yfir 20-17. Þá komu Ungverjar til baka og eftir það héldust liðin í hendur út leikinn.

Ísland fékk lokatækifæri til þess að klára leikinn en skot Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar fór í vörnina og leiktíminn rann út skömmu síðar. Alls ekki nógu vel útfært hjá íslenska liðinu.

Ungverjar eru með hörkulið og spiluðu flotta vörn á okkar menn í gær. Engu að síður var svekkjandi að klára ekki leikinn þar sem tækifærið var fyrir hendi.

Það var algjörlega grátlegt að fylgjast með því hversu illa strákunum gekk að spila einum fleiri. Ungverjar voru út af í sextán mínútur og það nýttu þeir sér engan veginn. Það var blóðugt. Of fáir þorðu að taka af skarið.

Bjarki Már var frábær í leiknum. Hann kom inn eftir um tíu mínútur og batt vörnina saman en hún varði fjölda skota. Aron bar sóknarleikinn uppi allt of lengi. Ásgeir fann sig ekki nægilega vel og Rúnar hefði að ósekju mátt spila meira fyrir utan. Markvarslan var heldur ekki nógu góð.

### Gríðarleg barátta og þrautseigja

Staðan var sú að við spiluðum með tvær laskaðar skyttur í gær, Aron og Arnór. Einnig var skytta í horninu þar sem Þórir meiddist snemma.

Liðið á hrós skilið fyrir gríðarlega baráttu og þrautseigju. Það var ekki sjálfgefið að það kæmist áfram í þessu móti og segir meira en margt um karakter liðsins að leikmenn séu þrátt fyrir það hundfúlir með að hafa ekki náð tveimur stigum.



**FÓRNAR SKROKKNUM** Aron Pálmarsson í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Líkaminn finnur fyrir þessu

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson bar sóknarleik íslenska liðsins á herðum sér lengi vel í gær þrátt fyrir meiðsli. Hann var með kælingu á sér frá hné og niður eftir leikinn.

„Ég er ágætur í þessu ef ég á að vera hreinskilinn. Þetta var svolítið mikið í dag en það er ekkert farið eða neitt. Ísinn er bara til að kæla enda ekki alveg heill,“ sagði Aron en hvað með Spánarleikinn?

„Líkaminn er ekkert að fíla að ég sé að spila svona mikið og lætur mig vita af því. Það verður að koma í ljós hvað ég get spilað mikið gegn Spáni.“ - hbg

## EM Í HANDBOLTA

### A-RIÐILL

**MAKEDÓNÍA - TÉKKLAND 24-24 (10–11)**
**AUSTURRÍKI - DANMÖRK 29-33 (12-18)**

**Stigin í riðlinum:** Danmörk 4, Austurríki 2, Makedónía 1, Tékkland 1.

### B-RIÐILL

**NOREGUR - SPÁNN 25-27 (8-12)**
**Bjarte Myrhol 7, Espen Lie Hansen 4, André Lindboe 4 - Víctor Tomás 8, Joan Cañellas 7.**

**ÍSLAND-UNGVERJAL. 27-27 (15-16)**

**Mörk Ísland (skot):** Aron Pálmarsson 8 (13), Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (7/1), Rúnar Kárason 4 (7), Arnór Atlason 3 (7), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (7), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (1), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (2),

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 11/1 (29/2, 38%), Björgvin Páll Gústavsson (9, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 5 (Guðjón Valur 2, Aron, Ásgeir Örn, Bjarki Már )

**Fiskuð víti:** 1 ( Arnór Atlason)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Ungverjalands (skot):** Gábor Ancsin 7 (9), Máté Lékai 4 (5), Gergo Iváncsik 4 (6), Gábor Császár 4/1 (9/2), Szabolcs Zubai 3 (3), Barna Putics 2 (3), Péter Gulyás 2 (4), Kornél Nagy 1 (1).

**Varin skot:** Roland Mikler 11 (30/1, 37%), Péter Tatai 2 (10, 20%),

**Hraðaupphlaup:** 4 (Szabolcs Zubai 2, Máté Lékai 1, Gergo Iváncsik 1).

**Stigin í riðlinum:** Spánn 4, Ísland 3, Ungverjaland 1, Noregur 0.

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!
Fjarnám 1. 2. og 3. stigs ÍSÍ í þjálfaramenntun hefst í febrúar nk. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar!
Skráning á **namskeid@isi.is** eða í síma 514-4000.
Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is
Sjá einnig á **www.isi.is**


Þú gætir eignast nýjan Citigo ef þú drífur bílinn í skoðun!
GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM
HAPPDRÆTTI
Þeir sem koma með bílinn í skoðun hjá Frumherja eiga möguleika að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út þ. 1. júlí 2014.
IS SKODA CITIGO
Aðalvinningur er splunkunýr Skoda Citigo árg. 2014
BETRI STOFAN
JA 321
IS JA 14 2014 321
Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.
32
SKOÐUNARSTÖÐVAR UM LAND ALLT
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.25
### Kolla

Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

## Í KVÖLD



### Örlagadagurinn

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.15** Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þess.



### EM-stofa

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.40** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistarmótinu í handknattleik 2014.



### Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking

**SKJÁR EINN KL. 19.50** Gætir þú hugsað þér betri matreiðslukennara en sjálfan Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.

## X-ið 977 kl. 07.00
### Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 7 til 10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




Riiiiiiiisa ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY®

LA-Z-BOY 20-30% AFSLÁTTUR





20% AFSLÁTTUR

359.990

FULLT VERÐ: 449.990

LARAMIE Hornsófi. Brúnt microfiber. D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri

EITT SÍMANÚMER 558 1100

www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Masterchef USA**
**11.05** **Spurningabomban**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mike and Molly**
**13.20** **Chuck**
**14.05** **Up All Night**
**14.25** **Suburgatory**
**14.50** **Tricky TV**
**15.15** **Sorry I've Got No Head**
**15.45** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.05** **Kalli kanína og félagar**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Middle** *(8:24)*
**20.05** **2 Broke Girls** *(22:24)*
**20.25** **Kolla** Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
**20.50** **The Face** *(2:8)*
**21.35** **Lærkevej** *(5:12)* Skemmtileg, dönsk þáttaröð með blöndu af gamni og alvöru.
**22.20** **Touch** *(7:14)*
**23.05** **Person of Interest**
**23.50** **NCIS. Los Angeles**
**00.35** **Winged Creatures**
**02.05** **Sunshine Cleaning**
**03.35** **The Burrowers**
**05.10** **The Middle**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Fulham - Norwich**
**14.00** **Meistaradeild Evrópu. Bayer Leverkusen - Man. Utd.**
**15.45** **Spænsku mörkin**
**16.15** **Atletico - Barcelona**
**17.55** **NB90's. Vol. 5** Skemmtilegur þáttur um NBA á 10. áratugnum.
**18.20** **Fulham - Norwich**
**20.00** **Man. City - Blackburn** Bein útsending
**22.05** **Man. City - West Ham**
**23.45** **Man. City - Blackburn**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.30** **Newcastle - Man. City**
**13.10** **Tottenham - Crystal Palace**
**14.50** **Messan**
**16.10** **Football League Show**
**16.40** **Southampton - WBA**
**18.20** **Fulham - Sunderland**
**20.00** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.55** **Messan**
**22.15** **Hull - Chelsea**
**23.55** **Man. Utd. - Swansea**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur,tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**17.55** **Bunheads**
**18.40** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.50** **Baby Daddy** *(2:10)*
**20.10** **The Carrie Diaries** *(9:13)*
**20.50** **Arrow** *(9:23)*
**21.35** **Sleepy Hollow** *(9:13)*
**22.20** **Shameless** *(6:12)*
**23.10** **The Tudors**
**00.00** **Junior Masterchef Australia**
**00.50** **Baby Daddy**
**01.10** **The Carrie Diaries**
**01.50** **Arrow**
**02.35** **Sleepy Hollow**
**03.20** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.46** Hvellur keppnisbíll **07.56** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Brunabílarnir **08.43** Latibær **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Skógardýrið Húgó **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.46** Hvellur keppnisbíll **11.56** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Brunabílarnir **12.43** Latibær **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Skógardýrið Húgó **13.23** Elías **13.34** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.46** Hvellur keppnisbíll **15.56** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Brunabílarnir **16.43** Latibær **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Skógardýrið Húgó **17.23** Elías **17.34** Ævintýraferðin **17.47** UKI **17.52** Tommi og Jenni **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Lína Langsokkur **20.15** Sögur fyrir svefninn

## 2 GULL

**18.05** **Strákarnir**
**18.30** **Friends**
**18.55** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(3:24)*
**20.45** **Matur og lífsstíll**
**21.15** **Örlagadagurinn** *(28:30)*
**21.50** **Cold Feet 5** *(2:6)*
**22.35** **Prime Suspect 6** *(2:2)*
**00.15** **Svínasúpan**
**00.40** **Ástríður**
**01.05** **Steindinn okkar**
**01.30** **Atvinnumennirnir okkar**
**02.00** **The Drew Carey Show**
**02.25** **Curb Your Enthusiasm**
**02.50** **Matur og lífsstíll**
**03.20** **Örlagadagurinn**
**04.00** **Cold Feet 5**
**04.45** **Prime Suspect 6**

## 2 BÍÓ

**11.30** **Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**13.10** **The Devil Wears Prada**
**15.00** **Mirror Mirror**
**16.45** **Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules**
**18.25** **The Devil Wears Prada**
**20.15** **Mirror Mirror**
**22.00** **Bridesmaids**
**00.05** **Wanderlust**
**01.45** **Rise Of The Planet Of The Apes**
**03.30** **Bridesmaids**

## RÚV

**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Finnbogi og Felix**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Herkúles**
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Dýralæknirinn**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.00** **EM í handbolta - Pólland-Frakkland** Bein útsending frá seinni hálfleik í leik Pólverja og Frakka á EM í handbolta í Danmörku.
**20.40** **EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistarmótinu í handknattleik 2014.
**21.00** **Fisk í dag** Skemmtilegir og fræðandi þættir þar sem Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari fær ungling sér til aðstoðar í eldhúsið.
**21.15** **Neyðarvaktin** *(9:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Diana Damrau og Xavier de Maistre** Upptaka frá tónleikum á Listahátíð 2013. Stjórn upptöku. Helgi Jóhannesson.
**00.05** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.35** **Once Upon a Time**
**17.25** **Dr. Phil**
**18.10** **Family Guy**
**18.35** **Parks & Recreation**
**19.00** **Cheers**
**19.25** **America's Funniest Home Videos**
**19.50** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(1:20)*
**20.20** **Sean Saves the World** *(2:18)*
**20.45** **The Millers** *(2:13)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**21.10** **Franklin & Bash - NÝTT** *(1:10)* Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
**22.00** **Blue Bloods** *(2:22)*
**22.50** **CSI Miami**
**23.40** **The Walking Dead**
**00.30** **CSI. New York**
**01.20** **How to be a Gentleman**
**01.45** **Excused**
**02.10** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.30** PGA Tour 2014 - Highlights **12.25** Feherty **13.10** PGA Tour 2014 **16.40** Tvöfaldur skolli **17.15** Tvöfaldur skolli **17.50** PGA Tour 2014 - Highlights **18.45** Inside The PGA Tour 2014 **19.10** European Tour 2014 **22.10** Feherty **22.55** Tvöfaldur skolli **23.30** Tvöfaldur skolli

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Appelsín
Íslandsbanki
ÍSLAND GOT TALENT
Ísland Got Talent™ FremantleMedia Ltd & Simco Ltd
Ævintýrið hefst 26. janúar á Stöð 2
Hæfileikaríkir Íslendingar láta ljós sitt skína þegar sjónvarpsviðburður vetrarins fer í loftið í janúar. Auðunn Blöndal er þáttastjórnandi en dómarasætin skipa þau Bubbi Morthens, Þorgerður Katrín, Þórunn Antonía og Jón Jónsson.
Internet og heima
Skemmtipakkinn
7.990 kr.
+ 0 kr.
180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum
Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!
Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild á aðeins 7.990 kr.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!
Tilboðið býðst út janúar.
Krakka stöðin
GULL STÖÐIN
BÍÓ STÖÐIN
Popp Tíví
Skoðaðu málið á 365.IS

**BESTI BITINN**



**„Garðurinn á Klapparstíg er grænkeravænn, og endurnærandi. Eins og að stinga sér til sunds í hugleiðsluparadís."**

Salóme R. Gunnarsdóttir leikkona.

# Heldur áfram bjartsýn þrátt fyrir innbrot

Fatahönnuðurinn Bergrún Ósk Ólafsdóttir fær skaðann ekki bættan. Hún gefst ekki upp þó á móti blási.

Brotist var inn í verslun Bergrúnar Óskar Ólafsdóttur fatahönnuðar rétt fyrir jólin. Hún ákvað að halda ótrauð áfram þrátt fyrir að fá stuldinn ekki bættan og hefur nú opnað glænýja verslun og vinnustofu, BeMonroe, á Nýbýlavegi 8 í Kópavogi.

„Lagerinn var hirtur. Það var brotist inn að næturlagi. Þeir pikkuðu meira að segja út stærðir en þeir tóku bara small og medium," útskýrir Bergrún sem saumar alfarið sjálf og selur í versluninni sem hún stofnaði fyrir fjórum árum.

„Aðkoman eftir innbrotið var þannig að ég fattaði ekki hvað gerðist en sá að það vantaði alla jakkana og leggingsbuxurnar og ég bara snerist í hringi. Eins og lögreglan sagði þá taka þeir oft stóran part og koma svo aftur seinna en þeir hafa ekki komið aftur. Ég fékk sjokk og fannst líka rosalega mikið brotið á mér andlega og vinnulega vegna þess að ég hanna og sauma allar mínar flíkur sjálf og þarna fór margra vikna vinna í súginn. Ég var ekki tryggð fyrir þessu. Ég fékk ekkert bætt. Ég þurfti bara að byrja upp á nýtt. En í dag er ég með tvöfalda tryggingu og þjónustu frá Securitas," segir hún reynslunni ríkari.

„Ég auglýsti eftir þýfinu á Facebook en ekkert kom út úr því. Ég ákvað að ég myndi ekki láta þetta stoppa mig í því að opna verslun hérna sem er langþráður draumur hjá mér. Ég ákvað að láta ekki óféti út í bæ eyðileggja fyrir mér. Nú er ég búin að opna hérna og er á fullu að hanna og sauma. Ég á góða að – það bjargaði jólunum hjá mér." - eá



**KJARNAKONA** Bergrún lætur ekkert stoppa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HÖRMUNGARDAGAR** Esther Ösp er aðfluttur íbúi á Hólmavík. MYND/ VILHELM GUNNARSSON.

## Vill sjá fólk kveljast

Esther Ösp Valdimarsdóttir, tómstundafulltrúi í Strandabyggð, stendur að nýrri menningarhátíð á Hólmavík sem fer fram í febrúar og nefnist Hörmungardagar.

„Ég flutti úr höfuðstaðnum út á land í leit að eymd, því ég hef svo gaman af því að sjá fólk kveljast," segir Esther Ösp. „Síðan var hér bara eintóm hamingja. Á Hólmavík eru haldnir Hamingjudagar í júní. Í Fréttablaðið var meira að segja skrifuð frétt í fyrra með fyrirsögninni: „Héðan flytur enginn." Ég varð fyrir vonbrigðum með alla þessa hamingju," segir Esther Ösp.

„Þetta var ekki sú stemning sem ég var að leita eftir, þannig að ég tók málin í mínar hendur og ákvað að stofna Hörmungardaga, sem verða haldnir í febrúar. Markmiðið er að breyta ásýnd staðarins þannig að hann verði meira eins og ímynd mín af landsbyggðinni áður en ég flutti."

Dagskrá Hörmungardaga er tileinkuð heimsharminum. „Öll atriði eru enn í gerjun, en braggablús verður spilaður í bragganum hérna, sem er frábær tónlistarstaður. Síðan verður morðgátukvöld. Grunnskólinn í Hólmavík sviðsetur flóttamannabúðir, og leikfélagið ætlar að sýna einþáttung úr harmleik. Öllum er frjálst að taka þátt og túlka þemað eftir sínu höfði." Hörmungardagar verða haldnir 14.-16. febrúar á Hólmavík.



**EINAR GUNN** Einar Gunn tók upp nafnið eftir að hafa gefist upp á því að kenna Bandaríkjamönnum að bera fram eftirnafn sitt. MYND/ÚR EINKASAFNI




**AF SETTINU** Einar Gunn ásamt leikaranum Wendell Pierce, og fleiri myndir af tökustað. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Var innlyksa í auglýsingabransanum í tuttugu ár

Hinn íslenski Einar Gunn leikur hlutverk prests í The Micheal J. Fox Show á dagskrá Stöðvar 2 annað kvöld.

„Það hefur enginn leikari neitt upp úr neinu. Nema að maður sé Tom Cruise," segir Einar Gunn leikari léttur í bragði en hann leikur hlutverk prestsins í sjónvarpsþættinum The Michael J. Fox Show sem sýndur verður á Stöð 2 annað kvöld.

„Ég leik prest sem stendur fólk að því að vera að gera eitthvað af sér í söfnun á matvöru fyrir bágstadda. Þetta er þakkargjörðarþátturinn þeirra," segir Einar, en lætur ekki meira uppi.

„Þetta er ósköp lítið hlutverk – en ég vona auðvitað að það verði að einhverju meiru," bætir Einar við.

„Ég flutti til Bandaríkjanna árið 1985 og fór í Parsons School of Design. Ég varð innlyksa í auglýsingabransanum í rúm tuttugu ár þangað til mér var loksins sagt upp eftir einum of margar sameiningar á fyrirtækjum. Ég hafði lifað margar af, en þarna var komið að mér," segir Einar og hlær.

„Þannig datt ég óvart út í leiklist og er búinn að vera að vinna við þetta í sex ár," heldur hann áfram.

Hann er þó ekki alveg hættur í auglýsingabransanum.

„Ég vinn einhver verkefni heiman frá mér, en annars er ég svo vel giftur að eiginkona mín sér fyrir mér," bætir Einar við og hlær, en hún starfar sem fjármálastjóri í fyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í því að flytja íslenskan fisk til Bandaríkjanna.

Einar hefur þó leikið talsvert á þessum sex árum og lék til að mynda í sýningu sem var sýnd á Broadway og heitir A Man for All Seasons. Auk þess hefur hann leikið í internet-seríunni Pioneer One, og The Men Who Built America á History Channel.

> **Ég vinn einhver verkefni heiman frá mér, en annars er ég svo vel giftur að eiginkona mín sér fyrir mér.**

„Hlutverkið á Broadway var algjört glópalán," segir Einar kíminn, en bætir við að lokum að Íslendingar gætu helst þekkt hann sem Grillgoðann úr grillauglýsingum Goða.

olof@frettabladid.is

22. jan. er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana. Sýnum ábyrgð og greiðum atkvæði

FLÓABANDALAGIÐ EFLING STÉTTARFÉLAG V.L.F. HLÍF VSFK

ATH! Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 18. janúar




PIPAR\TBWA • SÍA • 140031

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT Í KÖBEN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á leiðinni til Indlands

**Erla Tryggvadóttir,** fyrrverandi útvarpskona og sjónvarpskona á RÚV, brosir breitt um þessar mundir en hún fékk aldeilis ævintýralegan glaðning þegar hún var dregin út í 10 ára afmælisleik veitingastaðarins Austurlandahraðlestarinnar. Erla skrifar á Facebook-síðu sína í gær: „Okey, krakkar. Ég vann ferð fyrir tvo til Indlands! Ég tók þátt í leik hjá Austurlandahraðlestinni og vann!! Vúhú!" Erla starfar sem viðskiptastjóri og textasmiður á auglýsingastofunni Brandenburg.



- mm

### Öll gistipláss uppseld

Uppselt er í gistingu á tónlistarhátíðinni All Tomorrow's Parties, eða ATP Iceland, og samt sem áður er meira en hálft ár í viðburðinn.

Hátíðin verður haldin í annað sinn á Ásbrú í júlí næstkomandi. Hægt var að panta gistingu á Ásbrú og nú hafa erlendir gestir sem ætla að koma á hátíðina keypt upp allt gistirými.

Í dag eða á morgun munu skipuleggjendur hátíðarinnar tilkynna um næsta holl listamanna sem kemur fram á hátíðinni. Nú þegar er búið að segja frá því að Portishead og Interpol mæti ásamt fjölda íslenskra listamanna, meðal annars **Sóleyju** og Mammút. - ebg



### Mest lesið VÍSIR

1 Lentu á röngum flugvelli
2 Leiðrétta þarmaflóruna með hægðaflutningi
3 Forsætisráðuneytið leitar hjálpar: Þekkir þú einhvern á myndunum?
4 „Ráðherra ætti að biðjast afsökunar"
5 Fangavörður hætti eftir kynferðislega áreitni

RISA ÚTSALA
YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
SJÓNVÖRP ÚTVÖRP
FERÐATÆKI BÍLTÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR
HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR
REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
ÖRBYLGJUOFNAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
ÞVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR
SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR
HELLUBORÐ RYKSUGUR HRÆRIVÉLAR
UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞURRKARAR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

FREYÐANDI FADØL
ILMANDI SMØRREBRØD OG ÍSKALDUR SNAFS
SMÁVERSLANIR Í VESTERBRO
STÓRVERSLANIR Á STRIKINU
BODEGUR FYRIR SUMA
KAFFIHÚS FYRIR ALLA
BAMSE OG KYLLING
ILLUM OG MAGASIN DU NORD
FLÆSKESTEG MED RØDKÅL
PETERSEN´S PØLSEVOGN
PEDE OG STOFFER
ER ÉG AÐ GLEYMA EINHVERJU?
JÚ, H&M AUÐVITAÐ...
VILTU AÐ ÉG HALDI ÁFRAM?

Við getum reddað flugi og gistingu
Þetta verður bara skide godt!
KØBEN FRÁ
10.900 KR.*
Ferðatímabil: janúar til maí
BÓKAÐU NÚNA Á WOW.IS
*Flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.
LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ LOFORÐ WOW
Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur
wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-0127